**ÞÓRUNN MARÍA JÓNSDÓTTIR**

*Á belgískan undragrip með glitrandi ljósum*

• heimili • nám • á ferðinni

**ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS**




**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR**

*Fékk hnút á raddböndin*

Dvaldi á heilsuhæli í Litháen

**FÓLK 30**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. janúar 2009 — 4. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR

### Leggur mikilvægu málefni lið



Halldór Ho fékk viðurkenningu Alþjóðahúss fyrir víetnamska-íslenska tölvuorðabók sem hann samdi.

TÍMAMÓT 16

### Hvað gerist í tónlistinni?



Eberg er einn þeirra sem gefur út plötu á árinu.

FÓLK 24

### Ómenningarvitinn

Hinir gráu álkumbaldar Borgartúnsins líta í skrautlausum og þóttafullum drunga sínum út eins og bankastrákar í yfirstærð, skrifar Guðmunur Andri Thorsson.

UMRÆÐAN 12

### Nýtur sín vel í Kanada



Teitur Þórðarson gerði Vancouver að meisturum á fyrsta ári.

ÍÞRÓTTIR 27

### VEÐRIÐ Í DAG




**DÁLÍTIL VÆTA** Í dag verða norðan 3-8 m/s. Dálítil slydda eða rigning vestan til og stöku él fyrir norðan. Bjart í veðri suðaustanlands. Hiti víða 0-5 stig en vægt frost norðan og norðaustan til síðdegis.

VEÐUR 4








**UNDIRBÚA ÁRÁS** Ísraelskir hermenn hreinsa byssuna á skriðdreka við Gazasvæðið í gær. Að minnsta kosti fimm hundruð Palestínumenn hafa verið drepnir í árásum Ísraelsmanna á Gazaströndinni. Ísraelsmenn höfðu æft innrásina í eina átján mánuði áður en þeir létu til skarar skríða. **Sjá síðu 4.** NORDICPHOTOS/AFP

# Gætu breytt stjórnarskránni og kosið í vor

**Formaður Samfylkingar segir að Alþingi gæti unnið að stjórnarskrárbreytingu í vor og boðað til kosninga í framhaldi af því. Efnahagshrunið hefði verið betri ástæða til stjórnarslita en deilur um þjóðaratkvæðagreiðslu um ESB-viðræður.**

**STJÓRNMÁL** Alþingi gæti farið í stjórnarskrárbreytingar, sem miðuðu að því að innganga í Evrópusambandið samrýmdist stjórnarskrá, strax á vorþingi og boðað til kosninga að því loknu, segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingar.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í blaðinu í gær að það væri einkennileg hugmynd hjá Ingibjörgu að kosið yrði til Alþingis samfara atkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við ESB. Tvö þing þurfi að samþykkja breytingu á stjórnarskrá og ef kjósa eigi til þings samfara þjóðaratkvæðagreiðslu „þá mun þingið ekki fá neitt svigrúm til að fara yfir efnismiklar stjórnarskrárbreytingar“.

Ingibjörg telur að til sanns vegar megi færa að tvennar alþingiskosningar væru dálítið undarleg ráðstöfun. „En ef menn væru fúsir til kosninga í vor mætti alveg gera þær breytingar á stjórnarskránni sem þarf að gera, þannig að niðurstaðan úr þeim lægi einnig fyrir í kosningum.“

Ingibjörg telur enga ástæðu til að ætla að stjórnin springi út af þessu máli. „Ef það er hægt að ná almennri sátt um atkvæðagreiðslu um viðræður setjum við okkur í sjálfu sér ekki á móti því, en þá finnst okkur rökrétt að líta til þingkosninga um leið.“

Yrði útkoma kosninga um aðildarviðræður neikvæð, myndi fólk aldrei vita hvað þeim hefði staðið til boða eftir aðildarviðræður. Það yrði því engin sátt um þá niðurstöðu. Að auki gætu slíkar kosningar snúist um allt aðra hluti en ESB-aðild, svo sem uppgjör við bankahrunið.

Sumir sjálfstæðismenn telja að Samfylkingin nýti sér Evrópumál til að sprengja stjórnina og Ingibjörg nefndi í fréttum RÚV að nægar forsendur hefðu verið fyrir stjórnarslitum aðrar en þau. Spurð um þetta segir hún: „Ég var ekki að tala um stjórnarsamstarfið sjálft. Ég er að vísa til þess að ef einhver hefði verið að leita að ástæðu, þá hefði efnahagshrunið verið næg ástæða.“ Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið við völd síðan 1991 og átt mikinn þátt í þróun mála. Innan Samfylkingar hafi því margir talið hrunið gefa tilefni til slita.

- kóþ / sjá síðu 6

Bjarni Ármannsson:

## Segist vera sjálfum sér reiður

**EFNAHAGSMÁL** „Ég get verið sjálfum mér reiður fyrir að hafa tekið ákvarðanir í uppbyggingu kerfis sem ekki stóðst, en með þeim ákvörðunum verð ég að lifa,“ segir Bjarni Ármannsson, fyrrverandi forstjóri Glitnis, í grein sem hann ritar í Fréttablaðið í dag.



BJARNI ÁRMANNSSON

Í greininni kemur meðal annars fram að Bjarni telji þá sem leiddu mismunandi þætti íslenska fjármálakerfisins hafa skapað of veikan grunn til að standast sviptingar alþjóðlegrar fjármálakreppu. „Þar gerðum við mistök í því að byggja upp of stórt kerfi á of skömmum tíma, reiða okkur á lítinn gjaldmiðil og peningamálastefnu sem ekki gat gengið til lengdar í heimi alþjóðaviðskipta.“

- kg / sjá síðu 14

Danskir listamenn safna fé handa nauðstöddum Íslendingum í Danmörku:

## D-A-D rokkar fyrir Íslendinga

**FÓLK** Stærsta rokksveit Dana, Disneyland after Dark eða D-A-D, er á leið til Íslands og mun halda styrktartónleika fyrir Íslendinga í Danmörku á Nasa 24. janúar. D-A-D var til langs tíma sú hljómsveit sem sló lokataktinn á Hróarskelduhátíðinni og þekkja hana margir Íslendingar.

Tónleikar D-A-D tengjast samtökunum „Because We Care“ en í þeim eru danskir listamenn sem hafa nú þegar safnað átta milljónum króna sem renna til styrktar nauðstöddum Íslendingum, ellilífeyrisþegum og námsmönnum, í Danmörku. Samtökin hafa aðsetur sitt í Íþróttaháskólanum í Árósum. Talsmaður „Because We Care“ er Henrik Lövschall skólastjóri. Hann segist, í samtali við Fréttablaðið, varla hafa trúað sínum eigin augum þegar hann kynntist bágindum Íslendinga í Danmörku. Honum renna þau til rifja. „Maður fær hreinlega í magann við að hugsa um það,“ segir Henrik sem fengið hefur fjölmörg tölvubréf frá fólki sem þakkar samtökunum fyrir stuðninginn. Og Henrik hvetur önnur norræn lönd til að bindast tryggðaböndum til að hjálpa Íslendingum. „Það er alveg merkilegt hvað býr mikill kraftur í þessum þjóðum þegar þær taka höndum saman.“

- jbg / sjá síðu 30







## SPURNING DAGSINS



*Gunnar, er þetta helvíti fokking góður vodki?*

„Hann rennur allavega vel ofan í landann.“

Gunnar Már Pétursson nemi, sem vakið hefur athygli í mótmælum undanfarið fyrir skilti sem á stendur „Helvítis fokking fokk“, hefur búið til sérstakan Haardevodka. Að sögn Gunnars fá einungis útvaldir að dreypa á drykknum górótta.

Iceland Express reynir að kaupa Íslensku ferðaskrifstofuna sem var hætt komin:

# Gera áætlun fyrir nauðstadda

**FERÐAMÁL** Ferðamálastofa vinnur nú að aðgerðaráætlun um hvernig skuli brugðist við þegar ferðaskrifstofur fara í þrot, svo farþegar erlendis geti verið þess fullvissir að þeir komist heim að nýju, segir Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri.

„Við gerum okkur grein fyrir því, vegna þessa ástands sem er í þjóðfélaginu, að þessi fyrirtæki, eins og önnur, geta lent í vandræðum,“ segir Ólöf. Hún minnir á að nú þegar sé ákveðin neytendavernd tryggð með lögum. Hennar stofnun komi ekki að eigendaskiptunum.

> Við gerum okkur grein fyrir því, vegna þessa ástands sem er í þjóðfélaginu, að þessi fyrirtæki eins og önnur, geta lent í vandræðum.
>
> ÓLÖF ÝRR ATLADÓTTIR
> FERÐAMÁLASTJÓRI

Iceland Express hefur skrifað undir viljayfirlýsingu um að kaupa rekstur Ferðaskrifstofu Íslands, segir Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express.

Hann nefnir mikil samlegðaráhrif sem ástæðu fyrir þessu, svo og mikinn samdrátt á markaði. Úr verði sterkt félag sem geti veitt öðrum harða samkeppni.

Ferðaskrifstofan, sem rekur Úrval-Útsýn, Heimsferðir og Sumarferðir, þurfti að fresta flugi til Kanaríeyja í gær vegna greiðsluerfiðleika.

Landsbankinn er lánardrottinn ferðaskrifstofunnar en mun ekki hafa komið beint að viðræðunum. Heimildir herma að samningurinn snúist ekki um niðurfellingu skulda.

Þorsteinn Guðjónsson, forstjóri fyrirtækisins, segist bundinn þagnareiði þar til samningurinn verði staðfestur eftir helgi. **- kóþ**

Glerhál Hellisheiði í gær:

# Talsvert slasaður eftir veltu

**SLYS** Maður um sjötugt var fluttur talsvert slasaður á sjúkrahús í Reykjavík eftir bílveltu á Hellisheiði, við Skíðaskálann í Hveradölum, í gær. Samkvæmt upplýsingum frá slysadeild leið manninum eftir atvikum í gærkvöldi og mun ekki hafa verið í lífshættu. Að sögn vaktstjóra hjá lögreglunni á Selfossi má rekja slysið til mikillar hálku á Hellisheiðinni um miðjan dag í gær.

Fjögur önnur umferðaróhöpp urðu vegna hálkunnar á Hellisheiði í gær. Í öllum tilfellum urðu minniháttar eða engin meiðsli á farþegum bílanna. **- kg**

Ráðgjöf hjá Mími símenntun:

# Staðan styrkt á vinnumarkaði

**MENNTUN** „Við hjálpum fólki að takast á við þær breytingar sem eru í gangi, átta sig á möguleikunum og hvernig það geti styrkt stöðu sína,“ segir Sigríður Dísa Gunnarsdóttir, hjá Mími símenntun, um verkefnið Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað.



SIGRÍÐUR DÍSA GUNNARSDÓTTIR

Tilgangur verkefnisins að veita fólki á vinnumarkaði náms- og starfsráðgjöf, setja sér markmið og gera áætlanir. Símenntastöðvar um land allt annast framkvæmd þess og hafa Mímir og Iðan fræðslustöð atvinnulífsins umsjón með því á höfuðborgarsvæðinu. **-rve/****sjá Allt í miðju blaðsins**

Utanríkismálanefnd Alþingis:

# Ræða ástandið í Palestínu

**UTANRÍKISMÁL** Á fundi utanríkismálanefndar Alþingis í dag verður fjallað um ástandið í Palestínu, farið yfir stöðu mála í deilunni vegna IceSave-reikninganna og rætt hvar málarekstur gegn Bretum er á vegi staddur. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna óskaði eftir fundinum fyrir áramót.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Á fundinum mun Steingrímur meðal annars mæla fyrir því að ríkisstjórn Íslands tilkynni ísraelskum stjórnvöldum að láti þau ekki tafarlaust af aðgerðum sínum og komi á vopnahléi verði stjórnmálasambandi við Ísraelsríki slitið. **- kg**

# Framkvæmdastjórn sökuð um fordóma

**Dagdeild geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri verður lokað um skeið þar til hún sameinast göngudeild. Forstöðumaður dagdeildar segir fréttirnar sláandi og grunar framkvæmdastjórn sjúkrahússins um fordóma gegn geðsjúkum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það blasir við að þarna býr eitthvað annað að baki en sparnaður. Það flögrar að manni að þarna sé um að ræða fordóma framkvæmdastjórnarinnar í garð geðsjúkra, því þeir liggja neðst í píramídanum,“ segir Kristján Jósteinsson, forstöðumaður dagdeildar geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri (FSA). Þann 30. desember síðastliðinn var tilkynnt um þá ákvörðun að loka dagdeildinni í núverandi mynd 31. janúar næstkomandi og sameina rekstur dag- og göngudeildar geðdeildar í nýju húsnæði þann 1. október. Sjö starfsmönnum dagdeildar var afhent uppsagnarbréf sama dag og ákvörðunin var tilkynnt.



**SKÓLASTÍGUR 7** Dagdeild geðdeildar FSA verður lokað hinn 31. janúar næstkomandi, en til stendur að sameina starfsemi dag- og göngudeildar geðsviðs hinn 1. október. Forstöðumaður dagdeildar segir aðgerðirnar sláandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fjárhagsrammi FSA á þessu ári verður þrengri en á síðasta ári sem nemur 250 til 300 milljónum króna. Teknar hafa verið nokkrar ákvarðanir til að bregðast við þeirri lækkun, meðal annars með uppsögnum rúmlega fjörutíu starfsmanna í tuttugu stöðugildum og fyrrgreindri tímabundinni lokun á dagdeild geðdeildar. Geðdeildinni var gert að skera niður kostnað um 17,5 milljónir á árinu 2009.

Kristján segir dagdeildarþjónustu hafa verið helsta vaxtarbroddinn í þjónustu geðdeildarinnar síðustu ár. Starfsfólk deildarinnar sé því slegið yfir lokuninni. „Þetta er auðvitað mikið áfall. Með þessu er verið að færa geðdeildarþjónustu á landsbyggðinni mörg ár aftur í tímann. Auðvitað hefði átt að spara þessa upphæð með því að jafna niðurskurðinum á hinar þrjár deildir geðsviðsins, bráðamóttökudeild, dagdeild og göngudeild. Við lögðum á borð tillögur um 6,5 prósent sparnað án þess að skaða meðferðarkjarnann. Þetta er sláandi,“ segir Kristján, og bætir við að allt að fjörutíu sjúklingar á ári hafi sótt þjónustu á dagdeildina síðustu ár.



HALLDÓR JÓNSSON

Ætlunin hafi verið að fjölga þeim sjúklingum í fimmtíu til sextíu á yfirstandandi ári.

Spurður um hugsanleg úrræði fyrir þennan sjúklingahóp í þá átta mánuði, frá febrúar til október, þar til starfsemi sameinaðrar dag- og göngudeildar á að hefjast er Kristján myrkur í máli. „Það eru engin önnur úrræði. Framkvæmdastjórnin hefur hugmyndir um að hægt sé að sinna þessu fólki á göngudeild, en það eru einungis orðin tóm. Göngudeildin annar ekki eftirspurn eins og staðan er í dag.“

Halldór Jónsson, forstjóri FSA, segir vissulega myndast ákveðið skarð í þjónustu geðdeildar með þessum aðgerðum. Hann vonast til að fyrr en síðar finni menn hinni sameiginlegu einingu ágætan farveg á nýjum stað. „Þetta er ákvörðun sem er tekin sameiginlega með stjórnendum geðdeildar og í henni liggja sannarlega möguleikar. Auðvitað vill enginn gera svona hluti, en menn vega og meta hvað þurfi undan að láta og víkja til hliðar. Þetta er eitt af því,“ segir Halldór Jónsson. **kjartan@frettabladid.is**



**VIÐ HELGIDÓMINN** Pílagrímarnir voru að undirbúa Ashura-hátíðina þegar sjálfsmorðssprengjuárásin var gerð. NORDICHPHOTO/AP

Pílagímar fórust í Írak:

# Sjálfsmorðsárás varð 35 að bana

**BAGDAD, AP Að minnsta kosti 35 sjía-pílagrímar létust í sjálfsmorðssprengjuárás í Bagdad í gær, að sögn yfirvalda þar í borg. Sextíu manns hið minnsta slösuðust í sprengingunni sem varð á Kadhimiya-svæðinu, þar sem pílagrímar höfðu safnast saman fyrir helgiathöfn. Mörg fórnarlambanna voru konur og börn.**

**Sprengingin átti sér stað um ellefu leytið að morgni þegar pílagrímarnir voru að undirbúa Ashura-hátíðina, minningarathöfn um Imam Hussein sem var uppi á sjöundu öld. Ashura-hátíðina ber upp á 7. janúar í ár en tugþúsundir pílagríma safnast saman við helgidóminn.** **- kh**

Fyrrverandi forsætisráðherra:

# Halldór laus úr öndunarvél

**VEIKINDI** Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra Íslands, er á batavegi eftir að hafa verið haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi í tæpar tvær vikur. Halldór er nú laus úr öndunarvélinni, en hann veiktist hastarlega af lungnabólgu fyrir jól og átti erfitt með andardrátt. **- kg**


ÞÉNAÐU Í BANDARÍSKUM DOLLURUM

**Viltu selja vöruna þína í Bandaríkjunum?**

Einstakt sölutækifæri fyrir íslensk fyrirtæki.
Tökum að okkur að markaðssetja og selja íslenskar vörur í U S A.
Milkil þekking á bandaríska markaðnum.

Bjóðum einnig uppá ýmsa þjónustu fyrir íslensk fyrirtæki í U S A.

**Frekari upplýsingar í síma 825 0070**
**eða bravohakon@gmail.com**

***Business beyond borders***

C2C International Services Inc.


Indefence-hópurinn segir stjórnvöld sinnulaus um hagsmuni og ímynd Íslands:

# Stjórnvöld stóðu ekki vaktina

**EFNAHAGSMÁL** „Það er gríðarlegt áhyggjuefni að vaktin skuli ekki hafa verið betur staðin í þessu gríðarlega mikilvæga máli. Við höfum ekki beitt neinum af þeim vopnum sem við höfum og þau eru nokkuð mörg. Við lýsum eftir þeim myndugleika sem einkenndi íslenska ráðamenn í sjálfstæðisbaráttunni,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson skipulagshagfræðingur og einn af forsvarsmönnum Indefence-hópsins. Hópurinn hélt blaðamannafund í gær þar sem stjórnvöld voru borin þungum sökum og sökuð um sinnuleysi í þeirri viðleitni að verja sameiginlega hagsmuni þjóðarinnar í tengslum við skuldir vegna IceSave-reikninga, Kaupþing og beitingu breskra stjórnvalda á hryðjuverkalögum gegn Íslendingum.

Á fundinum komu fram miklar áhyggjur hópsins vegna þess að frestur Kaupþings til að höfða mál á hendur breska ríkinu rennur út á miðvikudag, 7. janúar. Segir Sigmundur allt stefna í að sá frestur renni út án þess að stjórnvöld eða skilanefnd aðhafist nokkuð í málinu. Einnig var bent á að skuldsetning íslenska ríkisins í erlendri mynt yrði með IceSave-ábyrgðum umtalsvert meiri en þegar Argentína lýsti yfir þjóðargjaldþroti fyrir fáum árum.



**ÁHYGGJUR** Indefence-hópurinn segir allt stefna í að fresturinn til að höfða mál á hendur breska ríkinu renni út án þess að stjórnvöld aðhafist nokkuð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jóhannes Þór Skúlason grunnskólakennari og einn af forsvarsmönnum hópsins segir það mikið glapræði að láta slíkt tækifæri úr greipum sér ganga. „Aðalatriðið er í raun ekki hvort málið vinnst eða tapast, heldur að taka slaginn,“ segir Jóhannes. **- kg**



Frí dagbók með öllum pöntunum í janúar

Frí Dagbók 2009

# Office1 Superstore

PÖNTUNARSÍMI 550 4111

# Allt fyrir skrifstofuna

## janúartilboð

Heftarar



Verð frá: 299 kr.



### Möppur

Stílhreinar 5 og 8 sm möppur. 2ja hringja bréfabindi með stálkanti. Til í fjórum litum.



V.nr. 07891840
V.nr. 07891540

Verð áður: 619kr.

**Verð: 299kr.**

52% afsláttur

### Blaðabakkar

Góðir blaðabakkar frá Maped, gott að stafla. Fást í Bláu og svörtu.



V.nr. 56675511

Verð áður: 1.049kr.

**Verð: 299kr.**

71% afsláttur

### Geymslukassar

Geymslukassar frá Rahmqvist. Gott að stafla saman. Ótrúlega sterkir, þú getur staðið á honum án þess að hann falli saman.

V.nr. 77335283



Verð áður: 899kr.

**Verð frá: 450kr.**

50% afsláttur

### Styb áherslupennar

Góðir áherslupennar í hefðbundinni pennastærð frá Styb. Til í fjórum litum, bleikur, gulur, grænn og orange



V.nr. O1-05787199*

Verð áður: 140kr.

**Verð: 40kr. stk.**

75% afsláttur

Gatarar



frá 599kr.

### 50stk Papermate pennar

Mjög góðir pennar frá Papermate. 50 í pakka.

20 20 5 5



Verð áður: 43kr.

**Verð: 14kr. stk.**

V.nr. 69p0685850

67% afsláttur

### Skrifborðsstóll

Fabric skrifborðsstóllinn er með arma og er með fóðruðu baki og setu. Hæðarstillir (45-55xm). Nylon Hjól.



V.nr. 684wt-220*

Verð áður: 24.990kr.

**Verð: 9.990kr.**

60% afsláttur

## Fyrirtækjaþjónustan



Í fyrirtækjaþjónustu Office1 starfa einstaklingar með mikla þekkingu á skrifstofu- og rekstrarvörum. Við hlustum á viðskiptavini okkar og gerum okkar besta til þess að mæta kröfum þeirra. Hafðu samband og fáðu upplýsingar um hvernig við getum sparað þér peninga, tíma og fyrirhöfn.

**Hringdu og pantaðu í síma 550 4111**




Skeifan - Smáralind - Kringlan - Hafnarfjörður - Selfoss - Vestmannaeyjar - Egilsstaðir - Akureyri - Ísafjörður

## GENGIÐ 02.01.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,00 | 121,58 |
| Sterlingspund | 175,74 | 176,60 |
| Evra | 168,69 | 169,63 |
| Dönsk króna | 22,637 | 22,769 |
| Norsk króna | 17,338 | 17,440 |
| Sænsk króna | 15,570 | 15,662 |
| Japanskt jen | 1,327 | 1,3348 |
| SDR | 185,86 | 186,96 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,1348

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Umhverfisráðherra tjáir sig ekki um hvort Samfylking hefði getað komið í veg fyrir álver í Helguvík:

# Þurfum sértækar aðgerðir í kreppunni

**VIRKJANIR** Umhverfisráðherra er ekki ósátt við ákvörðun iðnaðarráðherra um að láta staðfesta fjárfestingasamning vegna allt að 360.000 tonna álvers í Helguvík.

Össur Skarphéðinsson greindi frá því í blaðinu á laugardag að hann hefði tekið þessa ákvörðun í lok síðasta árs og að hún væri forsenda þess að erlendir bankar veittu lán til framkvæmda þar.

Þórunn var spurð hvort þetta þýddi ekki að Samfylkingin hefði getað komið í veg fyrir álversframkvæmdirnar. Svarar hún því til að löngu hafi verið búið að taka ákvörðun um álverið og öll leyfi hafi legið fyrir. En fjármögnun verkefnisins hafi verið komin í uppnám og samningurinn snúist um niðurfellingu gjalda og skattaívilnanir.

„Það er vissulega umdeilanlegt hvort ríkisvaldið eigi að beita sér með þessum hætti. En við þurfum að horfast í augu við þá erfiðu staðreynd að Ísland hefur ekki þann lánstraust sem það hafði áður og þá þurfum við að beita sértækum aðgerðum. Ég er þeirrar skoðunar að eins og staðan er núna í íslensku efnahagslífi beri ríkisvaldinu að hafa atvinnustefnu sem miðar að því að laða erlenda fjárfesta að landinu. Þetta gæti verið fordæmi fyrir fleiri slíka gjörninga, allra handa atvinnustarfsemi.“ Aðspurð segist Þórunn hvorki vera að tala um að fleiri álver verði samþykkt né að Helguvíkurálverið sé æskilegt sem slíkt.

Samningurinn hafi verið kynntur fyrir sér og ríkisstjórn, en Þórunn svarar ekki hvort nokkur mótmæli hafi verið við honum. Engin ný ákvörðun hafi verið tekin nú. **- kóþ**



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR** Þórunn styður sértækar aðgerðir til að laða erlenda fjárfesta að landinu. Iðnaðarráðherra hefur ákveðið að ívilna álfyrirtæki.

Framkvæmdastjóri SI:

## Allir munu sitja við sama borð

**ATVINNULÍF** Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins (SI), segir því ekki verða unað ef í ljós komi tilburðir í þá átt til að afgreiða vanda einnar atvinnugreinar eða einstakra fyrirtækja með öðrum hætti eða á kostnað annarra. Vísar Jón Steindór til orða alþingismannsins Árna Johnsen í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni um að öruggt mál sé að afskrifa þurfi hluta af skuldum í sjávarútvegi. Þetta kemur fram í frétt á vef SI.

Jón Steindór segur allt kapp verða lagt á að jafnræðis sé að fullu gætt í því uppbyggingarstarfi sem í hönd fari. Allir verði að sitja við sama borð. **- kg**

Bátur sökk í Nepal í gær:

## Tveir látnir og fjölda saknað

**NEPAL, AP Tveir hafa fundist látnir og tuga er saknað eftir að bátur sökk í ánni Saptakosi í Nepal í gær. Flestir farþeganna voru konur og börn, en mun fleiri voru í bátnum en leyfilegt var.**

**Talið er að rúmlega 50 manns hafi verið um borð í bátnum en nákvæm tala liggur ekki fyrir. Aðeins fjórtán var bjargað á lífi úr ánni. Bátar hafa orðið nauðsynlegur ferðamáti í austurhluta Nepals eftir að mikil flóð á síðasta regntímabili rufu vegi og skemmdu brýr.** **- þeb**

**LÖGREGLUMÁL**

### Leitað að bíl og eiganda

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar að bifreið með númerinu UZ-654. Bíllinn er af gerðinni Volkswagen Transporter frá árinu 1994. Síðast sást til eiganda hans á nýársdag og óttast er um hann. Þeir sem vita um ferðir bílsins eru beðnir að hafa samband við lögreglu í síma 444-1100.

# Yfir 500 Palestínumenn látnir í árásum Ísraela

**Minnst 37 óbreyttir Palestínumenn hafa látist frá því Ísraelar gerðu innrás á Gaza á laugardagskvöld. Yfir 500 Palestínumenn hafa verið drepnir á níu dögum. Forseti Ísraels segir vopnahlé ekki koma til greina.**

**GAZA, AP** Ísraelskir hermenn hafa skipt Gazasvæðinu í tvennt með því að umkringja Gazaborg, stærstu borg svæðisins. Herinn færði sig lengra inn á Gaza í gær eftir að hafa ráðist þar inn á laugardagskvöld.

Að minnsta kosti 37 óbreyttir Palestínumenn féllu þegar innrásin var gerð, að sögn heilbrigðisyfirvalda á Gaza. Tæplega fimm hundruð Palestínumenn hafa fallið í árásum Ísraela síðustu níu daga. Að sögn Sameinuðu þjóðanna er að minnsta kosti fjórðungur hinna látnu óbreyttir borgarar, þar á meðal mörg börn. Að auki hafa 2500 manns slasast. Á sama tíma hafa fjórir Ísraelar látið lífið í loftárásum Palestínumanna og tveir særst lítillega. Þrjátíu eldflaugum var skotið á loft í gær. Einn ísraelskur hermaður lést í gær og um þrjátíu særðust.

Shimon Peres, forseti Ísraels, hefur sagt að ekki komi til greina að hætta hernaði en að ætlunin sé ekki að hernema Gaza til lengri tíma. Þá tjáði forsætisráðherrann Ehud Olmert sig um málið í fyrsta sinn. Hann sagði að innrásin hefði verið síðasta úrræði ríkisstjórnarinnar og allt hefði verið reynt áður en til hennar hefði verið gripið. Þá sagði hann að innrásin hefði verið óumflýjanleg.

Margir spítalar á Gazasvæðinu geta ekki sinnt særðum vegna skorts á starfsfólki og nauðsynjum eins og lyfjum. Shifa-spítalinn er sá stærsti í Gazaborg og haft er eftir norskum lækni þar, Erik Fosse, að á síðasta sólarhring hafi sjúklingum fjölgað til muna og að um þriðjungur sjúklinga séu börn. Aðgerðir séu gerðar á göngum spítalans og fólk hafi látist áður en hægt var að sinna því. Í skilaboðum frá öðrum norskum lækni á spítalanum, Mads Gilbert, segir að tuttugu manns hafi látist og áttatíu særst í sprengjuárás á grænmetismarkað í gær. Meðal þeirra hafi verið ófrísk kona og mörg börn.

Gaza er nánast sambandslaust við umheiminn, þar sem yfir nítíu prósent farsíma á svæðinu og margar landlínur eru sambandslausar, að sögn palestínska símafyrirtækisins Paltel. Þá hefur alþjóðlegum blaðamönnum verið bannað að fara inn á svæðið. Einnig hefur landamærunum milli Gaza og Egyptalands verið lokað og því hefur ekki verið hægt að koma birgðum inn á svæðið þaðan.

thorunn@frettabladid.is



### HÖRÐ VIÐBRÖGÐ ALÞJÓÐASAMFÉLAGSINS

Viðbrögð alþjóðasamfélagsins vegna innrásar Ísraela hafa verið mikil. George Bush Bandaríkjaforseti hefur kennt Hamas-samtökunum alfarið um ástandið og Tékkar sögðu árásir þeirra vera varnaraðgerðir. Þeir báðu þó Ísraela um að leyfa neyðaraðstoð á svæðinu.

Evrópusambandið tilkynnti í gær að þremur milljónum evra yrði veitt í neyðaraðstoð á Gaza.

Á sama tíma var sendinefnd háttsettra embættismanna send til Mið-Austurlanda til þess að reyna að hvetja til vopnahlés.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fundaði á laugardag vegna málsins og Ban Ki-moon, aðalritari SÞ, kallaði eftir því að Ísraelar hættu aðgerðum sínum strax.

Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, sagði að þrýstingur frá Bandaríkjunum, Evrópusambandinu og arabaríkjunum væri lykillinn að því að stöðva ofbeldi á Gaza. Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, tók í svipaðan streng en Angela Merkel, kanslari Þýskalands, ræddi við Ehud Olmert og hvatti til vopnahlés.

Tyrkir, Svíar og Norðmenn eru á meðal þeirra sem hafa fordæmt árásirnar, en mótmæli vegna þeirra hafa verið haldin víða á síðustu dögum. Stjórnvöld í mörgum ríkjum fyrir botni Miðjarðarhafs hafa fordæmt árásirnar, þar á meðal í Egyptalandi og Jórdaníu, en það voru einu arabaríkin í Mið-Austurlöndum sem skrifað höfðu undir friðarsamninga við Ísrael.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** Veðurfréttamaður

**VÆGT FROST FYRIR NORÐAN OG AUSTAN** Það verður lítilsháttar úrkoma í dag og á morgun og einnig nokkuð hægur vindur. Á miðvikudag fáum við fremur stífa suðvestanátt með rigningu Vestanlands en ágætis hlýindi verða um allt land.



**Á MORGUN** Hæg suðaustlæg átt, 3-8 m/s.

**MIÐVIKUDAGUR** Stíf suðvestlæg átt allra vestast annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | -2° |
| Billund | -2° |
| Ósló | -7° |
| Stokkhólmur | -5° |
| Gautaborg | -2° |
| London | 4° |
| París | 0° |
| Frankfurt | -2° |
| Friedrichshafen | -5° |
| Berlín | -3° |
| Alicante | 14° |
| Mallorca | 12° |
| Basel | -2° |
| Eindhoven | 3° |
| Las Palmas | 19° |
| New York | 10° |
| Orlando | 27° |
| San Francisco | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

LYFJA

- Lifið heil

www.lyfja.is




ÍSLENSKA SIA.IS LYF 44534 01/09

Það er mál að hætta að reykja því fíknin er lúmskur andstæðingur. Þá getur verið gott að eiga bandamann í Lyfju. Við erum reykingamönnum innan handar þegar sígarettunni sleppir.

Í Lyfju Lágmúla bjóða lyfjafræðingar inngripsmeðferð sem ráðið getur úrslitum í baráttu þinni við löngunina í tóbak. Þeir hjálpa þér að greina vandann, sigrast á vananum og takast á við leiðann sem oft fylgir því að hætta að reykja.

- Í Lyfju Lágmúla býðst þér stutt viðtal við lyfjafræðing eða lyfjatækni sem veitir þér stuðning og hollráð til að hætta að reykja.
- Heilsufarsmælingar, s.s. á blóðþrýstingi og blóðfitu.
- 30% afsláttur er af heilsufarsmælingum til þeirra sem strengt hafa þess heit að hætta að reykja um áramótin.
- Nicorette – reyklausa bókin fæst í öllum apótekum Lyfju.

Tilboð gilda til 15. janúar 2009.

**Við minnum á reyksímann: 800 6030 og reyklaus.is**




**Verðtilboð 4.949 kr.**
á **Nicorette** Fruitmint, 2 mg. tyggjói í 210 stk. pk.

+ Lyfja býður öll lyfjaform Nicorette

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði
Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd

## KJÖRKASSINN



*Var Ólafur Stefánsson verðskuldað valinn Íþróttamaður ársins?*

| | |
|---|---|
| Já | 89,4% |
| Nei | 10,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort farið verði í aðildarviðræður við Evrópusambandið?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningi sínum við heilbrigðisráðuneytið:

# Ráðuneyti borgi laun tilsjónarmanns

**ÚRSKURÐIR** Heilbrigðisráðuneytið á að borga kostnað vegna tilsjónarmanns með verkefni um greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu. Þetta er úrskurður Persónuverndar.

Persónuvernd veitti heilbrigðisráðherra leyfi til að samkeyra persónuupplýsingar frá lyfsölum og heilbrigðisstofnunum með skilyrði um eftirlit löglærðs tilsjónarmanns. Sá tekur 15 þúsund krónur á tímann og gerir nú kröfu á ráðuneytið upp á rúma eina milljón króna og kostnaðurinn fer vaxandi. Heilbrigðisráðuneytið telur að kostnaði vegna tilsjónarmannsins eigi að skipta til helminga milli ráðuneytisins og Persónuverndar. Að auki fari upphæð reiknings tilsjónarmannsins „langt umfram það sem um var rætt“ og að erfitt sé að „koma auga á nauðsyn löglærðs tilsjónarmanns“. Þá gerir ráðuneytið athugasemd við að hafa ekki séð eða haft aðkomu að verksamningi Persónuverndar við tilsjónarmanninn og neitar að greiða reikninginn.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON** Heilbrigðisráðherra fékk umbeðið leyfi fyrir notkun persónuupplýsinga og ráðuneytið á að borga fyrir tilsjónarmann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Persónuvernd segir hins vegar ljóst að stofnunin hafi lagaheimild til að krefja heilbrigðisráðherra um greiðslu alls kostnaðarins. Vegna „hugsanlegs misskilnings“ sé þó sanngjarnt að Persónuvernd greiði helming kostnaðar sem áætlaður var í upphafi, það er að segja 187 þúsund krónur, en að ráðuneytið eigi að borga 822 þúsund af fyrrgreindum reikningi tilsjónarmannsins. **- gar**

Ótti í Indónesíu:

# Fjórir létust í jarðskjálfta

**JAKARTA, INDÓNESÍA AP Að minnsta kosti fjórir létust og tugir slösuðust í jarðskjálftahrinu sem reið yfir austurhluta Indónesíu í gær.**

**Einn skjálftanna, sem var 7,3 á Richter, fannst meðal annars í Ástralíu og olli lítilli flóðbylgju á suðausturströnd Japans.**

**Fyrsti skjálftinn, sem var um 7,6 á Richter, varð klukkan 4.43 að staðartíma um 135 kílómetrum frá Manokwari, stærstu borginni í Papúahéraðinu, og á 22 kílómetra dýpi. Fjölmargir skjálftar fylgdu á eftir.**

**Miklar skemmdir urðu á mannvirkjum í Papúa.** **- kh**


Ný og betri RV tilboð, á nýju ári
- fyrir stofnanir, fyrirtæki og heimili, sem vilja spara og hagræða!

Nýr og lengri opnunartími í verslun RV
mánud og fimmtud 8⁰⁰-21⁰⁰
þriðjud, miðvikud og föstud 8⁰⁰-18⁰⁰
laugard 10⁰⁰-16⁰⁰




Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RVUNIQUE 010901


# Sjálfstæðismenn ræða stjórnarslit

**Þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins ræða um hugsanleg stjórnarslit. Telja að Samfylking noti Evrópumálin til að slíta samstarfinu. Ágreiningur kom einnig í ljós í gær þegar ljós varð gjörólík afstaða talsmanna flokkanna til Palestínu.**

**STJÓRNMÁL** Þrír þingmenn sjálfstæðismanna ræddu stjórnarslit um helgina, í ljósi ágreinings stjórnarflokkanna um utanríkismál, sérstaklega ólíkar áherslur um Evrópuaðild.

Deilt er meðal annars um hvort halda skuli alþingiskosningar samhliða þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort í aðildarviðræður skuli farið. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, telur eðlilegt að gera hvort tveggja á sama tíma, en Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokks, sagði hugmyndina einkennilega í blaðinu í gær.

Dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, rifjar upp deilur um varnarsamninginn á heimasíðu sinni: „Er áhersla Samfylkingarinnar á [Evrópumálin] í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn aðeins leið til að skapa átyllu til stjórnarslita og kosninga? Er hið sama að gerast og á sínum tíma, þegar vinstri menn notuðu varnarmál til að útiloka samstarf við Sjálfstæðisflokkinn?“ spyr Björn. Evrópumálin virðist geta orðið „hættuleg fyrir núverandi stjórnarsamstarf og framhald þess“ segir hann á öðrum stað.

Ármann Kr. Ólafsson þingmaður heldur því fram á heimasíðu sinni að þrýstingur Samfylkingar á Sjálfstæðisflokkinn sé ef til vill af annarlegum hvötum, enda sé sem stendur engin leið til að vinna að ESB-aðild nema með Sjálfstæðismönnum. Ingibjörg virðist því vinna gegn ESB-umsókn: „Hefur Ingibjörg eitthvert annað markmið en það sem fram kemur á yfirborðinu? Ef svo er þá sjá landsmenn allir að erfitt að halda saman ríkisstjórn á slíkum forsendum“, segir hann.

**BJÖRN, ÁRMANN KR. OG SIGURÐUR KÁRI** Hafa allir rætt um hugsanleg stjórnarslit nú um helgina og Björn og Ármann telja að formaður Samfylkingarinnar kunni að hafa þau að markmiði. Björn segir að Evrópumálin virðst því geta orðið hættuleg núverandi stjórnarsamstarfi.



Sigurður Kári Kristjánsson þingmaður sagði svo í útvarpsþættinum Sprengisandi að ekki kæmi til greina fyrir Sjálfstæðismenn að stilla Samfylkingunni upp við vegg, líkt og hún væri að gera, og segja henni að breyta afstöðu sinni ellegar yrði stjórnarsamstarfi slitið.

**klemens@frettabladid.is**

## GJÖRÓLÍK AFSTAÐA Í SAMA FRÉTTATÍMA

Rætt var við Þorgerði Katrínu í hádegisfréttum RÚV í gær vegna herfarar Ísraelsmanna gegn Palestínumönnum á Gaza. Sagði hún að ekki væri hægt að fordæma árásirnar, því ríkisstjórnin hefði ekki komið saman til að ræða málið. Hún benti og á ábyrgð Hamas-liða, sem neita að semja um hernám Ísraelsmanna og hafa skotið heimasmíðuðum eldflaugum á Ísraelska bæi. Ráðherrann bindur vonir við að næsti forseti Bandaríkjanna finni lausn á málinu.

Stuttu síðar barst fréttatilkynning frá aðstoðarmanni Ingibjargar Sólrúnar og var lesin upp í sama fréttatíma. Sagði þar að utanríkisráðherra fordæmdi árásirnar og harmaði afstöðuleysi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Fara ætti með alþjóðlegt herlið til varnar saklausum íbúum.



**ÞORGERÐUR K. GUNNARSDÓTTIR**



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**


Eldri borgarar 60+

» Byrjendur

30 kennslustunda byrjendanámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.



Kennsla hefst 7. janúar og lýkur 28. janúar. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13 -16. Verð kr. 20.500,- Kennsluefni innifalið. Næsta námskeið hefst 28. janúar.

» Framhald I

30 kennslustunda námskeið. Hentar þeim sem hafa lokið byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu og internetinu. Framhaldsæfingar í meðferð tölvupósts og stafrænna mynda í tölvu.

Kennsla hefst 8. janúar og lýkur 29. janúar. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13 -16. Verð kr. 20.500,- Kennsluefni innifalið. Næsta námskeið hefst 29. janúar.

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking | Skeifunni 11B • 108 Reykjavík www.isoft.is • Sími 511-3080


Neytendur: Ný gjaldskrá og svæði hjá strætó

# Strætókort endurgreidd



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Um áramótin tók Strætó upp nýtt svæðakerfi og nýja verðskrá. Ekki eru allir á eitt sáttir, til að mynda Guðrún M. Jónsdóttir sem skrifar: *„Ég keypti níu mánaða strætókort síðastliðið haust sem gildir til maí 2009. Núna er strætó búinn að breyta gjaldskránni. Getur það staðist að fyrirframgreiddri þjónustu sé einhliða breytt frá öðrum aðilanum? Á ég ekki rétt á að nota kortið mitt fram til maí eins og um var samið þegar ég keypti kortið?“*

Reynir Jónsson hjá Strætó bs. svarar: *„Um áramótin tóku Akranes, Hvalfjarðarsveit og Borgarbyggð sjálf við sérleyfisakstri á þessum leiðum og hafa samið við verktaka til að sinna akstrinum. Megin breytingin samfara þessum nýja samningi er að fargjöld fara hækkandi eftir ferðalengd í samræmi við gjaldsvæði. Öll kort sem var búið að kaupa fyrir áramót verða endurgreidd hlutfallslega miðað við ónýttan gildistíma frá áramótum óháð því hvort farþegi hyggst kaupa ný fargjöld eða ekki. Þá hafa sveitarfélögin ákveðið að frítt verði í leiðina (leið 57) fyrir alla farþega til og með 11. janúar. Enn fremur munu þeir íbúar sem eiga lögheimili á Akranesi, Hvalfjarðarsveit eða Borgarbyggð og festa kaup á nýjum persónulegum strætókortum fyrir 11. janúar fá tvær vikur aukalega í gildistíma kortanna. Auk þessa mun Akraneskaupstaður niðurgreiða persónuleg strætókort fyrir sína íbúa sem nemur einu gjaldsvæði. Þannig munu fargjöld þeirra Akurnesinga sem nota strætó reglulega aðeins tvöfaldast.“*



Lengra svar er á blogg.visir.is/drgunni


Auglýsingasími
512 5050




– Mest lesið



# NÁM ER BESTA SÓKNIN!

## YFIRLIT NÁMSKEIÐA Á VORÖNN 2009

### STARFSNÁM OG BRAUTIR

**Skrifstofu- og tölvunám**
- 258 stundir - Verð: 199.000.-
- 2 morgunnámskeið byrja 2. febrúar
- Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 3. febrúar

**Fjármál og rekstur**
- 132 stundir - Verð: 162.000.-
- Morgunnámskeið byrjar 6. janúar
- Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. janúar

**Sölu- og markaðsnám**
- 264 stundir - Verð: 229.000.-
- Morgunnámskeið byrjar 2. febrúar
- Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 3. febrúar

**Skrifstofunám & hönnun**
- 414 stundir - Verð: 356.000.-
- 2 morgunnámskeið byrja 2. febrúar
- Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 3. febrúar

**Sölunám & hönnun**
- 420 stundir - Verð: 383.000.-
- Morgunnámskeið byrjar 2. febrúar
- Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 3. febrúar

**Skrifstofu- og rekstrarnám**
- 462 stundir - Verð: 414.000.-
- 2 morgunnámskeið byrja 2. febrúar
- Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 3. febrúar

**Sölu-, markaðs- og rekstrarnám**
- 396 stundir - Verð: 352.000.-
- Morgunnámskeið byrjar 2. febrúar
- Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 3. febrúar

### ALMENNT TÖLVUNÁM

**Tölvunám - fyrstu skrefin**
- 36 stundir - Verð: 34.000.-
- Síðdegisnámskeið byrjar 23. febrúar
- Kvöldnámskeið byrjar 24. febrúar

**ECDL tölvunám**
- 78 stundir - Verð: 64.000.-
- Morgunnámskeið byrjar 10. febrúar
- Kvöldnámskeið byrjar 9. febrúar

### TÆKNINÁM OG BRAUTIR

**Forritun og kerfisfræði**
- 240 stundir - Verð: 309.000.-
- Kvöldnámskeið byrjar 10. febrúar

**Kerfisumsjón**
- 180 stundir - Verð: 224.000.-
- Morgunnámskeið byrjar 16. febrúar
- Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 19. janúar

**Tölvuviðgerðir**
- 72 stundir - Verð: 110.000.-
- Morgunnámskeið byrjar 16. febrúar
- Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 19. janúar

**MCITP** *(áður MCSA)*
- 216 stundir - Verð: 349.000.-
- Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 3. febrúar

**MCITP** *(áður MCSA)*
- 150 stundir - Verð: 314.000.-
- Helgarnámskeið byrjar 31. janúar

**MCTS og Network+**
- 108 stundir - Verð: 139.000.-
- Morgunnámskeið byrjar 16. mars
- Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 16. febrúar

**Kerfisstjórinn**
- 330 / 396 stundir - Verð: 507.000.- / 538.000.-
- Morgunnámskeið byrjar 16. febrúar
- Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 19. janúar

**Cisco CCENT**
- 49 stundir - Verð: 175.000.-
- Kvöld- og einn laugardagur - byrjar 3. febrúar

**Cisco CCNA**
- 49 stundir - Verð: 185.000.-
- Kvöld- og einn laugardagur - byrjar 3. mars

**Windows Vista**
- 53 stundir - Verð: 159.000.-
- Morgunnámskeið byrjar 26. janúar

**MCDST**
- 53 stundir - Verð: 208.000.-
- Morgunnámskeið byrjar 26. janúar

### BÓKHALD OG NAVISION

**Grunnnám í bókhaldi**
- 108 stundir - Verð: 99.000.-
- Morgunnámskeið byrjar 10. febrúar
- Kvöldnámskeið byrjar 9. febrúar

**Navision viðbótarnám**
- 24 stundir - Verð: 33.000.- pr. námskeið
- Launabókhald, sala og viðskiptamenn,
- fjárhagsbókhald frh. og birgða og tollakerfi.

### MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

**Auglýsingatækni**
- 156 stundir - Verð: 196.000.-
- Kvöldnámskeið byrjar 19. febrúar

**Photoshop Expert**
- 72 stundir - Verð: 112.000.-
- Kvöldnámskeið byrjar 16. febrúar

**Myndvinnsla m. Photoshop**
- 30 stundir - Verð: 33.000.-
- Morgunnámskeið byrjar 22. janúar
- Kvöldnámskeið byrjar 22. janúar

**Alvöru Vefsíðugerð**
- 210 stundir - Verð: 209.000.-
- Kvöldnámskeið byrjar 10. febrúar

Upplýsingar og skráning:
**544 4500 / www.ntv.is**

Microsoft CERTIFIED Partner · Learning Solutions · PROMETRIC · ECDL · PEARSON VUE AUTHORIZED TEST CENTER · BSRB

**INNRITUN FYRIR VORÖNN 2009 STENDUR YFIR!**

**ntv**

**NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN** – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hversu mörg eru eignarhaldsfélögin á landinu nú?*
2. *Hvaða íslenski landsliðsmaður í handbolta skoraði 199 mörk á árinu sem var að líða?*
3. *Hversu marga samninga gerði Forlagið við erlenda bókaútgefendur á árinu 2008?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30.

Hornafjörður og Rolf Johansen & Co undirrita samning um átöppun á vatni:

# Stefna að vatnsútflutningi frá Höfn

**IÐNAÐUR** „Samningurinn gerir ráð fyrir að hafin verði uppbygging á átöppunarverksmiðju fyrir vatn innan fjögurra ára,“ segir Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri Hornafjarðar um samning sveitarfélagsins við Rolf Johansen & Co ehf. sem undirritaður var á mánudaginn. Hann segir að næstu fjögur ár verði nýtt til frekari undirbúnings en stefnt er að því að átöppun hefjist innan fimm ára.

„Við bindum miklar vonir við að þetta gangi upp,“ segir Hjalti Þór. Hann segir áhættu sveitarfélagsins litla. „En ávinningurinn getur orðið umtalsverður ef allt gengur upp,“ segir hann. Hann segir sveitarfélagið hafa unnið að vatnsútflutningi í um tvö ár en markmiðið sé að auka fjölbreytni í atvinnulífi og styrkja stoðir samfélagsins.

Hann gerir ráð fyrir að verksmiðjan geti skapað fjölda starfa og segir raunhæft að reikna með allt að 20 störfum við verksmiðjuna. „Við förum núna í að undirbúa vatnsveituframkvæmdir og skipulagningu fyrir uppbygginguna,“ segir Hjalti Þór en stefnt er að því að verksmiðjan verði sem næst höfninni.

Vatnið verður tekið úr lind sem er í eigu sveitarfélagsins. „Þetta er gamalt vatnsból sem nýtt var fram til ársins 1982 en hefur ekki verið nýtt síðan þá svo við erum ekki að taka úr almenningsveitunni,“ segir Hjalti Þór. Hann segir þó nokkra vinnu eiga eftir að fara fram við vatnslindina. „Við þurfum að taka sýni úr lindinni næstu mánuði og rennslismæla hana vel en við gerum ekki ráð fyrir öðru en að þetta sé gott vatn,“ segir Hjalti Þór. **- ovd**



**FRÁ UNDIRRITUNINNI** Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri Hornafjarðar, og Atli Kristjánsson hjá Rolf Johansen & Co undirrita samninginn. MYND/HORNAFJORDUR.IS

Tólf ára drengur í Arizona:

## Myrti móður sína út af heimilisstörfunum

**ARIZONA, AP** Dómstóll í Arizonaríki í Bandaríkjunum dæmdi í gær 12 ára gamlan pilt fyrir að hafa myrt móður sína. Drengurinn skaut átta skotum á móður sína með skammbyssu eftir að hafa rifist við hana um heimilisstörf.

Lögmaður drengsins hélt því fram í réttarhöldunum að drengurinn hefði þurft að þola áralangt ofbeldi af hálfu móður sinnar og því hafi hann brugðist við með þessum hætti.

Refsing verður ákveðin síðar en samkvæmt lögum í Arizona er hægt að vista drenginn í unglingafangelsi til 18 ára aldurs.

### KÍNA

**Mannfall í flugeldasprengingu**

Þrettán manns létu lífið í sprengingu í Kína á laugardag. Sprengingin varð í ólöglegri verksmiðju sem framleiddi flugelda. Slysið varð í borginni Weifang í austurhluta Kína. Verksmiðjuslys eru mjög algeng í landinu.



**FORSETINN** Obama verður settur í forsetaembættið 20. janúar næstkomandi. NORDICPHOTO/AFP

Innsetningarathöfn Obama:

## Búist við gríðarlegum fjölda

**BANDARÍKIN, AP** **Búist er við að fjöldi manns muni mæta á innsetningarathöfnina þegar Barack Obama tekur við forsetaembættinu hinn 20. janúar.**

**Flugfélög hafa bætt við ferðum dagana fyrir og eftir athöfnina og fólk hefur verið varað við því að umferð um Washington verði gríðarleg. Á venjulegum degi ferðast um tvær milljónir manna um borgina á bílum, með neðanjarðarlestum og strætisvögnum, en búist er við því að sá fjöldi muni þrefaldast 20. janúar.** **- þeb**

# Skoðar sameiningu opinberra hlutafélaga

**Samgönguráðherra kannar nú möguleika á að sameina nýstofnað opinbert hlutafélag á Keflavíkurflugvelli og Flugstoðir. Eignir greiddar af NATO færast ekki inn í nýstofnað félag. Stofnefnahagsreikningur félagsins kynntur síðar.**

**SAMGÖNGUMÁL** Erfitt efnahagsástand gæti orðið hvati að sameiningu Keflavíkurflugvallar ohf. og Flugstoða ohf. Þetta kom fram í máli Kristjáns L. Möller samgönguráðherra þegar Keflavíkurflugvöllur ohf. tók formlega við rekstri flugvallarins á föstudag.

Keflavíkurflugvöllur ohf. tekur við rekstri Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Kristján sagði í samtali við Fréttablaðið að nú sé unnið að því að skipa starfshóp sem kanna eigi mögulega sameiningu þessara tveggja opinberu hlutafélaga sem heyra undir samgönguráðuneytið. Lögð sé mikil áhersla á að hraða þeirri vinnu.

Keflavíkurflugvöllur ohf. mun ekki fá til eignar mannvirki sem kostuð voru af mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins (NATO). Hugmyndir voru uppi í samgönguráðuneytinu um að verðmæti þessara eigna yrðu metin og færð til félagsins til að lagfæra erfiða eiginfjárstöðu í stofnefnahagsreikningi þess.

Því var harðlega mótmælt af fulltrúum utanríkisráðuneytisins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var bent á að yrðu verðmætin metin og færð félaginu til eignar myndi NATO eignast samhljóðandi kröfu á stjórnvöld.

Samgönguráðherra og utanríkisráðherra skrifuðu á gamlársdag undir viljayfirlýsingu um að Keflavíkurflugvöllur ohf. fái afnot af mannvirkjum kostuðum af NATO, svo sem flugbrautum. Forstjórum Varnarmálastofnunar og Keflavíkurflugvallar ohf. hefur verið falið að semja um útfærsluna, segir Kristrún Heimisdóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra.

Kristján segir að þarna sé um formbreytingu að ræða, ekki standi til að færa eignir beint inn í nýtt félag.

Fram kom í minnisblaði samgönguráðuneytisins, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, að stofnefnahagsreikningur Keflavíkurflugvallar ohf. standi illa. Annað af tvennu þurfi að koma til, aukið hlutafé frá ríkinu eða að það leggi félaginu til eignir að andvirði um fimm milljarða króna.

Kristján segir vinnu við stofnefnahagsreikning félagsins í gangi, en þeirri vinnu ljúki ekki fyrr en eftir uppgjör flugvallarins. Spurður hvort til standi að færa félaginu til tekna eignir greiddar af NATO, eða leigu af þeim, segir hann að svör við slíkum spurningum verði að bíða þar til stofnefnahagsreikningur verði kynntur. **brjann@frettabladid.is**



**HAMINGJUÓSKIR** Kristján L. Möller samgönguráðherra óskaði Birni Óla Haukssyni, forstjóra Keflavíkurflugvallar ohf. (til hægri) til hamingju þegar þeir ásamt Jóni Gunnarssyni, stjórnarformanni félagsins, ýttu því úr vör á föstudag. MYND/VÍKURFRÉTTIR

### SAMIÐ UM LÍFEYRI Á SÍÐUSTU STUNDU



Hópur flugumferðarstjóra fluttist til Keflavíkurflugvallar ohf. um áramót. Forsvarsmaður þeirra sagði seint í desember að ósamið væri um lífeyrisréttindi, og yrði það ekki gert fyrir áramót myndu flugumferðarstjórar ekki flytjast til opinbera hlutafélagsins.

Loftur Jóhannsson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, segir að samningar um lífeyrisréttindin hafi tekist á hádegi á gamlársdag. Málið hafi því fengið farsælan endi og flugumferðarstjórar hafið störf hjá Keflavíkurflugvelli ohf. á nýju ári.

LOFTUR JÓHANNSSON






# ÚTSALA

**ATH.**
Breyttir opnunartímar
12:00-18:00 virka daga
12:00-16:00 laugardaga

Visco X dýna
Queen – 153x203
Áður 114.900. – Nú 79.900

Beauty Sleep
Queen – 153x203
Áður 89.900 – Nú 79.900

Box dýna – 140x200
Áður 64.900 – Nú 49.900

ÍSLENSK HÖNNUN



IQ-CARE
HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi

IQ-CARE Tilboð

King og Cal. King.
Áður 269.900. – Nú 199.900

Queen
Áður 189.900 – Nú 149.900

TAKMARKAÐ MAGN



## PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.
2x90 x 200 cm. Áður 409.900
**Nú 299.900**
IQ-CARE



Sængur
30% afsláttur
Takmarkað magn
Sængurverasett
20% afsláttur




Sá nýjasti og besti frá Leggett
2x90 x 200 cm. Áður 684.900
**Nú 499.000**

50-70% afsláttur af
öllum húsgögnum
og teppasettum






AKUREYRI

Svefn & heilsa
★★★★★




REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

## „ORÐRÉTT“

### Úthugsuð einkennilegheit

**„Þetta hlýtur að vera úthugsað hjá þeim en þessi afstaða formanns Samfylkingarinnar er samt einkennileg.“**

ÞORGERÐUR K. GUNNARSDÓTTIR VARAFORM. SJÁLFSTÆÐISFL.
**Fréttablaðið 4. janúar**

### Einmitt

**„Ég er nú vanur því að vera sýndur sem einhver fáráðlingur en þarna fannst mér skína í gegn hverjir væru hinir raunverulegu fáráðlingar.“**

ÓLAFUR F. MAGNÚSSON BORGARFULLTRÚI UM SKAUPIÐ

**tilveran**
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR, DANSARI OG KVIKMYNDAGERÐARKONA

# Ætlar að dansa af sér jólasteikina



„Það er sko allt rosa gott að frétta af mér,“ segir Hanna Björk Valsdóttir, dansari og kvikmyndagerðarkona. „Ég var einmitt að byrja í afró „workshoppi“ hjá honum Issa, frábærum danskennara frá Gíneu. Nú fær sko jólasteikin að fjúka,“ segir Hanna sem hefur dansað afró með hléum í mörg ár. „Ég byrjaði að dansa afró í Kramhúsinu fyrir tíu árum síðan. Þetta er svo ótrúlega skemmtilegt að það er engin leið að hætta. Þetta er besta líkamsrækt sem til er. Og hún er alveg jafngóð fyrir sálina eins og líkamann. Nú ætla ég að dansa daglega alla vikuna og koma mér þannig í gírinn fyrir árið.“

Með danskennaranum í för eru fjórir trommarar frá Gíneu auk tveggja íslenskra trommara. Þetta segir Hanna toppinn á tilverunni. „Trommararnir eru svo stór hluti af prógramminu. Tónlistin skiptir alveg jafnmiklu máli og dansinn. Það er magnað að hafa alla þessa trommara, enda eru þeir allir stórkostlegir tónlistarmenn. Með svona miklum listamönnum myndast rosalega mikil og góð orka. Þarna er fullt af íslenskum stelpum, og aðeins færri strákar, sem fá að svitna almennilega.“

Með dansinum ætlar Hanna að koma sér í gírinn fyrir annasamt ár sem fram undan er. „Ég er annars á fullu að vinna í framleiðslu á heimildarmyndinni Draumalandið, sem er byggð á samnefndri bók Andra Snæs Magnússonar. Hún kemur í bíó snemma á þessu ári.“

## SJÓNARHÓLL
ÁSTANDIÐ Á GAZA-SVÆÐINU



**HAUKUR SIGURJÓNSSON**
Sagnfræðingur

### Óraunhæft markmið Hamas

„Það er klárt mál að þessar nýjustu aðgerðir Ísraelsmanna eru allt of harkalegar. En Ísraelsmenn geta heldur ekki búið við að nánast daglega sé skotið á þá eldflaugum frá Gazasvæðinu,“ segir Haukur Sigurjónsson sagnfræðingur.

„Svo er auðvitað alltaf spurning hversu langt aftur menn vilja leita til að komast að rót vandans. Þótt ég sé sammála þeim málstað Hamassamtakanna að auðvitað eigi Palestína að vera sjálfstæð að einhverju leyti, þá eru Hamas þrátt fyrir allt hryðjuverkasamtök sem eru á því að Ísrael eigi ekki að vera til. Það er óraunhæft markmið og á meðan því er viðhaldið er Ísrael í miklum vanda, enda afar erfitt að setjast niður til að semja um einhverja lausn undir þeim kringumstæðum.“

Haukur gæti hugsað sér að samið verði um að Sameinuðu þjóðirnar sæju um landamæraeftirlit á svæðinu. „Ég er á þeirri skoðun að það gangi alls ekki að hafa Hamas við stjórn á Gazasvæðinu. En íbúarnir kusu Hamas og það er erfitt að hrófla við lýðræðislegum kosningum.“

# Fólk sniðgangi vörur frá Ísrael

**Eva Einarsdóttir, starfsmaður í Hinu húsinu og meðlimur í félaginu Ísland-Palestína, hvetur landsmenn til aukinnar meðvitundar um innkaup sín. Töluvert sé um vörur frá Ísrael í íslenskum verslunum og það geti haft mikil áhrif að sniðganga þær.**



**MÓTMÆLIR** Eva starfaði sem sjálfboðaliði í Palestínu og var þá hvött af mannréttindasamtökum, verkalýðshreyfingum og fleirum til að sniðganga ísraelskar vörur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta er mín aðferð til sýna stuðning. Ég ætla að sniðganga allar vörur sem tengjast Ísrael á einhvern hátt þar til hernáminu í Palestínu lýkur, og hvet alla til gera slíkt hið sama. Í öllu falli vil ég benda fólki á að vera meðvitað í innkaupum sínum. Ekki veitir af að minna fólk á þetta meðan þessar hrikalegu hörmungar ganga yfir,“ segir Eva Einarsdóttir, verkefnastjóri og kynningarfulltrúi í Hinu húsinu og meðlimur í félaginu Ísland-Palestína. Í tilefni nýjustu atburða á Gazasvæðinu hefur Eva nýtt sér hið öfluga dreifingarkerfi Facebook-samfélagsins til að koma á framfæri þeim skilaboðum að meðvitað val á neytendavörum geti haft mikil áhrif. Hún bendir einnig á umfjöllun um þessi mál á heimasíðu félagsins.

Eva segir þó nokkuð af ísraelskum vörum á boðstólum í íslenskum verslunum, til að mynda ávexti, ferskar og frosnar kryddjurtir og aðrar landbúnaðarvörur. Hins vegar sé algengt að hinn almenni neytandi sé ekki upplýstur um uppruna varanna. Því hvetur hún fólk til að lesa vörumerkingar vel og velja aðrar vörur en ísraelskar séu þær í boði.

Hún segir það hafa sýnt sig að samstillt átak geti skilað árangri í alþjóðasamfélaginu. „Margt smátt gerir eitt stórt. Það sýndi sig meðal annars í Suður-Afríku þegar aðskilnaðarstefnan var við lýði. Margt meðvitað fólk hóf að sniðganga vörur frá svæðinu, og þótt það hafi ekki skipt öllu máli þá hafði átakið vissulega áhrif.“

Eva hefur verið meðlimur í félaginu Ísland-Palestína í yfir áratug og gegndi stöðu varaformanns um hríð. Fyrir nokkrum árum starfaði hún sem sjálfboðaliði í Palestínu með palestínsku læknasamtökunum og segir þá reynslu hafa ýtt undir að hún láti sig málið varða. Hún segir núverandi átök á svæðinu fá mjög á sig. „Það er gríðarlega erfitt að fagna jólum, borða yfir sig og allt sem því fylgir, og sjá svo fréttamyndir af látnum ungbörnum í Palestínu. Ég hugsa til fólksins, meðal annars þeirra sem ég hitti meðan á dvöl minni þar stóð.“

Eva segir mikilvægt að Ísland haldi vöku sinni í mannréttindamálum þrátt fyrir hina miklu erfiðleika innanlands. „Ég myndi vilja sjá stjórnvöld slíta sambandi við Ísrael meðan á hernáminu stendur. Það er verið að brjóta lög þarna,“ segir Eva Einarsdóttir.

kjartan@frettabladid.is

# Einelti þarf að uppræta

**Ungir Íslendingar sem hafa orðið fyrir einelti hittast einu sinni í mánuði í Gamla bókasafninu í Hafnarfirði, spjalla saman, skreppa í bíó, út að borða eða eitthvað annað skemmtilegt. Hópurinn ber heitið Kærleikur og hittist klukkan sjö fyrsta laugardag í mánuði.**

„Ég lenti í ljótu einelti í Öldutúnsskóla þegar ég var í fyrsta til sjöunda bekk,“ segir Ingibjörg Dóra Bjarnadóttir, ein af stofnendum Kærleiks. „Fötin mín voru tekin, ljót orð sögð til mín. Ég var lamin og fékk hótanir.“ Ingibjörg segir að ekki hafi verið tekið á málinu fyrr en gengið hafi verið alla leið til yfirvalda.

„Gerandinn slapp alveg eins og það væri einhver hræðsla hjá kennara og yfirmönnum skólans að taka á málinu en ég varð að flýja úr skóla,“ segir hún.

Ingibjörg Dóra var í Tjarnarskóla í 8.-10. bekk og segir að það sé frábær skóli. „Ég fékk frí frá eineltinu í þrjú ár. Svo fór ég í Flensborgarskóla því að ég hélt að sextán ára krakkar væru svo þroskaðir að þar væri ekkert einelti lengur en það var sama sagan og í grunnskólanum. Ég mæli með að þeir sem hafa lent í einelti fari ekki í Flensborg. Þar er ekki stuðninginn að fá.“

Ingibjörg Dóra skipti um framhaldsskóla og fór í Iðnskólann í Reykjavík. Þar var sama sagan. „Ég held að það hafi verið af því að ég var búin að ganga í gegnum svo mikið einelti að ég var skemmd. Krakkarnir fundu það og byrjuðu að ógna mér. Síðan skipti ég um skóla og fór í FB þar sem vinir mínir voru og þá hætti þetta.“

Ingibjörg Dóra segir að maður verði að vera jákvæður og líta á björtu hliðarnar þó maður sé lagður í einelti. „Lífið er svo stutt að maður á njóta hverrar sekúndu því að maður getur allt eins veikst eða dáið á morgun,“ segir hún og bætir við að best sé að grípa sem fyrst inn í eineltismál. „Einelti er mein sem þarf að uppræta strax ef ekki á illa að fara.“

Ingibjörg Dóra er félagsvön manneskja, hefur verið í dansi frá fæðingu og tekið þátt í samtökunum Komið og dansið. Hún hefur líka verið í bindindissamtökunum IOGT auk þess sem hún tók þátt í miðbæjarstarfinu í Reykjavík í tíð Jónu Hrannar Bolladóttur miðbæjarprests auk þess að taka þátt í kirkjustarfi. Hún hefur verið í nokkrum hópum fyrir þolendur eineltis, síðast í Hinu húsinu en nú hefur hún tekið sig til, smalað saman krökkum og stofnað hópinn Kærleik í Gamla bókasafninu.

„Við erum sex núna en óskin er að sem flestir, sem hafa lent í einelti, viti um hópinn og geti komið með. Svo væri flott ef þeir sem búa úti á landi mynduðu svona hóp,“ segir hún. - ghs



**GEKK Í GEGNUM MIKIÐ** „Ég var búin að ganga í gegnum svo mikið einelti að ég var skemmd,“ segir Ingibjörg Dóra Bjarnadóttir sem er ein af stofnendum hópsins Kærleiks. Hópurinn hittist í Gamla bókasafninu í Hafnarfirði fyrsta laugardaginn í hverjum mánuði.


Lægsta verð í ASÍ könnunum síðan 2005
LYFJAVER APÓTEK
NICOTINELL



JANÚARTILBOÐ: VERÐ 4.459.- FRUIT, 204 stk.
LYFJAVER - VERÐPRESSARINN!
SUÐURLANDSBRAUT 22
VIRKA DAGA 08:30 - 18:00
LAUGARDAGA 10:00 - 14:00
HUGTÖK Jan 09



## VEÐURFRÆÐI
### GLITSKÝ

Glitský sáust víða um land um jól og áramót. Á vef Veðurstofunnar segir að glitský myndist í heiðhvolfinu, gjarnan í um 15-30 kílómetra hæð. Glitský sjást helst um miðjan vetur, um sólarlag eða við sólaruppkomu. Litadýrð þeirra er mjög greinileg því þau eru böðuð sólskini, þótt rökkvað sé eða jafnvel aldimmt við jörð.

Glitský myndast þegar óvenjukalt er í heiðhvolfinu (um eða undir -70 til -90 °C), og eru úr ískristöllum, eða úr samböndum ískristalla og saltpétursýru-hýdrötu.

Kristallarnir í skýjunum beygja sólarljósið, en mismikið eftir bylgjulengd þess. Þannig beygir blátt ljós meira en rautt. Rauða ljósið kemur því til okkar undir öðru horni en það bláa, þannig að við sjáum það koma frá öðrum hluta glitskýsins. Litaröðin frá jaðri inn til miðju skýsins er stundum eins og vísuorðin: gulur, rauður, grænn og blár en oft er skýið einnig hvítt í miðju. Litirnir eru líka háðir stærðardreifingu agna í skýjunum, þannig að oft má sjá rauða, gula og græna flekki í bland.



**VIÐ AFHENDINGUNA** Sturla Friðriksson, formaður stjórnar Ásusjóðs og frændi Ásu, afhendir Einari verðlaunin að viðstöddum ráðamönnum, háskólarektor og nokkrum fyrrverandi verðlaunahöfum.

# Kemst á lista merkra manna

Einar Stefánsson, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir við augndeild Landspítalans, fékk fyrir skömmu afhent Ásuverðlaunin, að upphæð þremur milljónum. Verðlaunin eru veitt árlega íslenskum vísindamanni sem unnið hefur veigamikið vísindalegt afrek á Íslandi eða fyrir Ísland.

Einar hefur að undanförnu unnið að rannsóknum á augnsjúkdómum og lífeðlisfræði augans sem miða að því að auðvelda greiningu og bæta meðferð við augnsjúkdómum. „Þetta er mikill heiður. Þarna kemst ég á lista mikilla merkismanna sem byrjar á Sigurði Nordal,“ segir Einar en Sigurður fékk Ásuverðlaunin árið 1969 þegar þau voru veitt í fyrsta sinn.

Ása Guðmundsdóttir, sem verðlaunin fá nafn sitt af, var fædd árið 1892. Hún flutti ásamt eiginmanni sínum, dr. Henry Newcomb Wright, á búgarð einn í Trinidad í Vestur-Indíum í lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Þar áttu þau og ráku plantekru á landsvæði, sem síðar var friðlýst vegna stórbrotinnar náttúru og sérstæðs fuglalífs. Þegar hún seldi búgarðinn var andvirði eignarinnar meðal annars notað til að stofna Ásusjóð.

- jse

Heilarar láta til sín taka í þjóðfélagsþrengingunum:

# Láta reiðina líða úr landanum

Friðbjörg Óskarsdóttir og fleiri heilarar frá Kærleikssetrinu í Breiðholti hafa frá því í lok október boðið upp á heilun án endurgjalds til að koma til móts við þann fjölda fólks sem glímir við vanlíðan um þessar mundir.

„Þetta byrjaði þannig að fólk var að detta inn til mín og margir hverjir áttu afar bágt,“ segir Friðbjörg. „Ég vísaði því inn í kapellu til okkar eða fékk það með mér inn á herbergi en heilunin fer fram á báðum þessum stöðum og svo lét það vanlíðanin líða úr sér við kertaljós og slakandi tónlist.

Nokkrir höfðu orð á því við mig að þetta hefði bjargað lífi þeirra svo ég vildi bjóða fleirum upp á þetta en þörfin er vissulega fyrir hendi í þessu árferði.“ Friðbjörg segir það eðlilegt að fólk reiðist þegar áföll dynji yfir en í óefni stefni þegar fólk geti ekki losað sig undan reiðinni. Heilunin felst í því, segir hún, að miðla kærleika sem síðan leysir reiðina upp.

Heilunin fer fram á miðvikudagskvöldum en fyrst þarf að hringja í Kærleikssetrið og panta tíma en heilunin tekur um hálfa klukkustund.

Í dag er svokölluð englavaka Kærleikssetursins á göngugötunni í Mjódd en þar fer fram sérstök kærleiksathöfn og tónlistarmenn koma fram.

- jse



**FRIÐBJÖRG ÓSKARSDÓTTIR** Heilarinn segir reiði í kjölfar áfalls eðlilega en í óefni stefni þegar ekki tekst að losa sig við hana. Hún heilar fólk endurgjaldslaust nú í þrengingunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„...fyrst á visir.is“
vísir.is
...ég sá það á visir.is



www.reykjavik.is

Rafræn Reykjavík fyrir þig

Á vef Reykjavíkurborgar geta fasteignaeigendur:

- skoðað álagningarseðil fasteignagjalda fyrir árið 2009 (eftir 26. jan. nk.) og alla breytingaseðla þar á eftir
- afpantað álagningarseðla og breytingaseðla í pósti
- skráð sig í boðgreiðslu fasteignagjalda
- valið einn eða níu gjalddaga fasteignagjalda (sjálfvirk breyting um áramót: sex gjalddagar breytast í níu gjalddaga)
- gefið upp reikningsnúmer ef til endurgreiðslu kemur

Nánari upplýsingar og aðstoð í síma 411 1111
www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvernig er best að takast á við vandamálin?

## Bjartsýni eða bölmóður

BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR

Við hressilegan og bjartsýnan tón kvað í grein Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra hér í Fréttablaðinu í gær þar sem horfur og staða í atvinnumálum þjóðarinnar í skugga efnahagskreppunnar voru til umræðu. Ráðherrann sagði réttilega að þrátt fyrir allt eigi fáar þjóðir jafnmikla möguleika og við til að vinna sig hratt út úr kreppunni. „Tækifæri okkar liggja í einstökum náttúruauðlindum, sterkum innviðum, öflugu velferðarkerfi og velmenntuðum mannafla. Þetta er undirstaða þess að á árinu 2009 geta Íslendingar snúið vörn í sókn – ef þjóðin er samstillt og samhent. Vílið og bölmóðurinn mega ekki verða að sjálfstæðu efnahagsvandamáli," sagði hann.

Frumkvæði ráðherrans til að blása kjarki í þjóðina er virðingarvert og þarft því satt best að segja fer of lítið fyrir góðum fréttum þessa dagana og sífellt virðist von á ótíðindum af einhverju tagi. Í áramótablaði Markaðarins, sem kom út í stóru broti á gamlársdag, mátti einmitt greina talsverðan ótta í máli forsvarsmanna atvinnulífsins og mikla óþreyju eftir raunverulegum aðgerðum og alvöru uppbyggingu á öllum sviðum.

Formaður Samtaka atvinnulífsins lýsti ástandinu ágætlega er hann sagði mestu hættuna felast í því að hugarfar þjóðarinnar breytist. „Sinnuleysi auk vonleysis og reiði segi enn meira til sín. Í framhaldinu breytist hugarfarið til hins verra, nýjar hugmyndir séu talaðar niður, ungt fólk flytji burt og ólíkasta fólk, eins og frumkvöðlar í hundruðum minni útrásarverkefna, verði að blórabögglum núverandi ástands. Alvarlegasta ógnunin við framtíð Íslands er ekki skuldsetning heldur að hugarfarið breytist til hins verra. Við fáum hert og heiftúðugt hugarfar þar sem vantrú ríkir á öllu sem viðkemur framtíðinni, einkaframtaki og ungu fólki með hugmyndir."

Þetta eru athyglisverð varnaðarorð hjá Þór Sigfússyni. Ari Edwald, forstjóri 365 miðla og fyrrverandi framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, tók í svipaðan streng í sinni grein og sagði neikvæðni og úrtölur seint veganesti til uppbyggingar. „Íslendingar hafa slæma reynslu af því að þjóðfélagið missi sig í móðursýki sem krefst þess að fólk sé „tekið af lífi" á grundvelli slúðurs, upphrópana og ýkjusagna, en án dóms og laga. Nægir að nefna Geirfinnsmálið og Hafskipsmálið í því sambandi. Stóru hneykslin í þeim málum, þegar upp er staðið, er hve margir báru margt á saklausa með hræðilegum og óbætanlegum afleiðingum. Í nýlegri bók um Hafskipsmálið vitna fjölmiðlamenn um hvernig þeir voru misnotaðir með skipulögðum leka frá ýmsum, sem gátu þannig stýrt því að hverjum hasarinn beindist hverju sinni. Margir þeirra sem hæst létu þá eru enn á ferðinni í fjölmiðlum og stjórnmálum og virðast sumir lítið hafa lært. Fjölmiðlar rannsaka sjaldnast hvernig upphrópanir voru tilkomnar sem reyndust innistæðulausar og missa áhugann á „hneyksli" sem gufar upp. Enginn virðist nokkru sinni þurfa að bera nokkra ábyrgð á ósönnum ásökunum."

Þetta eru athyglisverð orð, sem vert er að gefa gaum í upphafi nýs árs sem getur, ef vel tekst til, skipt sköpum um velferð Íslendinga til langrar framtíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Þörungaverksmiðjan hf.

**HLUTHAFAFUNDARBOÐ**
AUKAFUNDUR

Stjórn Þörungaverksmiðjunnar HF., (enskt hjáheiti "Thorverk") á Reykhólum, boðar hér með til aukafundar félagsins er haldinn verður í einu af fundarherbergjum Hótel Reykjavík Centrum, Aðalstræti 16, 110 Reykjavík, þriðjudaginn 13. janúar 2009 klukkan 12:00.

Dagskrá fundarins verður eftirfarandi í samræmi við IV. lið samþykkta félagsins:

I. Aðkoma FMC Corporation að rekstri Þörungaverksmiðjunnar hf. "Thorverk"
II. Kostning og skipun stjórnarformanns Þörungaverksmiðjunnar hf. "Thorverk"
III. Formleg skipun framkvæmdastjóra Þörungaverksmiðjunnar hf. "Thorverk"
IV. Önnur mál

Kær kveðja,
**Stjórn Þörungaverksmiðjunnar hf. "Thorverk"**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óðagot

Í grein sinni í laugardagslesbók Morgunblaðsins segir Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur fréttastofu RÚV hafa sýnt mikið óðagot með birtingu fréttar um hugsanleg ráðherraskipti í ríkisstjórninni fyrir áramótin, þar sem nöfn þeirra sem áttu að hætta voru nefnd og líklegir eftirmenn tilgreindir. Þegar fréttin birtist varð Stefaníu þó ekki meira um óðagotið en svo að stuttu síðar sættist hún góðfúslega á að taka þátt í vangaveltum á vegum dægurmálaútvarps Rásar 2 þar sem umræðuefnið var kunnuglegt; Hugsanleg ráðherraskipti í ríkisstjórninni.



### Ekki sama pallur og pallur

Nokkuð er deilt um þá ákvörðun skipuleggjenda mótmælafundarins á Austurvelli á laugardaginn að leyfa átta ára gamalli stúlku að tjá sig úr ræðustól. Virðast margir hafa áhyggjur af því hvaða áhrif slík athygli hefur á sálarheill ungs barns. Meðal þeirra sem deila á atvikið er Ástþór Magnússon raðforsetaframbjóðandi sem á bloggi sínu setur spurningarmerki við ábyrgðarleysi þeirra foreldra sem hleypa óþroskuðu barni sínu upp á *kommúnískan* ræðupall.



### Smjörklípa?

Bloggherjur þjóðarinnar eru enn að gera sér mat úr áramótaávarpi Ólafs Ragnars Grímssonar. Má þar nefna Jónas Kristjánsson, sem segir forsetann hafa sönglað að hætti Jóns Auðuns prófasts, og Dr. Gunna, sem nennti ekki að hlusta á allt ávarpið sökum þess hversu illa honum þótti Ólafi farnast í leikarahlutverkinu. Raddbeiting og meintur skortur forsetans á einlægni hefur því vakið verðskuldaða athygli, en minna fer fyrir vangaveltum um sjálft inntak ávarpsins. Var það kannski ætlun Ólafs allan tímann?

**kjartan@frettabladid.is**

# Ómenningarvitinn



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

**Í DAG** | Turninn á Höfðatorgi

Ískynningarefni verktakafyrirtækisins Eyktar fyrir Höfðatorg kemur fram að þegar vel viðri geti gestir þar „hæglega ímyndað sér að þeir séu staddir á ítölsku piazza". Og til að ná fram því markmiði – „þetta er bara alveg eins og í útlöndum" – ætla þeir hjá Eykt að loka úti sjálfa borgina. Þeir ætla að múra upp í vindinn og eru áform uppi um þrjá turna. Sá hæsti þeirra – og sá eini sem risinn er – var í Fréttablaðinu í gær. Hann verður víst 70 metra hár og hann skyggir á innsiglingarvitann á gamla Sjómannaskólanum (sem er reyndar ekki lengur sjómannaskóli heldur „fjöltækni"-eitthvað). Það þarf að reisa nýjan vita fyrir 25 milljónir króna. Enginn ætlar að bera kostnaðinn enda ber enginn ábyrgð á klúðrinu – allra síst sá sem turninn reisti.

Enn er óvíst um starfsemi í húsinu – eða á Höfðatorgi yfirleitt. Þarna átti að vera iðandi mannlíf, allt fullt af ótilgreindu nútímafólki sem starfaði við banka og fjármálaumsvif milli þess sem það væri að fíla sig á „piazzanu". Forsendurnar voru þær að að hér byggi að minnsta kosti sjötíu milljón manna þjóð.

Fátt er það við Höfðatorg um þessar mundir sem gæti látið gesti ímynda sér að „þeir séu staddir á ítölsku piazza". Yfirbragð og arkitektúr svæðisins leiðir fremur hugann að Sovétríkjunum sálugu en þokka og grósku Ítalíu – ekki síst fyrir þá sök að arkitektúr er þarna sýning á valdi. Hinir gráu álkumbaldar Borgartúnsins líta í skrautlausum og þóttafullum drunga sínum út eins og bankastrákar í yfirstærð. Í næstum hatursfullu skeytingarleysinu um umhverfið eru þeir andstæða alls þess sem hægt er að tengja við fornar menningarborgir Ítalíu, stílvitund, sögu, jafnvægi, grósku.

Torgmenning er ekki bara spurning um að búa til logn, vera í merkjaföturn og góðum „piazza"-fíling.

### Hann er tákn

Ekki liggur fyrir hvernig gengur að búa til lognið fyrir banka- og fjármálafólkið sem mun eiga að lifa þarna og starfa þúsundum saman. Enn er bara þessi eini turn kominn og gnæfir yfir Höfða og hinum húsunum í Túnunum – skapar þar óvænta vindstrengi og draugalegt gnauð að sögn langþreyttra íbúa. Hann stendur þarna einn og undarlega bjánalegur. Þó að hann segi með sjálfum grimmdarstórleik sínum: Ég er miklu stærri og flottari en þú þarna Höfði-Pöðvi – þá er hann hálf umkomulaus svona hálfkaraður og góðærislegur. Það getur ekki farið hjá því að hann verði tákn.

Og hann er ekki tákn um ítalska menningu á Íslandi. Hann er heldur ekki tákn um íslenska menningu á Íslandi. Hann er tákn um ómenningu. Hann er tákn um skammsýnt og frekjulegt peningavaldið sem ruddist inn alls staðar þar sem því sýndist, keypti og keypti og keypti, reisti og reisti og reisti, en hugsaði aldrei. Hann er tákn peningadrengjanna sem voru alltaf að ímynda sér eitthvað – til dæmis að þeir kynnu að reka Hotel d'Angleterre betur en Danir, að þeir væru kappaksturhetjur, að þeir væru víkingar, að þeir gætu búið til ítalskt „piazza" inni í Túnunum í Reykjavík, og ef þeir þyrftu að rústa öllu í hverfunum þar í kring til að svo mætti verða, þá yrði bara að hafa það.

Jafn áþreifanlegur og yfirþyrmandi og þessi turn er þá er hann engu að síður á einhvern máta óraunverulegur – hann er tákn dellugangsins – hann er skýjaborgin sjálf – hann er tákn þess að standa í ógurlegu brauki og bramli með ærnum kostnaði í því skyni að reyna að búa til eitthvað sem aldrei gat orðið því það er svo fátt sem peningar geta keypt.

Byggingarmagnið á Höfðatorginu og áformin um turnana þrjá inn í þetta gamla og vinalega hverfi minna mann einmitt á hlutföllin milli alþjóðlegra umsvifa íslensku bankanna og svo aftur stærðar íslenska hagkerfisins.

### Brennið þið vitar

Fyrst og fremst er turninn tákn alls þess sem skyggði á undirstöðuatvinnuvegina – alls þess sem skyggði á innsiglingarljósin og varð til þess að ekki tókst að sigla þjóðarskútunni í heila höfn.

Það sem er „erlendis" má vera áfram erlendis – við skulum reyna að vera hérlendis. Við þurfum að finna okkur. Finna „anda Reykjavíkur" sem Hjörleifur Stefánsson gaf út ágæta bók um nú í haust... Hjárænulegast er að reyna að skapa eitthvað af algjörum vanefnum sem sé „bara alveg eins og í útlöndum" – og nær að reyna að finna það sem er „alveg eins og á Íslandi". Fyrsta reglan: Aldrei aldrei aldrei að skyggja á innsiglingarljósin.

# Tækifæri í súginn

**UMRÆÐAN**

Svandís Svavarsdóttir skrifar um álver í Helguvík



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Milli jóla og nýárs var haldinn fundur í stjórn Orkuveitunnar en þar var samþykkt að undirrita samning við Norðurál Helguvík ehf. um sölu á orku fyrir álver sem gert er ráð fyrir að framleiði 360 þúsund tonn af áli á ári. Gildandi starfsleyfi gerir ráð fyrir 250 þúsund tonnum þannig að hér er um aukningu að ræða og hlýtur að þurfa nýtt starfsleyfi.

Samningurinn þýðir að 250 megavött frá Hellisheiðarvirkjun, Hverahlíð auk Gráhnjúka fara öll í álframleiðslu. Á mannamáli þýðir þetta að möguleikar Orkuveitunnar til að snúa við blaðinu í stóriðju- og atvinnumálum eru fyrir bí. Við stjórnvölinn í Orkuveitunni sitja flokkarnir sem leiddu mesta stóriðjutímabil Íslandssögunnar. Þessir sömu flokkar bera nú ábyrgð á nýsamþykktum samningi.

Fyrri samningur milli Orkuveitunnar og Norðuráls rann út um áramótin og hefði því verið um að ræða einstakt tækifæri til að endurmeta orkusölu frá Orkuveitu Reykjavíkur til framtíðar í þágu sjálfbærrar þróunar og fjölbreytts atvinnulífs.

Margítrekað hefur verið mikilvægi þess að dreifa áhættunni, setja ekki öll eggin í sömu körfuna og nýta orkuauðlindirnar í þágu fjölbreytni og vistvænnar framleiðslu.

Fram hefur komið í fjölmiðlum að Norðurál geti vænst sérstakra ívilnana ríkisstjórnarinnar vegna framkvæmdarinnar, verið undanþegið hluta opinberra gjalda auk annarra tilhliðrana sem hlýtur meðal annars að fela í sér nýtt starfsleyfi fyrir stærra álver. Ljóst er að ríkisstjórnin hefur engin fyrirheit uppi um að snúa af braut stjóriðjustefnunnar. Fagra Ísland Samfylkingarinnar er endanlega fyrir bí.

Samningurinn kom til afgreiðslu með afar stuttum fyrirvara, leynd hvílir yfir orkuverðinu og kunnuglegt pukur umlykur umræðuna alla. Hér er um að ræða verðmæti sem almenningur á í félagi og er óverjandi með öllu að ráðstafa þeim án þess að fram fari upplýst og heiðarleg umræða um þann gjörning sem hér hefur farið fram og þá forgangsröðun sem þar endurspeglast. Undirrituð greiddi ein atkvæði gegn samningnum á stjórnarfundinum.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is*
**ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

# Horfst í augu við bankahrunið

**UMRÆÐAN**

Bjarni Ármannsson skrifar um bankahrunið



BJARNI ÁRMANNSSON

Það skipbrot sem orðið hefur á fjármálamörkuðum heimsins kallar á endurskoðun og greiningu þess sem úrskeiðis fór í aðdragandunum. Slíkt endurmat þarf bæði að snúa að því umhverfi sem skapaði slíkt hrun, en ekki síður krefst það þess að við sem unnum í þessu umhverfi og stuðluðum að framgangi þess lítum í eigin barm og tökumst á við eigið gildismat í ljósi þess sem gerst hefur. Hvort tveggja er nauðsynleg forsenda fyrir endurreisn fjármálakerfisins.

### Ofgnótt lánsfjár

Á sl. 12-18 mánuðum hafa eignabólur sprungið um allan heim. Í slíku umhverfi hverfur traustið þar sem óvissa um gæði eigna er gríðarleg. Hefðbundar fjármögnunarleiðir fyrirtækja og banka lokuðust og hlutabréfamarkaðir hríðféllu. Í kjölfarið á þessu horfum við fram á dýpstu efnahagslægð síðan í kreppunni miklu á fjórða áratug síðustu aldar. Á tímum langvarandi uppgangs og velmegunar vanmat markaðurinn áhættu og verðlagði hana þar af leiðandi of lágt. Það, ásamt lágu alþjóðlegu vaxtastigi og ójöfnuði í vöruviðskiptum, stuðlaði að gríðarlegu ójafnvægi í heimsbúskapnum. Ódýrt fjármagn í miklu magni, sem flaut frjálst milli hagkerfa, stuðlaði að óhóflegri hækkun eignaverðs og mikilli skuldsetningu einstaklinga og fyrirtækja.

Ísland, sem bjó við takmarkað frelsi í viðskiptum og lokað hagkerfi stærstan hluta 20 aldarinnar, opnaðist skyndilega með EES samningnum. Þetta greiddi leið okkar inn á alþjóðamarkaðinn og við gripum tækifærið.

Í sjálfu sér er ekkert nýtt í að við nýtum okkur erlent lánsfé. Ríkisbankarnir fyrir einkavæðingu gerðu það, sem og sjóðir atvinnuveganna. Þeir voru nánast alfarið fjármagnaðir með erlendu lánsfé sem var endurlánað í erlendri mynt til íslenskra atvinnufyrirtækja. Með auknu frelsi jókst aðgengi smærri fyrirtækja og síðar heimila til muna að erlendu lánsfé.

### Lærdómurinn ekki nýttur

Þarna sköpuðust kjöraðstæður ofvaxtar. Vöxtur fjármálakerfisins í tífalda þjóðarframleiðslu, fljótandi sjálfstæður gjaldmiðill frá mars 2001 ásamt óheftu peningaflæði var samsetning sem gat varla endað með öðru en harðri lendingu hagkerfisins. Við „eðlilegar“ aðstæður á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hefði mögulega verið hægt að vinda ofan af slíkri stöðu, en þegar fjármálakreppan skall á með fullum þunga snemma árs 2008 var vandi kerfisins orðinn grafalvarlegur.

Sú krísa sem bankarnir fóru í gegnum eftir að matsfyrirtækið Fitch lækkaði mat sitt á horfum íslenska ríkisins snemma árs 2006 var öllum bönkunum lærdómsrík. Þá ávannst margt í að vinda ofan af óæskilegri þróun, minnka áhættu, auka gagnsæi og bæta upplýsingagjöf. Það mótlæti reyndist vera blessun og styrkti innviði íslenska fjármálakerfisins. Á þeim tíma bar okkur gæfa til að meðtaka efnislega gagnrýni á fjármálakerfið og bregðast við henni á uppbyggilegan hátt. Ef áfram hefði verið haldið á þeirri braut má vera að öðruvísi væri umhorfs nú.

Því miður virðist sem önnur leið hafi verið farin haustið 2007, þegar verulega dró úr aðgangi að lánsfé á alþjóðamörkuðum. Á síðustu tólf mánuðum hefðu bankarnir þurft að selja eignir og starfsemi erlendis og minnka þannig umsvifin, jafnvel þótt verðlagning væri ekki í hámarki. Útlánastarfsemi sem byggði á vaxtamun annars vegar og alþjóðlegri skuldabréfaútgáfu hins vegar var á árinu 2008 orðið viðskiptamódel sem gekk ekki upp. Í bankakrísunni 2006 lagði ég mitt á vogarskálar þess að endurheimta traust á íslenskt bankakerfi. Ég taldi þá, og tel enn, að varfærni væri þörf til að treysta stoðir kerfisins. Sá lærdómur leiddi einnig til þess að ég taldi tímabært að hætta störfum hjá Glitni vorið 2007.

### Ábyrgðin okkar sem stýrðum

Á sama tíma lagði ég til að Fjármálaeftirlitið yrði stóreflt, það væri hagur fjármálakerfisins. Ég tek ábyrgð á því að hafa fyrir þennan tíma unnið að uppbyggingu fjármálakerfisins á Íslandi sem forstjóri fjármálafyrirtækis í meira en tíu ár. Mikil áræðni og þor einkenndi þennan tíma og þó sárt sé að horfa á eftir fjármálakerfinu veit ég að sú þekking sem þar var byggð upp í frábæru starfsfólki sem er reynslunni ríkara á eftir að skila sér í framtíðinni. Fyrir þann sem hefur tekið þátt í slíkri uppbyggingu er hörmulegt að horfa á það hrun sem hefur orðið á bönkunum og afleiðingar þess fyrir fólkið í landinu. Ég get verið sjálfum mér reiður fyrir að hafa tekið ákvarðanir í uppbyggingu kerfis sem ekki stóðst, en með þeim ákvörðunum verð ég að lifa.

> *Ég tel að allir þeir sem stýrðu fjármálakerfi okkar Íslendinga beri sína ábyrgð og að þeim beri að meta með ábyrgum hætti hvernig þeir axli hana. Þar undanskil ég ekki sjálfan mig og á jafnt við trú mína á krónuna, uppbyggingu launakerfis sem fór úr böndunum og hjarðhegðun sem leiddi til útlánaþenslu.*

Ég tel að allir þeir sem stýrðu fjármálakerfi okkar Íslendinga beri sína ábyrgð og að þeim beri að meta með ábyrgum hætti hvernig þeir axli hana. Þar undanskil ég ekki sjálfan mig og á jafnt við trú mína á krónuna, uppbyggingu launakerfis sem fór úr böndunum og hjarðhegðun sem leiddi til útlánaþenslu.

Í fjölmörgum atriðum hefur okkur því miður farist óhönduglega: Í raun hlúðum við ekki að því hvernig við vildum að fjármálakerfið liti út í upphafi einkavæðingar. Þegar dreifðu eignarhaldi var kastað fyrir róða vorum við að búa til of sókndjarft kerfi. Samhliða þessu héldum við ekki úti nógu ströngu eftirlitskerfi. Okkur tókst heldur ekki að skapa nauðsynlegar hefðir í fjármálageiranum, þrátt fyrir viðleitni þar að lútandi. Trú mín og margra annarra á að markaðurinn gæti smíðað sitt eigið regluverk og framfylgt því reyndist ekki byggð á nægjanlega traustum grunni.

### Skorti aga fyrir krónuna

Nú er ljóst að sú umgjörð sem smíðuð var um fjármálageirann dugði ekki. Skorti þar bæði á skilning okkar sem störfuðum í fjármálageiranum á því að lesa samfélag okkar og gæta samhengis við það. Sömuleiðis skorti á skilning stjórnmálamanna á starfsemi alþjóðlegra fjármálafyrirtækja og þar með hvers konar ramma þau þurfa að búa við.

Ofan á þetta bætist að við höfum ekki náð, hvorki í pólitík né viðskiptum, að höndla sveigjanleikann sem fylgir krónunni og hún gaf okkur ekki þá umgjörð sem langvarandi verðmætasköpun krefst. Án stöðugleika erum við ofurseld sveiflum eins og þeirri sem við glímum nú við afleiðingarnar af. Það hefur því miður sýnt sig að við höfum ekki þann aga sem til þarf til að stýra eigin gjaldmiðli og nota hann sem efnahagslegt stjórntæki. Hluti af því að tryggja stöðugleika íslensks efnahagslífs til framtíðar litið hlýtur því að vera að kanna hug íslensku þjóðarinnar til fullrar aðildar að Evrópusambandinu með þeim kostum og göllum sem því fylgja.

### Kerfið of veikbyggt

Setning neyðarlaga og aðdragandi þeirra ber merki þess að stjórnvöld hafi ekki verið nægjanlega undirbúin til mæta þessari stöðu. Á margan hátt er þátttakendum í slíkum aðstæðum vorkunn, því þar voru þeir að fást við vandamál sem þeir á engan hátt þekktu eða gátu fyllilega gert sér grein fyrir hvert leiddu. Á hinn bóginn lögðu stjórnmálamenn á árinu 2008 ekki við hlustir þegar varnaðarorð voru höfð uppi. Ábyrgð þeirra er því ekki síður mikil í aðdraganda hinna örlagaríku daga í byrjun október. Að sama skapi er ábyrgð Seðlabanka Íslands mikil. Hvort sem er í því hlutverki að vera lánveitandi til þrautavara eða með því að halda úti peningamálastefnu sem reyndist vera helstefna eins og ýmsir höfðu varað harkalega við. Ábyrgð Seðlabankans á fjármálastöðugleika er lögbundin og hlýtur að felast í viðeigandi ráðstöfunum þegar stöðugleikanum telst ógnað.

Alþjóðleg fjármálakreppa er undirrót þess að fjármálakerfi okkar hrundi og í raun hefur ekkert vestrænt kerfi staðist storminn án ríkisaðstoðar. Við sem leiddum mismunandi þætti íslenska fjármálakerfisins sköpuðum of veikan grunn til að standast sviptingarnar. Þar gerðum við mistök í því að byggja upp of stórt kerfi á of skömmum tíma, reiða okkur á lítinn gjaldmiðil og peningamálastefnu sem ekki gat gengið til lengdar í heimi alþjóðaviðskipta. Við létum einnig glepjast af hraða og skammtímaárangri og misstum þar með sjónar á langtímahagsmunum og gildum samfélagsins.

Ég og aðrir þeir sem unnu að framgangi fjármálageirans hljótum að viðurkenna mistök okkar, læra af þeim og nýta lærdóminn til að byggja upp til framtíðar. Mikilvægt er að við náum að vinna okkur hratt út úr vandanum og byggja upp traust í samfélaginu á nýjan leik. Mistök fortíðar leiddu okkur á þann stað sem við erum á núna. Eins mikilvægt og það er að rannsaka ítarlega hvað gerðist, skiptir ekki síður máli að hver og einn horfi í eigin barm og bregðist við því sem hann þar finnur.

*Höfundur er fyrrverandi forstjóri Glitnis.*




Opinn fundur

Starfsmenntaráðs verður haldinn fimmtudaginn 8. janúar 2009
kl. 12:00- 13:30 í húsakynnum Mímis - símenntunar,
Skeifunni 8, Reykjavík.
Sent verður með fjarfundabúnaði út til símenntunarmiðstöðva á landinu.
Áhugasamir eru hvattir til að mæta og taka þátt í fundinum.

**Dagskrá:**

- Starf Starfsmenntaráðs sl. ár
- Úthlutanir úr starfsmenntasjóði 2008
- Áherslur Starfsmenntaráðs við úthlutanir úr starfsmenntasjóði 2009.
- Önnur mál

Starfsmenntaráð starfar samkvæmt lögum nr. 19/1992 um starfsmenntun í atvinnulífinu.
Það úthlutar styrkjum til starfsmenntunar og er stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar.

STARFSMENNTARÁÐ

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

# Byggðaáætlun 2010-2013

**UMRÆÐAN**
Snorri Björn Sigurðsson skrifar um byggðaáætlun


SNORRI BJÖRN SIGURÐSSON

Núgildandi byggðaáætlun rennur skeið sitt á enda í lok árs 2009. Iðnaðarráðuneytið, sem fer með byggðamál samkvæmt reglugerð um Stjórnarráðið, fól Byggðastofnun í október síðastliðnum að hefja vinnu við gerð nýrrar byggðaáætlunar sem nái til áranna 2010-2013.

Það sem í daglegu tali er kallað byggðaáætlun er í rauninni þingsályktun Alþingis og ber hið formlega heiti stefnumótandi byggðaáætlun. Kveðið er á um gerð slíkrar áætlunar í lögum um Byggðastofnun og segir að áætlunin skuli vera til fjögurra ára og að iðnaðarráðherra leggi hana fyrir Alþingi. Hún skuli lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Þá skuli og gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu. Tekið er fram að iðnaðarráðherra skuli vinna áætlunina í samvinnu við Byggðastofnun. Loks er tekið fram að við gerð byggðaáætlunar skuli hafa samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum.

Það er ekki séríslenskt fyrirbrigði að rekin sé byggðastefna af hálfu stjórnvalda þó stundum hafi mátt álíta sem svo af íslenskri umræðu. Þvert á móti þá reka flestöll lönd sem við berum okkur saman við umfangsmikla byggðastefnu. Þannig rennur næststærsti hluti útgjalda Evrópusambandsins til byggðamála. Er upphæðin 308 milljarðar evra á tímabilinu 2007-2013.

Þegar horft er til þess að á undanförnum árum hefur fólksfækkun hvergi í Evrópu verið eins hröð og á stórum svæðum á Íslandi og að á sama tíma voru þjóðartekjur hér einna hæstar í heiminum þá má það merkilegt heita hversu litlum fjárhæðum hefur verið varið til byggðaaðgerða hér á landi. Hin hliðin á peningnum er svo sú að á engu svæði í Evrópu hefur hlutfallsfjölgun íbúa verið eins mikil og á höfuðborgarsvæðinu hér á landi. Loks er svo vert að benda á að samkvæmt skýrslum sem unnar hafa verið af Byggðastofnun og hagfræðideild Háskóla Íslands þá er mikill munur á svæðisframleiðslu á mann á veikustu svæðunum hér á landi og á höfuðborgarsvæðinu.

Getur það verið að í glaumi veislunnar stóru undanfarin ár þá hafi það viðhorf orðið ríkjandi að landsbyggðin sé óþarfur baggi á útrásardrifnu hagkerfi sem óx eins og ský frá kjarnorkusprengju? Nú þegar sá raunveruleiki blasir við að framleiðslan, hvort heldur efnisleg eða huglæg, er sú undirstaða sem við munum byggja á, þá er líklegt að málum landsbyggðar, þar sem mikil verðmætasköpun fer fram, verði sýnd meiri virðing en áður. Kannski er aldrei mikilvægara en einmitt nú, þegar rykið er að setjast, að móta framtíðarsýn sem nær til landsins alls.

En hvers vegna byggðastefnu? Það að aðrar þjóðir reki byggðastefnu er í sjálfu sér ekki næg ástæða til að við gerum það. Til grundvallar skynsamlegri byggðastefnu og byggðaáætlun þarf að liggja réttlætisviðhorf sem felur það í sér að það sé samfélags- og stjórnvaldsverkefni að dreifa gæðum, jafna forsendur og skapa skilyrði til þróunar. Gefa íbúum færi á að njóta sín hvar sem þeir búa og skjóta með því styrkari stoðum undir verðmætasköpun þjóðarinnar.

Það er mikilvægt að gefa sem flestum þeim sem áætlunin snertir kost á að koma að gerð hennar og koma sjónarmiðum sínum á framfæri á sem flestum stigum vinnu við áætlunina.

Byggðastofnun hefur verið settur þröngur tímarammi til vinnu við gerð hinnar nýju áætlunar sem gerir erfitt um vik hvað samráð varðar. Við það verður ekki ráðið. Það er þó einlægur ásetningur starfsmanna að sem flestir geti komið ábendingum og athugasemdum á framfæri. Fyrsti liður í því var að boða til málþings seint í nóvember þar sem valinkunnt fólk var fengið til að flytja fyrirlestra um byggðamál frá ýmsum sjónarhornum. Tókst það vel til. Fyrirlestrarnir og glærur sem varpað var á tjald eru aðgengilegar á heimasíðu Byggðastofnunar www.byggdastofnun.is.

Hér með eru allir sem áhuga hafa hvattir til að kynna sér málið og koma með ábendingar og athugasemdir. Það er auðveldast að gera með því að senda póst á netfangið byggdastofnun@byggdastofnun.is

*Höfundur er forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar.*

# Hverjir mega brjóta lög?

**UMRÆÐAN**
Guðmundur J. Guðmundsson skrifar um úrskurði umboðsmanns Alþingis


GUÐMUNDUR J. GUÐMUNDSSON

Rétt fyrir áramótin kvað umboðsmaður Alþingis upp tvo úrskurði sem vakið hafa nokkra athygli. Annars vegar taldi umboðsmaðurinn að Árni Matthiesen hafi, sem settur dómsmálaráðherra, brotið gegn góðum stjórnsýsluvenjum með því að skipa Þorstein Davíðsson í embætti héraðsdómara. Hins vegar hafi Geir H. Haarde forsætisráðherra brotið lög þegar hann fyrir nokkru skipaði í embætti skrifstofustjóra nýrrar efnahagsskrifstofu ráðuneytis síns án auglýsingar.

Hvað fyrra tilfellið varðar þá er fólk löngu hætt að kippa sér upp við það þótt ráðherrar Sjálfstæðisflokksins brjóti gegn góðum stjórnsýsluháttum, í því tilfelli kemur ekkert á óvart. Hitt hljóta að vera meiri tíðindi að valdamesti maður íslenska ríkisins, sjálfur forsætisráðherrann, brjóti lög.

Slíkt gerist ekki á hverjum degi. Í fréttum Ríkisútvarpsins um málið sagði forsætisráðherra að sér þætti leiðinlegt að hafa brotið lög og það yrði farið yfir málið.

Settur dómsmálaráðherra kippti sér hins vegar lítið upp við úrskurð umboðsmannsins þegar fjölmiðlar leituðu álits hans. Undirrituðum fannst þó einna ahyglisverðast mat lögspekings nokkurs sem spurður var álits á framgöngu ráðherranna.

Hann virtist vera þeirrar skoðunar að af tvennu illu væri framganga setts dómsmálaráðherra alvarlegri því með henni hefði hann skapað ríkinu skaðabótaskyldu.

Hvernig lögspekingurinn komst að þessar niðurstöðu er mér hulin ráðgáta. Framganga setts dómsmálaráðherra flokkast vissulega undir siðlausan nepotisma og hann braut gegn góðum stjórnsýsluvenjum en hann braut ekki lög.

Hann skipaði í héraðsdómaraembætti mann sem vissulega var hæfur til að gegna því en var ekki hæfasti umsækjandinn. Forsætisráðherra braut hins vegar landslög, viðurkenndi það og fannst það leiðinlegt en taldi ekki að það kæmi til með að hafa neinar alvarlegar afleiðingar. Með yfirlýsingu sinni hefur forsætisráðherra í raun sagt ríkisstjórnina úr lögum við þjóðina.

Stjórnvöld hafa leyfi til að brjóta lög, almenningur ekki. Það er full ástæða til að spyrja sig á hvað leið það samfélag er þar sem sprautað er piparúða í augun á fólki sem mótmælir hruni efnahagslífsins, atvinnuleysi og eignamissi vegna þess að það fer ekki eftir fyrirmælum lögreglu á vettvangi en forsætisráðherranum finnst það leiðinlegt að hafa brotið lög.

*Höfundur er kennari.*

# Bréf til Þorsteins Pálssonar

**UMRÆÐAN**
Víglundur Þorsteinsson skrifar um Evrópumál


VÍGLUNDUR ÞORSTEINSSON

Sæll Þorsteinn
Ég ætla að byrja á að færa fram þá ósk að árið 2009 reynist okkur öllum farsælt.

Ég var rétt í þessu að ljúka við lestur fyrsta leiðara þíns á þessu ári þar sem þú taldir upp þau helstu verkefni sem bíða okkar Íslendinga á nýbyrjuðu ári. Um margt af því get ég verið þér sammála, þó ekki um þá staðhæfingu þína að tækifærin til hagstjórnar séu betri í evrulandi en á Íslandi og að evran sé tæki sem gefi okkur betri færi en íslenska krónan. Einu þýðingarmiklu atriði gleymdir þú eða slepptir í leiðara þínum en það er sú endurnýjun kjarasamninga sem fram undan er nú í byrjun ársins.

Verðbólgan á Íslandi árið 2008 telst mér til að mælist um 18% frá upphafi til loka ársins. Ég tel að hana megi að mestu rekja til þriggja þátta. Í fyrsta lagi verulegrar hækkunar innflutningsverðlags fyrri hluta árs, henni til viðbótar komu ábyrgðarlausir kjarasamninga sem tóku tappann úr og gáfu öllu lausan tauminn. Fyrirtækjunum í verðlagsmálum (ég ekki undanskilinn í því) og bönkunum sem nýttu tækifærið til hluta sem engan óraði fyrir, það er yfirgengilegra árása á krónuna sem þeir og stærstu eigendur þeirra stóðu fyrir í tilraun til stundarhagnaðar. Sem á endanum reyndust svo örlagaríkar að þeir tortímdu sér sjálfum.

Gengisvísitalan nú um áramót er í slíkum lægðum að útflutningsgreinar sem og samkeppnisgreinar geta miklu meir en vel við unað. Gengið stendur það lágt í dag að með öllu hefur tekið fyrir innflutning dýrari neysluvara og einkaneyslan hrunið saman með tilheyrandi samdrætti í hagkerfinu og miklu atvinnuleysi sem enn mun aukast.

Staða okkar nú við þessi áramót er slík að enginn mannlegur máttur fær forðað því að yfir okkur gangi frekari kjarskerðing en orðin er. Spurningin er eingöngu sú hvernig við getum lágmarkað þá skerðingu og komið beislinu á gamla verðbólgudrauginn sem við báðir höfðum mikil kynni af á sínum tíma í fyrri störfum.

Fyrsta verkefnið sem bíður er að taka afstöðu til þeirra kjarasamninga sem gerðir voru og nú eiga að koma til endurskoðunar. Kaupmáttarviðmiðun þeirra er kaupmáttur janúarmánaðar 2008. Lauslega mælt sýnist mér að til að þau markmið verði haldin sem er að sjálfsögðu ekki hægt þurfi að hækka laun um meira en 10% til viðbótar þeim samningsbundnum hækkunum sem samningurinn hefur að geyma en það er annars vegar krónutöluhækkun á öll laun upp á tæplega 390 þúsund og hins vegar launahækkun 3,5% á öll laun þar fyrir ofan.

Þessir samningar eru nú í upphafi ársins fyrsta og alvarlegasta verkefnið á vegi okkar til að endurreisa íslenska hagkerfið og meðan ekki sér fyrir endann á því verki verður hér ríkjandi óvissa og vantrú sem torveldar hitt meginverkefnið sem er að endurreisa íslensku krónuna sem við verðum að styðjast við til þeirrar endurreisnar hvað sem öllu gjaldmiðlaskiptahjali eða evrutauti líður.

Eitt er það sem veldur mér svartsýni nú að ríkisstjórnin hljóp á sig nú um áramót með því að flýta hækkun atvinnuleysisbóta um 13.500 kr. á mánuði þrátt fyrir að þessi hækkun hefði átt að fylgja niðurstöðum þeirrar endurskoðunar kjarasamninga sem fram undan er.

En gefum okkur að samningsaðilar sjái ljósið og viðurkenni að kjarasamningurinn er hvellsprunginn og gefi sér andrými til að leyfa hagkerfinu að rétta við á þessu ári án launahækkana. Hvers er þá að vænta? Ég tel nokkuð víst að þá megum við vænta þess að verðbólgan frá upphafi til loka ársins verði lægri en 5%, verðbólguhraðinn í árslok innan við 3%, krónan muni styrkast hratt og að stýrivextir Seðlabankans verði komnir vel niður fyrir 10% um mitt þetta ár.

Okkur til hjálpar í þessu eru nú þær ytri aðstæður með lækkun innflutningsverðlags í erlendum myntum sem okkur voru mótdrægar á síðasta ári. Það er nokkuð sem gefur okkur nú tækifærið til að leiðrétta þá innlendu þætti sem við höfum vald á og stýra til nýs stöðugleika í okkar búskap.

Verði þessi leið ofan á er það besta vörnin við þeirri kjaraskerðingu sem enn bíður okkar á þessu ári og mun um leið hafa þau áhrif að viðsnúningur í atvinnulífinu getur hafist mun fyrr en ella og atvinnuleysið getur tekið að dragast varanlega saman að nýju um mitt þetta ár. Ef vel tækist til þá gætum við jafnvel skilað lánalínum IMF fyrir árslok. Til þess að svo megi verða þurfum við að ná sátt við þá erlendu kröfuhafa sem nýju bankarnir í raun skulda fjármagn í gegnum þá gömlu.

Við Íslendingar þurfum nú enn á ný að rifja upp þau grunngildi að undir hagvaxtarstólnum eru fjórir fætur og hann mun ekki hér frekar en með öðrum þjóðum standa á þeirri einu löpp peningamálastjórnunar sem í tísku hefur verið í heiminum síðastliðin ár, jafnt hjá okkur sem í „evrulandi“, USA sem og annars staðar með þeim skelfilegu afleiðingum sem við okkur blasa. Þessir fjórir fætur eru og verða ávallt:

1. Hófstillt fjármálastjórn hins opinbera. Á það hefur mikið vantað hér á landi hjá sveitarfélögum og einnig hjá ríkinu þó þess hafi verið gætt að greiða niður skuldir þá féllu menn engu að síður í þá freistni að nota skammtímaþenslugróða til að þenja út ríkiskerfið.

2. Peningamálastjórn, þ.e. vaxtastefna sem stýrir gengi krónunnar til jafnvægis í utanríkisviðskiptum en samhliða því þurfa til að koma fætur 3 og 4. Raunsæ launapólitík sem leggur grunn að verðlagsstöðugleika. Allt eru þetta gömul og ný sannindi sem þarft er að rifja upp með reglubundnum hætti.

Á næstunni mun reyna á hvernig til tekst hjá okkur og þar reynir á kjark forystumanna í íslenskum þjóðmálum hvort heldur hinna kjörnu fulltrúa á þingi eða á öðrum vettvangi. Ef illa tekst til í kjaramálum er það alveg víst að þá mun það gerast að: ATVINNULEYSI VEX OG VERÐBÓLGAN HJAÐNAR EKKI.

Hér skiptir máli að kjörnir fulltrúar fari að segja fólki sannleikann í þessum efnum en séu ekki að flýja veruleikann og eða blekkja almenning með loforðum um „skógarferðir“ eins og athugun á inngöngu í ESB sem engu bjargar fyrir okkur Íslendinga í dag. Skapar hins vegar þá hættu að menn gleymi því verkefni sem ekki verður umflúið: Endurreisn íslensks efnahags með íslenskri krónu. Hún er sá gjaldmiðill sem við verðum að styðjast við í þeirri björgunarvinnu. Hér er mörgu við bæta um þessa kjánalegu Evrópu og evruumræðu sem geysað hefur hér en ég læt það bíða betri tíma. Þó vil ég minna menn á að bankarnir í evrulandi hrynja líka og stundum svo að ríkisstjórnir falla með þeim eins og í Belgíu. Á Írlandi tók ríkisstjórnin lífeyrissjóð opinberra starfsmanna til handargagns til að bjarga sínum bönkum. Ekki veit ég hvað opinberir starfsmenn segðu hér á landi við slíku? Í Grikklandi berjast menn á götum úti vegna efnahagsvandræðanna sem fylgja í kjölfar eyðslufyllerís þeirra við að halda Ólympíuleikana árið 2004 án þess að hafa efni á o.s.frv., o.s.frv. Af nógu er að taka í þessum efnum og efni í margar blaðagreinar.

Eitt er alveg ljóst þrátt fyrir að ábyrgðarlausir stjórmálamenn reyni að að gefa annað í skyn: Það er enga hjálp að hafa í hinum evrópska seðlabanka. Í þeim hremmingum sem nú ríða yfir heiminn rær hver þjóð fyrir sig og er ekki aflögufær öðrum til hjálpar svo nokkru nemi.

ECB er ekkert annað en hatturinn á á evrukerfinu ESCB sem er skammstöfun fyrir European System of Central Banks sem eru seðlabankar hinna einstöku evrulanda og það eru þeir sem halda á gjaldeyrisvarasjóðunum EKKI ECB sem er lítið annað en þjóðhagsstofnun og fjölmiðlafulltrúi ef ekki er samstöðu að finna hjá seðlabönkunum sextán.

Við skulum hafa í huga við þetta verkefni að við erum betur á vegi stödd en flestar aðrar þjóði ef við berum gæfu til að halda rétt á málum.

Stór hluti þess fjármagns sem endurgreiða þarf til erlendra aðila er ekki glatað fé. Það fjármagn hefur verið notað hér innanlands til fjárfestinga í atvinnulífi almennt sem og í orkufrekum iðnaði ýmissi uppbyggingu sveitarfélaga sem og fjárfestingum einstaklinga. Þær fjárfestingar munu nú margar hverjar skila sér í auknum útflutningi og aukinni framleiðslu hér innanlands til „heimabrúks“.

Ljóst er þó að miklir fjármunir hafa brunnið upp og er þar fyrst að nefna markaðsverð alls þess hlutafjár íslensku fyrirtækjanna sem brann. Síðan er til að taka þær erlendu útrásarfjárfestingar sem eru horfnar eða koma til með að hverfa og hinna sem selja þarf með tapi. Skiptir miklu að reynt sé að halda vel á spöðunum um þá úrvinnslu eins og mér sýnist menn vera að reyna.

EINN LÆRDÓM SKULUM VIÐ DRAGA AF ÞESSU. Á Íslandi verður ekki í framtíðinni frekar en annars staðar rekið stórt alþjóðlegt bankakerfi sem grundvallast á erlendum lánum. Þar þurfa aðrar aðferðir til að koma. Það eru sömuleiðis gömul sannindi og ný að þjóð sem ástundar ráðdeild og eyðir ekki um efni fram er ekki í neinum vandræðum með sinn gjaldmiðil.

*Höfundur er stjórnarformaður BM-Vallár.*

ROKKARINN MARILYN MANSON ER FERTUGUR



*„Hluti af mér hræðist mjög að kynnast öðru fólki og verða því náinn, því ég óttast mest að það yfirgefi mig.“*

***Marilyn Manson var tónlistarblaðamaður áður en hann fékk tækifæri til þess að spreyta sig á tónlistarsviðinu. Listamannsnafn hans er samsett úr nöfnum kynbombunnar Marilyn Monroe og morðingjans Charles Manson.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 5. JANÚAR 1956

## *Elvis hljóðritar Heartbreak Hotel*



Rokkslagarinn Heartbreak Hotel, sunginn af Elvis Presley, sem einnig leikur á ryþmagítar í laginu, var hljóðritaður þennan dag fyrir 53 árum. Heartbreak Hotel markaði upphaf frægðarsólar Elvis á heimsvísu, en það kom fyrst út á smáskífu 27. janúar 1956 og rauk beint í fyrsta sæti Billboards-vinsældalistans, þar sem það sat vikum saman. Smáskífan var sú mest selda í Bandaríkjunum árið 1956.

Elvis valdi sjálfur lagið en það var tekið upp í hljóðveri RCA Victors. Hann mætti með lagið tilbúið til flutnings, án allrar aðstoðar RCA. Flestir innan RCA töldu mikil mistök að hleypa Elvis að hljóðnemanum, en upptökustjórinn Steve Sholes treysti því að Elvis vissi hvað hann væri að gera.

Elvis flutti lagið í þremur sjónvarpsþáttum sama ár, en áhorfendur voru yfir 60 milljónir.

Lagið samdi Thomas Durden, sem þekkti ekki eigin lagasmíð eftir að Elvis hafði farið um hana höndum. Textinn fjallar um ástarsorg, þar sem hótel er myndlíking tilfinningaástands þess sem syngur. Durden hafði árinu áður lesið um sjálfsvíg vel klædds manns sem hafði fjarlægt öll merki af fatnaði sínum, eyðilagt skilríki sín en skilið eftir bréf sem í stóð: „Ég eigra um einmana stræti.“

Sholes notaði langa ganga hljóðversins til að ná fram óvenjulegu bergmáli lagsins, í tilraun til að ná fram hljómi Sun Records, þar sem Sam Phillips hafði notað tveggja rása upptökutæki og örlitla seinkun til að ná fram hinu eftirsótta bergmáli.

Heartbreak Hotel lenti í 45. sæti tímaritsins Rolling Stone þegar 500 bestu lög allra tíma voru valin um síðustu aldamót.

## MERKISATBURÐIR

**1848** Franskir skipsbrotsmenn koma að landi í Breiðdal, eftir að hafa hrakist í hafi á leið sinni frá Noregi.

**1874** Stjórnarskrá „um hin sérstöku málefni Íslands“ staðfest af konungi. Hún var fyrsta stjórnarskrá landsins.

**1931** Fyrsta barnið fæðist á Landspítalanum.

**1941** Fjölrituðu bréfi dreift til breskra hermanna og þeir hvattir til að ganga ekki í verk Íslendinga í verkfalli.

**1946** Kvikmynd frumsýnd um lýðveldishátíðina 17. júní 1944.

**1983** Lægð, ein sú dýpsta sem sögur fara af, gengur yfir landið og veldur truflun á samgöngum, en ekki teljandi tjóni.

## AFMÆLI



**HULDA JENSDÓTTIR** ljósmóðir er 84 ára.



**IÐUNN STEINSDÓTTIR** rithöfundur er 69 ára.



**ÞORGEIR J. ANDRÉSSON** óperusöngvari er 62 ára.



**STEINUNN HARÐARDÓTTIR** útvarpskona er 59 ára.



**DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON** skemmtikraftur er 44 ára.



**MELKORKA TEKLA ÓLAFSDÓTTIR** leikhúsfræðingur er 39 ára.



**LÍFSGLAÐUR OG ELJUSAMUR** Halldór kom til Íslands með fyrsta hópi víetnamskra flóttamanna 1979. Hann hefur gegnt mikilvægu hlutverki í málefnum Víetnama á Íslandi síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HALLDÓR HO:** HLAUT VEL AÐ VERKI STAÐIÐ-VIÐURKENNINGU ALÞJÓÐAHÚSSINS

# Erfitt að hlýða kommúnistum

„Ég var í hagfræðinámi við háskólann í Saigon þegar kommúnistastjórn Norður-Víetnam tók við stjórnartaumum í Suður-Víetnam árið 1975 og hrakti mig frá námi. Ófrelsið varð algjört og erfitt að búa undir stjórn afskiptasamra kommúnista, svo ég flúði föðurlandið á báti yfir til Malasíu, þaðan sem ég kom til Íslands með fyrsta hópi víetnamskra flóttamanna árið 1979,“ segir Halldór Ho, sem um áramót hlaut viðurkenningu Alþjóðahússins fyrir lofsverða frammistöðu í málefnum innflytjenda á Íslandi.

„Ég var 25 ára þegar ég kom til Íslands en fjölskyldan var áfram úti. Móðir mín er enn á lífi og ég á þrjá bræður í Saigon, systur í Frakklandi og bróður í Ameríku. Við vorum sjö systkinin, en eldri systir mín drukknaði þegar báti flóttafólks hvolfdi,“ segir Halldór, sem fyrst heimsótti ættjörðina á ný 1995. „Víst var erfitt að sjá ekki ástvini sína svo lengi, en maður venst því sem lífið færir manni.“

Á Íslandi hefur Halldór unnið sem vélvirki, túlkur, þýðandi og nú síðast við tölvumál. Hann útskrifaðist úr vélvirkjun frá Iðnskólanum í Reykjavík 1984 og vann hjá Vélamiðstöð Reykjavíkur í fjórtán ár. Halldór var einnig viðriðinn veitingarekstur í Kínahofinu um árabil, en 1999 hóf hann aftur nám við Iðnskólann; nú á tölvufræðibraut.

„Það tók mig nokkur ár að læra íslensku, en ég lærði mest af því að tala og hlusta. Ég ráðlegg því öllum að lesa dagblöð og hlusta á útvarp og sjónvarp þótt þeir skilji ekki orð til að byrja með, því þetta kemur allt á endanum,“ segir Halldór, sáttur við veru sína á Íslandi síðastliðin þrjátíu ár. „Mér þótti gaman að koma og lagði mig fram um að kynnast landi og þjóð. Á þessum árum voru útlendingar fáir á Íslandi og Íslendingar feimnir á móti, en ég lét það ekki stoppa mig. Ég vildi setja mig inn í hugsanagang þjóðarinnar sem fyrst og læra siði hennar og venjur,“ segir Halldór sem eignaðist góða vini meðal Íslendinga og var kvæntur íslenskri konu til fjórtán ára, en saman eiga þau þrjú börn.

„Sárast sakna ég móður minnar, matarins og veðurfarsins, því með aldrinum virðist ég þola kuldann verr. Draumurinn væri því að búa í Víetnam yfir köldustu mánuðina, en seinni konan mín er víetnömsk og vill ekki þangað aftur, en saman eigum við fjögurra ára dóttur. Ég er því í smá vanda staddur,“ segir Halldór stríðnislega, þar sem hann notar vísifingur beggja handa til að slá á lyklaborð, en í nóvember kom út 9.000 orða víetnömsk-íslensk tölvuorðabók sem hann vann í samstarfi við Mími. „Ég gogga þetta áfram eins og hæna, en fór gagngert í tölvunám til að gera orðabókina, sem ég vann á árunum 2006 og 2007 og er öllum aðgengileg á www.mimir.is,“ segir Halldór, sem er hvergi hættur. „Nú er ég byrjaður á forriti sem kennt getur útlendingum íslensku á einfaldari hátt. Íslenskan er þeim þrautin þyngri, en með forritinu ætti hún að verða aðgengilegri fyrir fleiri og auðveldara að ná valdi á henni.“

**thordis@frettabladid.is**




†

*Ástkær sonur okkar, bróðir og mágur,*

**Jón Róbert Róbertsson**

Austurhlíð, Skálatúni,

er andaðist 27. desember sl., verður jarðsunginn frá Lágafellskirkju þriðjudaginn 6. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkað, en þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð Skálatúns.

Róbert Arnfinnsson
Sandra Róberts
Alma Ch. R. Róberts
A. Linda Róberts
Agla Björk Róberts
og fjölskyldur.

Stella Guðmundsdóttir
Einar Sigurðsson
Þorlákur Hermannsson
Ólafur Þór Gunnarsson
Stefán R. Kristjánsson



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðlaug Brynja Guðjónsdóttir**

íþróttarkennari, áður til heimilis á Laugarásvegi 20,

Andaðist á hjúkrunarheimilinu Skjóli aðfaranótt aðfangadags jóla. Verður jarðsungin frá Áskirkju miðvikudaginn 7. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands, minningargjóf Guðjóns B. Ólafssonar og Guðlaugar B. Guðjónsdóttur til rannsókna á krabbameini í blóðruhálskirtli.

Guðjón Jens Guðjónsson
Bryndís Guðjónsdóttir
Brynja Guðjónsdóttir
Ása Björk Guðjónsdóttir
Ólafur Kjartan Guðjónsson
og barnabörn.

Shelly Ólafsson
Guðjón Baldursson

Daníel Oates



†

*Við þökkum af alhug öllum þeim er auðsýndu okkur hlýhug og samúð við fráfall og jarðarför sonar okkar, bróður og dóttursonar,*

**Þóris Árna Jónssonar,**

er lést 24. nóvember sl. Megi nýárið færa ykkur öllum birtu og farsæld.

Kolbrún Þórisdóttir
Axel Helgi Jónsson
Herdís Brá Jónsdóttir
Þórhildur Helgadóttir

Jón B. Guðlaugsson



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug, vináttu og samúð við andlát og útför ,*

**Wolfgangs Stross.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á gjörgæsludeild og deild 12E á Landspítalanum við Hringbraut.

Ásdís Stross Þorsteinsdóttir
Sigríður Roloff
Þórdís Stross
Karen Stross
börn þeirra og barnabörn

Þorsteinn Þorsteinsson
Hafsteinn Ólafsson



**NÁMSKEIÐ** fyrir eigendur „Makka“ eru haldin reglulega í Apple-búðinni á fyrstu hæð Kringlunnar en þar er meðal annars hægt að læra grunnatriðin í nokun Mac OS X stýrikerfisins, iPhoto, iMovie, iDVD, Keynote og Address Book svo dæmi séu tekin.



**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

ÚTSALA
Patti húsgögn
VALDAR VÖRUR Á ALLT AÐ 80% AFSLÆTTI
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

Útsalan er hafin
Allar vörur með 40% afslætti
IANA
Laugavegi 53 • s. 552 3737
opið mánudag til föstudag 10-18

;ALLT 512 5447 auglýsingasími

;ALLT 512 5473 AUGLÝSINGASÍMI

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



Þórunn María Jónsdóttir búningahönnuður með börnum sínum Hildi Franzisku, 10 ára, og Tryggva Kormáki, sem senn verður þriggja ára. Þórunn starfar sem búningahönnuður, nú síðast í jólasýningu Þjóðleikhússins, Sumarljósi eftir Jón Kalman Stefánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Lampi með Atlas-hnetti

**Undragripur með glitrandi ljósum, sem fannst á götumarkaði í Belgíu, geymir dularfulla sögu og margslungin áhrif á heimili Þórunnar Maríu Jónsdóttur búningahönnuðar í Vesturbæ Reykjavíkur.**

„Ég keypti þennan lampa fyrir fimmtán árum á götumarkaði í Belgíu, en hann er unninn úr furðulegu samansafni málms, glers og tréverks,“ segir Þórunn María þar sem hún nýtur sérstæðrar birtu lampans með börnum sínum í stofunni heima.

„Mér þykir ævinlega vænt um þennan lampa því hann minnir svo á tímann þegar ég bjó ytra. Kúlan í miðjunni minnir svo alltaf á Atlas-hnött, og á sama tíma og lampinn veitir manni birtu og yl þegar legið er uppi í sófa, fær hann hugann til að reika lengra og setja hlutina í örlítið stærra samhengi en sófableðilinn sem maður hangir í,“ segir Þórunn María brosandi. Hún segir glerverk í lampanum vera eins og hver önnur mjólkurglös með gati í botninum, þar sem súlan gengur í gegn.

„Sumir velta fyrir sér hvort þetta séu góðærisglös eða jafnvel kreppuglös, þar sem góðærið renni beint í gegn. Lampinn er hreinasta furðusmíð og stundum efast ég um að skermurinn eigi heima á honum, því hann er eins og frá öðrum stað og öðrum tíma,“ segir Þórunn María, sem veit minnst um margflókinn gripinn.

„Lampinn á sér ókunna sögu því hann átti sér annan stað og þjónaði öðrum húsbónda áður en ég tók hann til mín. Hér er hann notaður sem leslampi og birtugjafi, og ég alltaf jafn ánægð með hann því hann passar hvergi í tískustrauma en ber með sér súpu af stílum,“ segir Þórunn María, sem finnst meira gaman að eiga eitthvað skrýtið og skemmtilegt til heimastáss, en það sem finnst á öðru hvoru heimili. „Gamlir, sjaldgæfir hlutir hafa gjarnan meiri sál. Þessi hefur furðulega sál og minnir stundum á einkennilega manneskju, með skerminn sem haus og perustæðin eins og handleggi í styttra lagi.“

*thordis@frettabladid.is*

friendtex
ÚTSALA
Bonito ehf. • Faxafeni 10 • 108 Reykjavík • Sími 568 2870 • www.friendtex.is



**FISKABÚR** eru heillandi og síbreytileg heimilisprýði. Kringlótt búr á borði stendur fyrir sínu en með hugmyndaflug og verksvit að vopni mætti ímynda sér fiskabúr felld inn í vegg, borð eða aðrar innréttingar með ævintýralegri útkomu.


NÝTT LÍF - HREYFUM OKKUR Á NÝJU ÁRI !



teg. Freya Active
- spangarlausi
íþróttahaldarinn í
D,DD,E,F,FF,G,GG,H
skálum á kr. 6.990,-

Misty

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið

Fasteignablaðið
512 5469
694 4103
Ruth Bergs
ruth@365.is




Fallegir stofuskápar gera oft mikið fyrir borðstofuna og eru tilvaldir fyrir sparistellið. Eins getur hentað vel að geyma bækur í lokuðum skápum þar sem ryk fellur síður á þær. Margir retro-skápar eru smekklegir og setja skemmtilegan svip á heimilið.



Margir kjósa frekar að hafa opnar hillur en efri skápa í eldhúsinnréttingum. Innréttingin verður léttari og auðveldara er að ná í hlutina. Hins vegar er nauðsynlegt að raða snyrtilega á hillurnar svo útlitið verði ekki draslaralegt.



Hillur sem ná veggja á milli setja oft fallegan svip á annars stílhreint umhverfi. Sniðugt er að geyma matreiðslubækurnar nálægt eldhúsinu á þess háttar hillum.

# Að vera á réttri hillu

**Hillur eru hið mesta þarfaþing, jafnt stórar sem smáar, og einfalda skipulag til muna. Eftir jólavertíðina er eflaust ekki vanþörf á góðum hirslum hér og þar undir bækur og annað smálegt.**

Hilluúrval er fjölbreytt og má nota þær á ýmsan máta. Þó svo sumar hillur séu til að mynda hannaðar fyrir geymslur þá er ekkert sem segir að ómögulegt sé að nota þær í stofuna. Fer það eftir stíl hvers og eins. Hráar stálhillur geta virkað vel í samhengi við rétt húsgögn í stássstofu hins djarfa og eins getur gamall stigi gegnt hlutverki handklæðahengis inni á baði. Ef erfitt reynist að finna réttu hilluna má síðan alltaf taka upp hamarinn og klambra saman hinni fullkomnu hillu, eða fá einhvern góðan í verkið. Hér gefur að líta nokkrar lausnir sem reynst geta vel við mismunandi aðstæður.

*hrefna@frettabladid.is*





Nýta má plássið með litlum hillum sem eru líka skúffur. Þar er kjörið að geyma smádót eins og lykla. Hornhillur eru svo ágætis leið til að nýta betur pláss í litlu rými.



Sérsmíðaðar bókahillur eru ávallt glæsilegar og rúma ótrúlega mikið.


VINNUVÉLA-
NÁMSKEIÐ

Næsta
námskeið
hefst
9. jan. n.k.



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

Gleðilegt ár
*Kennsla hefst 7. janúar*



**Ballet-leikskóli**
*Ein kennslustund í viku, 3 – 4 ára*

**Ballet-forskóli**
*Ein kennslustund í viku, 4 – 6 ára*

**Balletstig**
*2 – 3 kennslustundir í viku, 7 ára og eldri*

Kennslan skiptist í tvær annir. Haustönnin er 12 vikna námskeið, og vorönnin 12 – 14 vikna námskeið.
**Kennt er í Skipholti 35 í Reykjavík, og Íþróttahúsi Breiðabliks í Kópavogi.**
Frekari upplýsingar á www.balletskoli.is
Skólinn er aðili að Frístundakorti ÍTR.

*Upplýsingar og innritun í síma 567 8965 og 588 4960*

balletskóli sigríðar ármann

**MÓSAÍKNÁMSKEIÐ** eru haldin á vinnustofu Alice Olivia Clarke að Brekkugötu í Hafnarfirði. Þar kennir hún grundvallaratriði í mósaíkgerð og kynnir helstu aðferðir, efni og verkfæri sem notuð eru. Á námskeiðinu búa allir til tvo hluti. Nánari upplýsingar á alice@aok.is eða í síma 697-6111.





# Leiðsögn um frumskóginn

**Í ljósi breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu leiða margir hugann að því hvernig megi styrkja stöðu sína á atvinnumarkaði. Hjá Mími símenntun er hægt að fá upplýsingar og ráðgjöf við val á námi eða starfi.**

„Við bjóðum fólki á vinnumarkaði upp á hlutlausa ráðgjöf í tengslum við val á námi eða starfi, því að kostnaðarlausu. Við hjálpum því að takast á við þær breytingar sem eru í gangi, átta sig á möguleikunum og hvernig það geti styrkt stöðu sína,“ segir Sigríður Dísa Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi hjá Mími símenntun, um verkefnið Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað sem símenntunarstöðvar um land allt halda utan um og Mímir og Iðan, fræðslumiðstöð atvinnulífsins, annast framkvæmd á höfuðborgarsvæðinu.

„Við leitumst við að vera með yfirsýn yfir allt námsframboðið fyrir fullorðna til að aðstoða þá við að komast í gegnum frumskóginn,“ útskýrir hún enn fremur. „Við hjálpum fólki að skoða sjálft sig; hvað það langar til að gera, hverjir styrkleikar þess og færni eru og hvar það þarf helst að styrkja sig og bæta. Slíkt er til að mynda mikilvægt fyrir þá sem eru að upplifa breytingar. Þeim hjálpum við við að koma auga á möguleikana sem eru í boði út frá þeirra forsendum.“

Að sögn Sigríðar er fólk aðstoðað við gerð ferilskrár, starfsleit og undirbúning fyrir námsumsóknir. „Við hjálpum til dæmis þeim sem eru með langa starfsreynslu að kortleggja hana og fá hana metna inn í nám. Aðstoðum fólk við að setja sér markmið og gera áætlanir. Því er svo velkomið að leita aftur til okkar reynist þess þörf. Sé það hins vegar komið inn í formlegt skólakerfi getur það leitað ráðgjafar þar.“



„Við leitumst við að vera með yfirsýn yfir allt námsframboðið sem er fyrir fullorðna til að aðstoða þá við að komast í gegnum frumskóginn,“ segir Sigríður Dísa Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi hjá Mími símenntun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hún hvetur fólk jafnframt til að kynna sér möguleika á styrkjum úr fræðslu- og starfsmenntasjóði stéttarfélaganna. „Það auðveldar fólki að kosta námið. Þeir hjá VR hafa til dæmis ákveðið að greiða allt að 75 prósent af námskostnaði þeirra sem eru skráðir atvinnulausir, eigi þeir inneign hjá sjóðnum.“

Sigríður telur mikilvægt að almenningur viti af þjónustu sem þessari. „Af þeim sökum höfum við líka farið inn á vinnustaði og kynnt verkefnið. Við förum til dæmis ekki alls fyrir löngu inn í verslanir í Kringlunni og ráðlögðum fólki að nýta sér þjónustuna; hvöttum það til símenntunar og starfsþróunar. Þá kom í ljós að fáir vissu af henni. Þetta er hins vegar einfalt mál, og hefst einfaldlega með því að panta sér viðtal.“ Nánar á www.mimir.is.

*roald@frettabladid.is*








ÚT AÐ GANGA!



Mjúkir og þægilegir leðurskór á góðum gúmmísóla fyrir dömur. Stærðir: 36-42 Litir: Rautt og svart
Verð: 11.900.-



Mjúkir og þægilegir leðurskór með stömum sóla fyrir dömur. Stærðir: 36 - 42 Litir: svart
Verð: 11.900.



Vandaðar og góðar herramokkasíur úr leðri, Stærðir: 40 - 46 Litir: svartir og ljósir
Verð: 6.885.-



Flottir og sportlegir leðurskór fyri alvöru menn. Stærðir: 40 - 48 Litir: svart, brúnt og mislitt.
Verð: 9.985.-

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

VORÖNN 2009

MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ STOFNAÐUR 1966

Öldungadeild MH
ævinlega í fararbroddi

Viltu hefja nýtt nám, rifja upp eða bæta við þekkingu þína?

Þá er Öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð lausnin. Þar starfa vel menntaðir og reyndir kennarar. Við Öldungadeildina er hægt að stunda nám til stúdentsprófs á þremur bóknámsbrautum; félagsfræðabraut, málabraut og náttúrufræðibraut.

Kennsla fer fram seinnipart dags, frá mánudegi til fimmtudags.

Fólk getur aðlagað tímasókn að eigin þörfum, þar sem ekki er mætingaskylda í Öldungadeildinni og námsefnið er allt sett inn á aðgengilegan námsvef.

- danska
- enska
- norska
- sænska
- franska
- ítalska
- spænska
- íslenska
- saga
- félagsfræði
- afbrotafræði
- þjóðhagfræði
- myndlist
- sálfræði
- uppeldisfræði
- eðlisfræði
- jarðfræði
- líffræði
- stærðfræði
- lögfræði
- tölvufræði



Fyrir þá sem liggur á
LOTUKERFI – Nýtt námsfyrirkomulag í Öldungadeildinni

Á vorönn er nemendum líka gefinn kostur á að taka þrjú fög á tvöföldum hraða.
Hver áfangi er kenndur tvisvar í viku, alls í 3 klst. Önninni er skipt í tvær lotur.

Fyrri lotan 12. janúar – 1. mars
Áfangar í boði: ÍSL203, SAG103 og STÆ403.

Seinni lotan 5. mars – 30. apríl
Áfangar í boði: ÍSL303, SAG203 og STÆ503.

Innritun
Innritun í deildina er í fullum gangi á vef skólans www.mh.is. Jafnframt verður innritað í MH dagana 6., 7., og 8. janúar kl. 9–12 í símum 595 5207 og 595 5200 og í skólanum kl. 12–18.30. Flestöll stéttarfélög taka þátt í menntunarkostnaði félaga sinna.
Kennsla hefst mánudaginn 12. janúar. Heimsækið okkur á mh.is.

Grafíka 08



**FERÐASMIÐJAN ESKIMOS** býður upp á hellaferðir á Suðurlandi. Hellarnir eru frá því að vera 100 til 2000 metra djúpir. Nánar á www.eskimos.is.

# Vakað yfir hverju fótmáli

**Árlega týnast ferðalangar og lenda í óhöppum á ferðum sínum um landið. Heima bíða ástvinir í von og óvon. Nú fæst neyðarsendir sem sýnir hvar ferðalangurinn er í tölvu og nýtist til sendingu neyðarboða.**

„Neyðarsendirinn er ómissandi fyrir rjúpnaskyttur, göngufólk, skíðafólk, vélhjólafólk, hestamenn, jeppafólk og aðra ferðalanga,“ segir Ásgeir Örn Rúnarsson, sölustjóri hjá AMG Aukaraf, um Spot-neyðarsendinn sem hefur sannað sig sem traustur öryggisbúnaður á ferðalögum.

„Þetta er eina tækið sinnar tegundar sem notar gps-gervihnattakerfi til að staðsetningar og Global Star-gervihnattakerfið til sendinga neyðarboða sem auðvelda björgunarsveitum að finna og hjálpa þeim sem eru í neyð. Einnig má stilla á sjálfvirka sendingu í tölvu og leyfa þeim sem heima sitja að fylgjast með ferðum, ásamt því að senda þrenns konar skilaboð,“ segir Ásgeir og vísar til takkanna OK, Help og 911 á neyðarsendinum.



Ásgeir Örn Rúnarsson er félagi í ferða- og útivistarfélaginu Slóðavinum (www.slodavinir.org) og vanur að ferðast með Spot neyðarsendinn á vélhjóli sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„OK-takkinn þýðir að allt sé í lagi, Help-takkinn merkir ósk um minniháttar aðstoð, eins og sprungið dekk og ef farartæki festist, og 911-takkinn er neyðarkall til björgunarsveita,“ segir Ásgeir um Spot sem kostar um 30.000 krónur. „Að auki þarf áskrift að neti gervihnattaframleiðandans, en í því er ótakmarkaður skilaboðafjöldi ásamt ferilvöktun, sem sendir nýjar upplýsingar um staðsetningu ferðalangs á tíu mínútna fresti. Ferill ferðamannsins er mikils virði ef leita þarf að honum, því ferilvöktun sýnir nákvæma leið hans áður en sendingar hætta að nást vegna lélegrar afstöðu gagnvart gervitunglum,“ segir Ásgeir, sem farið hefur fyrir hópi fólks með neyðarsendinn í farteskinu.

„Þá hafa allir haft krækju á vefsíðu þar sem aðstandendur geta fylgst með ferðalaginu, en tækið sendir frá flestum stöðum í heiminum,“ segir Ásgeir og bendir á www.findmespot.com fyrir dreifingu Spot á heimsvísu.

„Annar möguleiki er iridiumsími, sem kostar frá 200 til 400 þúsund, með mjög dýra áskrift og mínútugjald. Það þótti mér óaðlaðandi kostur, því á vélhjóli vill maður vera sem léttastur. Spot er svo nettur að ég set hann efst í bakpoka þar sem hann nær góðu sambandi við gervitunglin. Því fylgir góð öryggistilfinning að vera með neyðarsendi á ferð. Auk hans mælum með alltaf með að fólk hafi með sér gps-tæki til að vita sjálft hvar það er statt og VHS-talstöðvar til að geta kallað á fyrstu hjálp sem næst sér.“

*thordis@frettabladid.is*


Stórglæsileg sérblöð,
**Skólar og námskeið**
**og Heilsa og lífsstíll**
fylgja Fréttablaðinu í janúar.




6. janúar




8. janúar

**Auglýsendur vinsamlegast hafi samband:**
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is
Bjarni Þór í síma 512 5471 eða bjarnithor@365.is
Hlynur í síma 512 5439 eða hlynurs@365.is
Benedikt í síma 512 5411 eða eða benediktj@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft – alla daga




**Fréttablaðið stendur upp úr**

**Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið**

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst - október 2008.

# ;ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn
er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI




Fjórhjól til sölu Polaris 500 X2 árg.2007 ek 100 klst. Stuðaragrind að framan og aftan. Hiti í handföngum.Hjól í toppstandi. Verð 1250 þús. m/vsk. Uppl.í síma 892-0566.

**Fjórhjóla og mótorhjólaleigan**
**Sími: 6951855**
**www.ridingiceland.is**




**Útsala!**
Robot ryksugurnar komnar! Vinnur 3 verk, ryksugar moppar og sótthreinsar, með UV innrauðu ljósi. Fer sjálf í hleðslu, hreinsar sjálfkrafa betur þar sem óhreinindi eru. Hreinsar allar gerðir gólfa. Íslenskur leiðarvísir. Verð áður 48.900.-kr verð nú 39.900.- kr.



**Útsala!**
Vertu viðbúin! Fáðu þér þjófavörn sem hringir í síman þinn og tvö önnur símanúmer sem þú velur ef brotist er inn hjá þér. Nú fáanlegt fyrir aðeins 18.900.- kr Verð áður 29.900.- kr. Þráðlaus, einfalt í uppsetningu fyrir heimili og smærri fyrirtæki.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

### Bílar til sölu



Toyota Avensis árg.'07 ssk, ek.14þ km. V.2,9 millj. Toppbíll. Uppl. í s.6985230



**Pajero tilboð 95 þ.**
Til sölu Pajero '91 ek. 190þ. Sk. '09 ssk., V6 bensín. Krókur. V. 95þ. S. 897 8779.

### 0-250 þús.



Crysler Sebring LXI '95. 2,5L. Bensín, Ek.140þ. Ath öll skipti. V. 200þ. S.897 3732.

### Bílar óskast

Toyota óskast, ekki eldri en 10 ára, skoðaður, í lagi, á 200-300 þús. S:8994512

Óska eftir vél í Pajero. SW 2,8 diesel. Árg. '97. S. 848 7017.

### Vinnuvélar

Hjólaskófla 34t '89 árg. í góðu lagi. verð 1,5+vsk uppl í síma 869 7296

### Bátar

**Réttindanám fyrir báta undir 12 metrum og skemmtibátaréttindi.**

**Fjarnám við framhaldsskólann í austur-Skaftafellssýslu.**
**Skráning á vefnum www.fas.is**
**Sími 470 8070**
**Umsóknarfrestur**
**til 14. Janúar 2009**

### Hjólbarðar




Heilsársdekk með kvartskornum. Mun betra grip en hefðbundin dekk. Umhverfisvæn og hljóðlát. Aukið öryggi í hálku og bleytu. Styttri hemlunarvegalengd. Meira öryggi í beygjum. Amerísk gæðadekk. Söluaðilar; Efnir ehf, Vesturhraun 3, Garðabær S. 555 1122 - Nýbarði Lyngási 8 - Garðabæ S. 565 8600.

### Varahlutir

**Renault Megané '97-'08 Mazda 626 '97-'02 Cadillac Seville '93-'02**
Vélar, gírkassar, sjálfskipting, boddyhlutir, felgur, innréttingar, airbag ofl. S. 772 6777 & 824 1919.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

## ÞJÓNUSTA

### Hreingerningar

**Atilö**
**Þrif & Viðhald**
Hreingerningar • Flutningsþrif
Gólfbónun • Teppahreinsun
• Húsgagnahreinsun •
**Sími: 662 0 662**

**Hreingerningaþjónusta**
**Þvegillinn**
**5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, regluleg ræsting sameigna. Verðtilboð. Simi 512 4010. www.vy.is

### Garðyrkja




### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, framtöl, ársreikningar ofl. S. 696 3969 og á www.ulfurinn.is

### Fjármál

**ATOZ**

Viltu margfalda peningana þína? Skattamál, stofnun fyrirtækja, gjaldþrotaðráðgjöf atoz@atoz.is s: 771 45 45

### Búslóðaflutningar

**Búslóðaflutningar S. 555 6363**
Búslóða flutn., vörufl., píanó flutn. og aukamenn ef óskað er. Sama verð alla daga !! Allar stærðir bíla. Uppl. í síma 555 6363 & 899 7188.

**Búslóðaflutningar**
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

### Húsaviðhald

**VIÐHALDSVIRKNI**
S 517-0117 & 661-0117
**HÚSAVIÐGERÐIR**
www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is
S. 517 0117 & 661 0117




**Viðhaldsþjónusta**
**Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar á t.d pípulagnir, smíðar, rafvirkjun og múrviðgerðir.**
**Vanir menn, vönduð vinna.**
**Upplýsingar í síma 892 1524.**
**Klippið út**
**- Geymið auglýsinguna!**

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð.**
**Upplýsingar í síma 899 2420**
**Steingæði ehf.**

**BORTÆKNI**
STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
567-7570

**E.H. MÚR**
ÁRATUGAREYNSLA Í HÚSAVIÐGERÐUM.
UPPL. Í SÍMA
697 8763

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - gólf. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

**Lekur þakið ?**
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

### Stífluþjónusta

Stífluþjónustan ehf
S. 554 2255 / 896 5800
Stíflulosun-röramyndum
www.stiflutjonustan.is

### Tölvur

**Vandaðar tölvuviðgerðir**
Geri við allar tegundir. MEDION DELL ACER HP TOSHIBA IBM/LENOVO FUJITSU O.FL. Ríkharður - Miðnet ehf S. 615 2000

### Dulspeki-heilun




### Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

**Englaljós**
S. 908 7000 & 863 1987
Tarot,
miðlun,
fyrirbænir
Opið alla daga frá 12-01
VISA/EURO




**Kærleiks-ljósið**
Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla
VISA 566 7311 EURO

www.orlagalinan.is
**Örlaga línan**
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI**
– Spámiðill
Spái í spil og kristalkúlu.
Fyrirbænir.
Sími 6183525
www.engill.is

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árssspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Iðnaður

**Málmsmíði**
Nýsmíði Byggingariðnaður: t.d stigar, handrið, svalir, sólstofur ofl. - Fyrir skip: Brír, þilför, lúgur ofl. Uppl. ihf.iceland@gmail.com & s. 820 5100

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069

**visir.is**
...ég sá það á visir.is

### Rafvirkjun

**Raflagna og dyrasímaþjónusta**
Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi.
Nýlagnir og endurnýjun raflagna.
Gerum verðtilboð
**Rafneisti s. 896 6025**
löggildur rafverktaki.
rafneisti@rafneisti.is

**Raflagnir**
**Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
**Jón Jónsson**
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

### Viðgerðir

**Loftnets og símaþjónusta**
Viðgerðir og uppsetningar á loftnetum, diskum, heimabíóum og flatskjám.
Loftnetstækni S. 894 2460.

## KEYPT & SELT

### Til sölu

**Hlutafélag í Bretlandi eða Hollandi**
**Vantar þig félag í Bretlandi eða Hollandi?**
**Með eða án bankareiknings.**
**Traust og örugg þjónustu hringdu núna!**
**Regent Account Ltd S: 618-7001**
**Uppl. í s. 618 7001**

### Óskast keypt

Óska eftir að kaupa borð og stóla fyrir veitingarekstur, einnig óskast uppþvottalína, ofn, djúpst.pottur, hrærivél og fl. Uppl. í s. 895 1700

### Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

### Til bygginga



Hanna og smíða stiga. Fást á ýmsum byggingarstigum. Sérlausnir í þrengslum. 25 ára reynsla. Uppl. í s. 894 0431.

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is


MATARKARFAN
TILBOÐIN
MENNINGARVIÐBURÐIR
FYRIR BÖRNIN
NAUÐSYNLEGT FYRIR NEYTENDUR
– FULLT AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM
SPARNAÐUR
UPPSKRIFTIR
FATNAÐUR
FYRIR VEISLUNA
LÍKAMSRÆKT
HEIMILIÐ
TÓNLEIKAR
FASTEIGNIR
HEIMILISTÆKI
BORGARFERÐIR
BÍLAR
Í Fréttablaðinu færðu nýjustu upplýsingar um vörur og þjónustu, heitustu fréttirnar og bestu tilboðin. Á hverjum degi í langmest lesna dagblaði á Íslandi, Fréttablaðinu.
FRÉTTABLAÐIÐ
MARKAÐSTORG HEIMILANNA

## Fasteignir

**BÚSETI™**
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

Búseti hsf. • Skeifan 19, 108 Reykjavík • Sími: 520 5788 • Fax: 533 5749 • Veffang: www.buseti.is


Garðhús 4
112 Reykjavík
Íbúð: 302
4 herb. 115,2 fm
laus 1. maí

Búseturéttur - hámarksverð: 3.859.635
Búseturéttur - lágmarksverð: 2.382.272
Búsetugjald: 77.615


Dvergholt 3
220 Hafnarfjörður
Íbúð: 101
2 herb. 78,3 fm
Laus fljótlega

Búseturéttur - hámarksverð: 1.586.792
Búseturéttur - lágmarksverð: 1.204.491
Búsetugjald: 88.925


Kirkjustétt 7
113 Reykjavík
Íbúð: 202
4 herb. 102,8 fm
Laus fljótlega

Búseturéttur - hámarksverð: 2.849.926
Búseturéttur - lágmarksverð: 1.794.784
Búsetugjald: 121.417


Kristnibraut 65
113 Reykjavík
Íbúð: 203
4 herb. 110,4 fm
Laus skv. samkomul.

Búseturéttur - hámarksverð: 3.321.995
Búseturéttur - lágmarksverð: 2.248.096
Búsetugjald: 134.596


Kristnibraut 65
113 Reykjavík
íbúð: 401
3 herb. 93,7 fm.
Laus miðjan mars '09

Búseturéttur - hámarksverð: 2.819.483
Búseturéttur - lágmarksverð: 1.908.031
Búsetugjald: 114.211


Þverholt 15
270 Mos.
Íbúð: 303
4 herb. 100,2 fm
Laus skv. samkl

Búseturéttur - hámarksverð: 2.705.190
Búseturéttur - lágmarksverð: 1.870.285
Búsetugjald: 127.027


Bjallavað 11
110 Rvk
Íbúð: 102
2 herb. 71,7 fm
Laus maí/júní 2009

Búseturéttur - hámarksverð: 2.065.549
Búseturéttur - lágmarksverð: 1.676.251
Búsetugjald: 92.012


Gvendargeisli 17
113 Reykjavík
Íbúð: 103
2 herb. 60,2 fm
Laus strax

Búseturéttur - hámarksverð: 1.905.898
Búseturéttur - lágmarksverð: 1.905.898
Búsetugjald: 93.535


Gvendargeisli 17
113 Reykjavík
Íbúð: 104
3 herb. 79,0 fm
Laus fljótlega

Búseturéttur - hámarksverð: 2.882.872
Búseturéttur - lágmarksverð: 2.712.503
Búsetugjald: 119.310


Gvendargeisli 17
113 Reykjavík
Íbúð: 201
3 herb. 79,1 fm
Laus skv. samkl. sem fyrst

Búseturéttur - hámarksverð: 2.893.549
Búseturéttur - lágmarksverð: 2.893.549
Búsetugjald: 119.398


Gvendargeisli 17
113 Reykjavík
Íbúð: 203
2 herb. 60,5 fm
Laus 31. maí 2009

Búseturéttur - hámarksverð: 1.911.237
Búseturéttur - lágmarksverð: 1.911.237
Búsetugjald: 94.038


Gvendargeisli 17
113 Reykjavík
Íbúð: 402
2 herb. 59,5 fm
Laus strax

Búseturéttur - hámarksverð: 1.873.867
Búseturéttur - lágmarksverð: 1.873.867
Búsetugjald: 92.538


Gvendargeisli 17
113 Reykjavík
Íbúð: 502
2 herb. 60,2 fm
Laus skv. samkl.

Búseturéttur - hámarksverð: 1.905.899
Búseturéttur - lágmarksverð: 1.905.899
Búsetugjald: 93.536


Berjavellir 4
221 Hafnarfjörður
Íbúð: 103
3 herb. 79,9 fm
Laus 18. febrúar

Búseturéttur - hámarksverð: 2.858.082
Búseturéttur - lágmarksverð: 2.858.082
Búsetugjald: 120.268


Berjavellir 4
221 Hafnarfjörður
Íbúð: 104
3 herb. 79,2 fm
Laus skv. samkl.

Búseturéttur - hámarksverð: 2.078.605
Búseturéttur - lágmarksverð: 2.078.605
Búsetugjald: 123.591


Berjavellir 4
221 Hafnarfjörður
Íbúð: 205
3 herb. 79,9 fm
Laus strax

Búseturéttur - hámarksverð: 2.120.177
Búseturéttur - lágmarksverð: 2.120.177
Búsetugjald: 124.135


Berjavellir 4
221 Hafnarfjörður
Íbúð: 206
3 herb. 79,2 fm
Laus strax

Búseturéttur - hámarksverð: 2.806.117
Búseturéttur - lágmarksverð: 2.806.117
Búsetugjald: 120.368


Berjavellir 4
221 Hafnarfjörður
Íbúð: 401
3 herb. 79,4 fm
Laus fljótlega

Búseturéttur - hámarksverð: 2.858.082
Búseturéttur - lágmarksverð: 2.858.082
Búsetugjald: 120.268


Berjavellir 4
221 Hafnarfjörður
Íbúð: 403
2 herb. 60,8 fm
Laus fljótlega

Búseturéttur - hámarksverð: 1.985.068
Búseturéttur - lágmarksverð: 1.985.068
Búsetugjald: 93.926


Berjavellir 4
221 Hafnarfjörður
Íbúð: 404
3 herb. 72,7
Laus strax

Búseturéttur - hámarksverð: 2.483.933
Búseturéttur - lágmarksverð: 2.483.933
Búsetugjald: 111.316


Berjavellir 4
221 Hafnarfjörður
Íbúð: 504
3 herb. 73,3 fm
Laus fljótlega

Búseturéttur - hámarksverð: 1.714.849
Búseturéttur - lágmarksverð: 1.714.849
Búsetugjald: 115.648

- **Með kaupum á búseturétti færðu vaxtabætur eða húsaleigubætur eftir tegund lána.**

Dæmi um húsnæðiskostnað

| Berjavellir 4 | 3ja herb. | 2ja herb. |
|---|---|---|
| Búseturéttur | 1.992.028 | 1.542.545 |
| Mánaðargjald | 121.480 | 94.064 |
| Áætluð rafmagnsnotkun | 3.000 | 2.000 |
| Vaxtabætur hjóna | -24.766 | -24.766 |
| Húsnæðiskostnaður | 99.714 | 71.298 |

- **Vaxtabætur einstæðra foreldra eru að hámarki 19.260,- og einhleypra 14.976,-**
- **Hvað er innifalið í mánaðargjaldi?**
  - Afborgun lána
  - Brunatrygging fasteignar
  - Fasteignagjöld
  - Hiti
  - Húseigendatrygging
  - Hússjóður
- **Hvað er ekki innifalið?**
  - Innbústrygging
  - Rafmagn íbúðar

*Fyrirvari er um mögulegar prentvillur og breytingar á verði. Ofangreindir þættir taka mið af samþykktum félagsins og reglum.*

***Íbúðum að Berjavöllum fylgja öll stærri heimilistæki***

www.buseti.is

## Tilkynningar

Stórglæsileg sérblöð,
**Skólar og námskeið og Heilsa og lífsstíll**
fylgja Fréttablaðinu í janúar.

**Auglýsendur vinsamlegast hafi samband:**
**Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is**
**Bjarni Þór í síma 512 5471 eða bjarnithor@365.is**
**Hlynur í síma 512 5439 eða hlynurs@365.is**
**Benedikt í síma 512 5411 eða eða benediktj@365.is**

FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft – alla daga



6. janúar



8. janúar



skemmtilegri
RÉTTUR
HEFST 18. JANÚAR
HÖRKUSPENNANDI LÖGFRÆÐIKRIMMI
SVO SPENNANDI
SVO ÁSTRÍÐUFULL
SVO HEIT
SVO SKEMMTILEG
SVO SKEMMTILEG Í JANÚAR
SVO SKEMMTILEG
SVO SPENNANDI
SVO HEIT
SVO ÓVÆNT
ENGIN AFNOTAGJÖLD AF RÚV OG ÞÚ FÆRÐ STÖÐ 2 STÖÐ 2 BÍÓ STÖÐ 2 EXTRA Í EINUM PAKKA
MAD MEN - sunnudaga
Besti þáttur ársins
AMERICAN IDOL - hefst 19. janúar
Stærri og flottari en nokkru sinni
COLD CASE - sunnudaga
LOGI Í BEINNI - föstudaga
PRISON BREAK - fimmtudaga
WORST WEEK - þriðjudaga
WET PAINT
GOSSIP GIRL - miðvikudaga
SJÁLFSTÆTT FÓLK - sunnudaga
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Yfirtökutilboð til hluthafa í Exista hf.

Þann 8. desember 2008 skráði BBR ehf. sig fyrir nýju hlutafé í Exista hf. sem nam 50 milljörðum hluta. Í kjölfarið nam eignarhlutur BBR ehf. (77,9%) og Bakkabraedur Holding B.V. (10%) samtals 87,9% af heildarhlutarfé Exista hf., en bæði félögin eru í eigu Lýðs Guðmundssonar og Ágústs Guðmundssonar. BBR ehf. ber því samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti að gera öðrum hluthöfum Exista hf. yfirtökutilboð, þ.e.a.s. tilboð um að kaupa hluti þeirra í félaginu. Rétt er að taka fram að Bakkabraedur Holding B.V. eru ekki lengur eigendur að fyrrgreindum eignarhlut í Exista

## Tilboðsverð

Í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem ríkt hafa á fjármálamörkuðum og þess að lokað var fyrir viðskipti með hlutabréf Exista hf. frá 6. október 2008 allt þar til tilboðsskylda stofnaðist 8. desember 2008, mun BBR ehf. fara þess á leit við Fjármálaeftirlitið að veitt verði undanþága frá ákvæðum verðbréfaviðskiptalaga um lágmarksverð í yfirtökutilboði.

BBR ehf. mun óska eftir því að lagt verði til grundvallar í yfirtökutilboðinu það verð sem BBR ehf. greiddi fyrir hina nýju hluti í Exista hf., sem jafnframt er hæsta verð sem BBR ehf. og Bakkabraedur Holding B.V. hafa greitt fyrir hluti í Exista hf. á síðastliðnum 6 mánuðum. Þannig mun BBR ehf. óska þess að fallið verði frá skilyrðum um að tilboðsverð skuli að lágmarki vera jafnhátt og síðasta viðskiptaverð hluta í Exista hf. áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð. Farið verður fram á þessa undanþágu í ljósi aðstæðna á fjármálamörkuðum og þess að lokað var fyrir viðskipti með hlutabréf í Exista hf. frá 6. október 2008 og fram til þess að tilboðsskylda stofnaðist, þannig að síðasta dagslokaverð hlutabréfa Exista hf. á þeim tíma gaf vart rétta mynd af verði hlutabréfa félagsins.

Að því gefnu að fyrrgreind undanþága Fjármálaeftirlitsins fáist verður verð samkvæmt yfirtökutilboði þessu 0,02 krónur fyrir hvern hlut, kvaða- og veðbandalausan.

## Gildistími

Gildistími yfirtökutilboðsins er frá kl. 9 árdegis þann 9. janúar 2009 til kl. 4 síðdegis þann 19. mars 2009.

## Tilboðshafar

Tilboðið tekur til allra hluta í Exista hf. sem ekki eru í eigu BBR ehf. á þeim degi sem tilboðið er sett fram.

Þeir hluthafar sem tilboðið nær til munu fá sent tilboðsyfirlit, samþykkiseyðublað og svarsendingarumslag, en einnig verður hægt að nálgast gögnin hjá BBR. ehf. að Efstaleiti 5, 103 Reykjavík. Tilboðsyfirlitið verður einnig hægt að nálgast í fréttakerfi NASDAQ OMX ICELAND hf. (http://www.nasdaqomx.com)



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið




NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

# Sparnaðarráð fyrir ráðherra

Fólkið sem engan þátt tók í góðærinu er nú látið gjalda fyrir syndir barna sinna. Eldra fólkið, sem vann baki brotnu er nú gripið glóðvolgt fyrir allan þann lúxus sem það hefur leyft sér á efri árum. Sem hefur legið með tærnar upp í loft á öllum þessum glæsilegu elliheimilum þar sem aðstaðan er jú til fyrirmyndar. Nei, er öskrað af niðurskurðarhnífnum, þið megið ekki hafa það gott í ellinni, þið eigið bara að vera tvö og tvö saman í herbergi og bíða þess að Dr. Dauði komi til að vitja ykkar. Í staðinn fyrir allan þann lúxusmat sem hefur verið borinn á borð fyrir ykkur á gulum bakka þá skuluð þið bara éta hafragraut í öll mál. Og slátur með.



Þetta er svona svipað og ég færi niður í B&L, keypti mér Range Rover á erlendu láni og lifði eins og kóngur á kostnað himinhás yfirdráttar. Þegar ég gæti ekki borgað af kerrunni myndu innheimtumennirnir taka húsið af mömmu minni og pabba þrátt fyrir að þau hefðu hvergi komið nálægt þessum brilljant kaupum á sínum tíma. Þegar það væri búið og gert kæmu þeir til mín.

Nei, ætli það sé ekki betra að leyfa öfum og ömmum þessa lands að hafa það eilítið náðugt í ellinni. Þau höfðu jú ekki heilsu til að taka þátt í öllu þessu brjálæði. Ráðherrarnir gætu til að mynda skorið niður bílana sína. Verið tveir og tveir saman í bíl. Sameinað ferðirnar. Slíkt væri náttúrulega líka betra fyrir náttúruna því það er ekki eins og ráðherrabílarnir séu gangandi mengunarvarnir. Auk þess gætu ráðherrarnir borið saman bækur sínar og komið þannig í veg fyrir að þeir töluðu út og suður í fjölmiðlum.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# NÝTT FRÁ NICORETTE!

## NICORETTE SPICEMINT NIKÓTÍNLYFJATYGGIGÚMMÍ MEÐ KANIL OG PIPARMYNTU.

Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí er notað sem hjálpartæki til að hætta eða draga úr reykingum. Það dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðveldar því fólki að venja sig af tóbaki.

nicorette®

Þín leið, þín ákvörðun,
þitt Nicorette

Nicorette Spicetmint 2mg og 4 mg. Nicorette Spicemint 2mg og 4 mg. lyfjatyggigúmmí. Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, en hámarksdagsskammtur er 24 stk. Kynnið ykkur vel upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, Garðabæ.

! **kl. 22**

*í kvöld verða tónleikar á Kaffi Kúltúra við Hverfisgötu. Um er að ræða fyrsta gjörning ársins á vegum Bebopfélags Reykjavíkur en félagið ráðgerir að standa fyrir tónleikum fyrsta mánudag hvers mánaðar eins og undanfarin tvö ár. Félagarnir Haukur Gröndal og Óskar Guðjónsson ríða á vaðið en gera má ráð fyrir að ýmsir hljóðfæraleikarar komi fram og leiki með þeim af fingrum fram.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Steinar og sturta í Hafnarfirði*

Um næstu helgi tekur Vesturport aftur til sýninga Dubbeldusch eftir Björn Hlyn Haraldsson í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Leikritið var frumsýnt í samstarfi við Leikfélag Akureyrar og gekk fyrir fullu húsi norðan heiða í fyrra. Björn Hlynur er höfundur og leikstjóri verksins og Hilmar Jónsson leikur aðalhlutverkið en hann hefur ekki leikið að ráði á sviði síðan blómlegur leikstjórnarferill hans hófst. Þeir Björn og Hilmar hafa nýlokið samstarfi við Sumarljós í Þjóðleikhúsi en þar fékk Björn mikið hrós fyrir frammistöðu sína. Aðrir leikendur í verkinu eru Harpa Arnardóttir, Davíð Guðbrandsson, María Heba Þorkelsdóttir, Kristjana Skúladóttir og Sveinn Ólafur Gunnarsson.

Í Dubbeldusch segir af fjölskyldu: Í kvöld kemur einkasonurinn í sumarbústað fjölskyldunnar og kynnir nýja unnustu fyrir foreldrum sínum. Smátt og smátt rennur upp fyrir föðurnum að með komu stúlkunnar knýr fortíðin dyra, þrjátíu ára gamalt leyndarmál sem hann hefur reynt að gleyma. Þá stóð hann frammi fyrir erfiðu vali og enn þann dag í dag veit hann ekki hvort hann valdi rétt.

Síðar í mánuðinum eru fyrirhugaðar tvær sýningar á Steinar úr djúpinu í Hafnarfirði í sviðsetningu Rúnars Guðbrandssonar, þann 18. og 25. janúar. Báðar þessar sýningar hlutu á sínum tíma mikið lof og er upptaka þeirra því hvalreki á fjörur leikhúsunnenda. **- pbb**



**LEIKLIST** Frumsmíð Björns Hlyns er nú sett upp sunnan heiða, réttu ári eftir frumsýningu á Akureyri.



### > Ekki missa af...

jólaleikriti RUV, Augu þín sáu mig eftir sögu Sjóns með tónlist eftir Múm sem heyra má á vef RUV í dag og á morgun. Síðustu forvöð.w

## METSÖLULISTI ÁRSINS 2008

### Í BÓKAVERSLUNUM EYMUNDSSON OG MÁLS OG MENNINGAR

| | | |
|---|---|---|
| 1. | **Myrká** *Arnaldur Indriðason* | Vaka Helgafell |
| 2. | **Þúsund bjartar sólir** *IKhaled Hosseini* | Forlagið |
| 3. | **Dísa ljósálfur** *G.T. Rothman* | Forlagið |
| 4. | **Aska** *Yrsa Sigurðardóttir* | Veröld |
| 5. | **Áður en ég dey** *Jenny Dowman* | Forlagið |
| 6. | **Lost in Iceland** *Sigurgeir Sigurjónsson* | Mál og menning |
| 7. | **Ofsi** *Einar Kárason* | Mál og menning |
| 8. | **Steinsmiðurinn** *Camilla Laackberg* | Uppheimar |
| 9. | **Risa syrpa** *Walt Disney* | Edda |
| 10. | **Friðþæging** *Ian McEwan* | Bjartur |



**KVIKMYNDIR** Myndir frá stríðsárunum ganga vel í Dani og Norðmenn. Aksel Hennie í hlutverki Max.

## Hernám í Noregi

Norska stríðsáramyndin um hetju úr andspyrnuhreyfingunni norsku, Max Manus, var frumsýnd þann 19. desember í Noregi og hefur rakað inn seðlum. Velgengni hennar kallast á við dönsku kvikmyndina Flammen og Citronen sem gerist líka í hersettri Danmörku stríðsáranna en hana hafa yfir 750 þúsund áhorfendur séð í Danmörku. Max Manus var fæddur 1914 og lést 1996. Hann tók þátt í andspyrnunni gegn þýska hernámsliðinu og lifði styrjöldina af, annað en þeir Flammen og Citronen sem féllu ungir menn fyrir Þjóðverjum er leið á styrjöldina. Báðar myndirnar hafa þá stöðu í kvikmyndaframleiðslu landanna að teljast dýrustu myndir sem þar hafa verið gerðar.

Kvikmyndinni Max Manus leikstýra þeir Joachim Rønning och Espen Sandberg. Handritið samdi Thomas Nordseth-Tiller. Titilhlutverkið leikur Aksel Hennie. Myndin kostaði 55 milljónir norskar. Hún rekur sögu Max frá upphafi stríðsins og allt til sumarsins 1945. Myndin hefur þegar slegið aðsóknarmet sem hin kunna brúðumynd Flåklypa Grand Prix setti fyrir mörgum árum. Þegar hafa selst yfir 400 þúsund miðar á myndina á tveimur vikum. **- pbb**

## Pétur með sýningu

Skemmtikrafturinn Pétur Jóhann Sigfússon er nú við æfingar á nýjum einleik sem hann hefur sett saman í félagi við Sigurjón Kjartansson og er frumsýning fyrirhuguð þann 7. febrúar næstkomandi á Litla sviði Borgarleikhússins. Verkið kalla þeir félagar Sannleikann og er miðasala hafin á sýninguna. Þetta er í fyrsta sinn sem stjarnan úr Nætur- og Dagvaktinni leikur á sviði og því er eftirvæntingin mikil, en hann á að baki langan feril sem uppistandari og skemmtikraftur. Í „Sannleikanum“ fást svör við spurningum eins og: Er dagurinn styttri hjá hundum? Af hverju eru fjögur hólf fyrir þvottaefni? Láta peningar jörðina snúast? Hvernig fara þeir að því? Og á ég eftir að endurholdgast sem skítafluga?

Það er valinn maður í hverju rúmi í uppsetningu Sannleikans. Stefán Jónsson, leikari, hefur á undanförnum árum haslað sér völl sem leikstjóri í fremstu röð og var valinn leikstjóri ársins við fyrstu afhendingu Grímuverðlaunanna árið 2003. Hann hefur meðal annars leikstýrt verkunum: Kvetch, Sporvagninn Girnd, Héri Hérason, Túskildingsóperan, Forðist okkur, Belgíska Kongó, Leg, Óhapp! og Baðstofan. Leikmynd gerir Snorri Freyr Hilmarsson en tónlist er eftir Halldór Ágúst Björnsson. Það er fyrirtækið 3sagas sem stendur að sýningunni. **- pbb**



**LEIKLIST** Pétur Jóhann verður einn á sviði í febrúar í Borgarleikhúsi.

# VÍNARLJÓÐ OG FORLEIKIR

**Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands halda áfram að vera eitt vinsælasta fyrirbrigðið á efnisskrá hljómsveitarinnar. Ekki þarf færri en fjóra tónleika til að svara eftirspurn og verða þeir þann 7., 8., 9., og 10. janúar.**

Þá mun hljómsveitin bregða sér í huganum suður til Vínarborgar og leika sígrænar perlur eftir Strauss, Lehár og fleiri ódauðlega meistara óperettusmíða, m. a. úr Leðurblökunni og Kátu ekkjunni. Stjórnandi er Markus Poschner sem er einn aðalstjórnenda við Komische Oper í Berlin. Einsöngvari er Dísella Lárusdóttir sem hefur vakið verðskuldaða athygli á síðustu árum.

Dísella mun syngja nokkur vinsælustu lög þessa tímabundna forms söngleikjanna: Dein ist mein ganzes Herz úr Brosandi landi eftir Lehar, og hið fræga Vilja-Lied eftir hann úr Kátu ekkjunni meðal annars. Eftir Johann Strauss hljómar Accelerationen-valsinn, forleikir að Leðurblökunni og Sígaunabaróninum en að loknum stykkjum og sönglögum eftir þá Straussara bregður hljómsveitin sér til í tíma og flytur forleik Bernstein að Candide og Disella syngur Glitter and be gay úr sama verki.

Dísella Lárusdóttir á ekki að langt að sækja tónlistargáfurnar: bæði faðir hennar og Þorvaldur afi hennar sátu lengst starfsævi sinnar á bekkjum Sinfóníunnar og móðir hennar Sigríður Þorvaldsdóttir var dáð söngleikjaleikkona á sínum bestu árum í Þjóðleikhúsinu. Dísella hefur vakið mikla athygli fyrir söng sinn og glæsilega framkomu. Hún komst í úrslit Metropolitan-söngkeppninnar 2007 og var í kjölfarið boðið að syngja þar í óperu eftir Philip Glass. Hún hefur fengið mikið lof vestanhafs, þar sem hún býr, fyrir söng sinn og verður gaman að sjá hana takast á við hinar sígildu perlur óperettunnar. Til stóð að hún tæki þátt í sviðsetningu óperunnar íslensku á verkefni vorsins en því hefur verið frestað svo enn verða íslenskir óperuaðdáendur að bíða eftir að sjá hana í leik- og sönghlutverki á sviði.

pbb@frettabladid.is



**TÓNLIST** Dísella Lárusdóttir verður stjarnan á Vínartónleikum Sinfóníunnar í ár. Hér er hún að syngja í Eurovision-keppninni 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Niðurskurður á Írlandi

Skömmu fyrir áramót var tilkynnt um harkalegan niðurskurð írska listaráðsins til listastofnana á Írlandi. Er framlag til ráðsins skorið niður um 9 milljónir evra og verður á þessu ári 75,7 milljónir evra eða 12.842 milljónir samkvæmt opinberu íslensku gengi. Mesta athygli vekur harkalegur niðurskurður til leikhúsa: Abbeyleikhúsið sem er þjóðleikhús Íra missir spón úr aski sínum, fær 1.465 milljónir í rekstur eða ríflega tvöfalt meira en Þjóðleikhúsið, en fékk áður tæplega 1.700 milljónir. Leikhúsið setur upp tíu sviðsetningar á ári og nú standa þar yfir sýningar á Playboy of the western world í leikgerð Roddy Doyle. Fram undan eru heimsfrumsýningar á nýjum verkum eftir Sam Shepard og Martinu Carr sem verða líklega báðar sýndar í leikhúsum London og New York. Niðurskurðurinn færir írskt listalíf aftur um nær fimm ár en 2003 var aukið verulega við styrki til menningarstarfs á Írlandi. Menntamálaráðherra Íra, Martin Cullen, segir í samtali við Stage að niðurskurðurinn sé viðbragð við versnandi efnahagsástandi. Leikhús munu á þessu ári búa við að meðaltali 8% lægri styrki en 2008. Virt og söguleg leikhús eins og Gate og Driuid verða illa úti en ráðherrann segir stefnt að því að halda helstu stofnunum gangandi svo þær geti sinnt sýningarhaldi um landið allt.

Abbey var á sínum tíma ein helsta fyrirmynd að rekstrarlíkani Þjóðleikhúss Íslendinga þegar það hóf starfsemi og er að mörgu leyti sambærilegt þótt Þjóðleikhús okkar njóti helmingi lægri styrkja í fjárlögum en setji upp mun fleiri sviðsetningar. **- pbb**



**LEIKLIST** Heimsfrumsýning á nýju verki eftir San Shepard er á verkefnaskrá Abbey-leikhússins í vetur, Ages of the Moon heitir verkið og er skrifað fyrir tvo karla sem komnir eru yfir miðjan aldur.


Idol
IDOL STJÖRNULEIT
ÁHEYRNARPRUFUR FARA FRAM 10. JANÚAR
Þann 10. janúar fara fram á Hótel Hilton Reykjavík Nordica áheyrnarprufur fyrir Idol Stjörnuleit 2009 - aðeins þennan eina dag! Þátttakendur skulu vera orðnir 16 ára gamlir og ekki eldri en 28 ára.
Vinningshafi í Idol Stjörnuleit öðlast ekki aðeins frægð og frama heldur fær hann einnig að launum 2 milljónir króna.
Idol Stjörnuleit hefst á Stöð 2 föstudaginn 13. febrúar.
SKRÁÐU ÞIG NÚNA Á VISIR.IS
skemmtilegri

## > SHEPARD HANDTEKINN

Leikarinn og leikskáldið Sam Shepard var handtekinn í Illinois á laugardagsmorgun fyrir hraðakstur og er grunaður um ölvunarakstur. Samkvæmt erlendum fréttaveitum var áfengismagn í blóði Shepards næstum tvöfalt það sem leyfilegt er. Honum var sleppt gegn tryggingu. Eins og kunnugt er leikur Shepard í Inhale, Hollywoodmynd Baltasars Kormáks, og Brothers sem Sigurjón Sighvatsson framleiðir.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Gerði grín að Jackson í BBC

Breska ríkisútvarpið, BBC, hefur hætt við að sýna viðtal sem tekið var við Sir Paul McCartney þar sem Bítillinn fyrrverandi gerir grín að Michael Jackson.

„McCartney byrjaði að svara með hárri Jacko-rödd og þetta var víst mjög fyndið,“ sagði heimildarmaður dagblaðsins Daily Mail. BBC þótti viðtalið ærumeiðandi og ákvað að taka það úr umferð.

McCartney og Jackson voru góðir vinir á árum áður og sungu saman lögin The Girl is Mine og Say Say Say. Eftir að Jackson keypti réttinn að öllum Bítlalögunum fyrir metfé án þess að McCartney gæti nokkuð að gert hefur andað köldu á milli þeirra. „Það er ekki gaman að fara í tónleikaferð og þurfa að borga fyrir að syngja mín eigin lög,“ sagði McCartney eitt sinn. „Í hvert sinn sem ég syng Hey Jude þarf ég að borga fyrir það.“



**PAUL MCCARTNEY** McCartney gerði grín að fyrrverandi vini sínum Michael Jackson í viðtali á BBC.

**MICHAEL JACKSON** Popparinn hefur ekki verið í náðinni hjá McCartney í fjölda ára.



**ÁHYGGJUFULLUR EN...** Daniel Craig hefur áhyggjur af kvikmyndaiðnaðinum en reiddi samt fram 600 milljónir til kaupa á glæsiíbúð við Regents Park.

# James Bond áhyggjufullur

**Daniel Craig hefur enn og aftur lýst yfir áhyggjum sínum af lausafjárkreppunni sem nú hrjáir hinn vestræna heim. Eins og frægt er orðið hvatti Craig til sátta í deilunni milli Breta og Íslands í viðtali við Fréttablaðið en nú eru það áhyggjur af stjörnunum í Hollywood sem hvíla hvað þyngst á Daniel. „Bráðum verður skortur á fjármagni og þá eru allir í vanda. Kvikmyndagerð byggist á lánsfé og ef það þurrkast upp stöðvast allar vélar,“ segir Daniel í samtali við fjölmiðla.**

**Craig er launahæsti leikarinn í Bretlandi eftir Quantum of Solace. Áhyggjur af fjármálum eru því ekki að sliga leikarann sjálfan. Þannig þótti honum það ekkert tiltökumál að reiða fram 600 milljónir til kaupa á íbúð við Regents Park í London.**

Fiskbúin Hafrún hefur opnað aftur!

Höfum opnað glæsilega fiskbúð í Skipholti 70, ferskleiki og gótt verð er okkar aðalsmerki. Frábær þjónusta með alvöru fisksölum.

Fiskbúðin Hafrún s. 553 0003

Dekurhæðin

NUDD
Verð frá
1690.-

Selásbraut 98
110 Árbæ S:577 3737

# Stjörnurnar fögnuðu nýju ári

**Stjörnurnar fögnuðu nýju ári með mismunandi hætti. Sumar flugu til fjarlægra stranda í frí en aðrar héldu stórar veislur í boði hótela og skemmtistaða.**

Systurnar Paris og Nicky Hilton héldu áramótapartí saman í Sydney í Ástralíu.

Eva Longoria Parker og eiginmaðurinn Tony Parker héldu áramótaveislu á veitingastað sínum, Beso í Hollywood. Þar var ekki mikið um stjörnur, þó létu leikkonur eins og Christina Applegate og Lindsey Price sjá sig.

Á Times Square í New York voru hjónin Hillary og Bill Clinton fengin til þess að hringja inn nýja árið ásamt borgarstjóranum Michael Bloomberg. Þá voru ýmsar bandarískar stjörnur fengnar til að skemmta, til að mynda unglingastjörnurnar Taylor Swift og Jonas brothers, auk Lionels Ritchie.

Carmen Electra og söngkonan Fergie voru fengnar til þess að vera gestgjafar hvor í sinni veislunni á Venetian-hótelinu í Las Vegas. Þangað komu meðal annars rapparinn Coolio og leikarinn David Spade.

Nýbökuðu foreldrarnir Ashlee Simpson og Pete Wentz héldu einnig veislu í Las Vegas, á næturklúbbnum Pure í Caesars Palace hótelinu. Þangað mættu hinar ýmsu raunveruleikastjörnur Bandaríkjanna.



Tony Parker og Eva Longoria Parker.



Bill Clinton og Hillary Clinton.



**PARIS HILTON OG NICKY HILTON** Skemmtu sér saman í Ástralíu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Mills verður nágranni McCartneys

Bítillinn Sir Paul McCartney mun væntanlega rekast oftar á Heather Mills, fyrrverandi eiginkonu sína, en hann kærir sig um á næstunni. Fyrirsætan fyrrverandi, Mills, áformar nú að kaupa lúxusvillu í göngufæri frá Sir Paul í Hamptonshverfinu í New York.

Heather Mills er nú á föstu með einkaþjálfaranum Jamie Walker. Þau horfa saman hýrum augum til villunnar sem metin er á 2,5 milljónir dollara, eða rúmar 300 milljónir íslenskra króna. Heimildarmaður breska blaðsins The People telur að þessi ráðahagur leggist ekki vel í McCartney, sér í lagi vegna sambands hans við athafnakonuna Nancy Shevell. „Það er ekkert leyndarmál að sambandið milli Heather og Sir Paul er stirt. Paul hefur reyndar ekkert á móti því að hún komi sér upp heimili í Bandaríkjunum. Enda auðveldar það hlutina varðandi dóttur þeirra Beatrice. Hins vegar telur hann að sér hafi tekist að komast yfir skilnaðinn með því að verða ástfanginn af Nancy. Sú tilhugsun að Heather vilji setjast að í nágrenni við hann gleður hann ekki.“



**HEATHER MILLS** Áformar að kaupa lúxusvillu í göngufæri frá villu Pauls McCartney í Hamptonshverfinu í New York. Það leggst ekki vel í eiginmanninn fyrrverandi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Cowell eyðir og eyðir

Lausafjárkreppan hefur ekki bitið Simon Cowell í rassinn ef marka má síðustu fréttir. Ólíkt íslensku auðjöfrunum, sem hafa frestað velflestum byggingaframkvæmdunum, þá stendur Simon í stórræðum. Hann hyggst nefnilega eyða 14,5 milljónum dollara eða ríflega einum milljarði í piparsveinshús sitt. Það á að vera staðsett í Karíbahafinu og hyggst Simon bjóða þangað hugsanlegum ástkonum sínum en hann hefur sjaldan verið við eina fjölina felldur.

Simon sagði nýverið skilið við kærustu sína til nokkurra ára, Terri Seymour og ákvað af því tilefni að eyða jólum og áramótum með gamalli kærustu, poppstjörnunni Sinitta. Sú veisla var haldin í gamla húsinu hans sem einnig er við Karíbahafið en það nýja á að taka öllu fram. „Simon dregur ekkert úr glamúrnum og ætlar að hafa heimilið sem allra glæsilegast,“ segir heimildarmaður Daily Mail sem greindi frá þessum væntanlegum framkvæmdum Idol-stjörnunnar í gær.



**HEFUR EINFALDAN SMEKK** Cowell vill aðeins það besta og hyggst nota einn milljarð í að byggja sér piparsveinshús.




**ÁRSUPPGJÖR** Björn Heimir Önundarson gerir upp árið í sinni nýjustu teikningu sem tók aðeins einn og hálfan dag í vinnslu.

# TÓLF ÁRA SKOP-MYNDATEIKNARI

**Björn Heimir Önundarson er 12 ára skopmyndateiknari frá Hvolsvelli. Í sinni nýjustu teikningu gerir hann upp árið 2008 þar sem íslenskir stjórnmálamenn, útrásarvíkingar og íþróttamenn eru í aðalhlutverki.**



**BRÆÐUR** Björn Heimir (til vinstri) ásamt bróður sínum Viðari Gauta.

Í teikningunni koma einnig við sögu þeir Barack Obama og Gordon „Crazy“ Brown eins og Ólafur kallar hann. Hefur hann greinilega litlar mætur á forsætisráðherranum vegna Icesave-málsins. Davíð Oddsson seðlabankastjóri fær líka sitt pláss, sem og jarðskjálftinn skæði á Suðurlandi.

Björn Heimir heillaðist fyrst af skopmyndum hjá Sigmund sem starfaði hjá Morgunblaðinu um árabil. „Síðan þegar ég byrjaði að pæla í litunum meira byrjaði ég að skoða hjá Halldóri,“ segir Björn og á þar við Halldór Baldursson sem starfaði hjá 24 Stundum áður en hann fór yfir á Moggann.

Björn er tiltölulega nýbyrjaður að gera skopmyndir og finnst það mjög gaman. Eins og gefur að skilja þarf hann að fylgjast náið með þjóðfélagsumræðunni til að hafa puttann á púlsinum og er hann því duglegur við að lesa blöðin og horfa á fréttirnar í sjónvarpinu. Hann segir að atburðir undanfarinna mánuða hafi veitt honum mikinn innblástur við ársuppgjörið, sem tók aðeins eins og hálfan dag í vinnslu. „Það er mjög mikið að teikna um í kreppunni,“ segir Björn, sem fannst þó árangur handboltalandsliðsins á Ólympíuleikunum standa upp úr á árinu. Enda fá þeir Ólafur Stefánsson og markvörðurinn Björgvin Páll Gústafsson báðir veglegan sess í teikningunni. „Það er ekki erfitt að teikna Óla en það er erfiðara að teikna Björgvin. Hann er ekki með jafnsterkan svip og Ólafur,“ segir hinn ungi og efnilegi teiknari sem á greinilega framtíðina fyrir sér.

freyr@frettabladid.is

# Afhendir verðlaun

Breski leikarinn Sacha Baron Cohen verður á meðal þeirra sem afhenda verðlaun á næstu Golden Globe-verðlaunahátíð. Kynnir verður landi hans Ricky Gervais og búast margir við því að þeir bregði á leik á hátíðinni rétt eins og Gervais og Steve Carrell gerðu á síðustu Emmy-verðlaunahátíð.

Líklega mun Cohen nota tækifærið og kynna sína nýjustu mynd sem fjallar um samkynhneigða tískugúrúinn Bruno, sem gerði garðinn frægan í Ali G-þáttunum. Verður hún frumsýnd í maí næstkomandi.

Auk Cohens munu þau Salma Hayek, Jake Gyllenhaal, Jennifer Lopez og Drew Barrymore afhenda verðlaun á Golden Globe.



**SACHA BARON COHEN** Cohen sendir frá sér mynd um tískulögguna Bruno í maí næstkomandi.

# Þetta gerist árið 2009

**2009 er nýgengið í garð og stefnir í að verða viðburðaríkt ár. Fréttablaðið tínir til 25 atburði og tímamót sem renna upp á komandi mánuðum.**








**1.** Barack Obama verður settur inn í nýja djobbið þann 20. janúar. Hann verður 44. forseti Bandaríkjanna.

**2.** Hallgrímur Helgason verður fimmtugur 18. febrúar.

**3.** Óskarsverðlaunin verða afhent 22. febrúar í 81. skipti. Tilnefningarnar liggja fyrir einum mánuði fyrr.

**4.** Fullt af nýjum plötum hafa verið boðaðar í vor. Rapparinn Eminen snýr aftur með „Relapse“, The Prodigy með „Invaders Must Die“ og U2 með „No Line On The Horizon“. Þá verða Franz Ferdinand, Antony and the Johnsons, Bruce Springsteen, Lily Allen, Morrissey og Courtney Love með nýjar plötur á fyrstu mánuðum ársins.

**5.** Barbie verður fimmtug. Dúkkan, sem heitir Barbara Millicent Roberts, er hugarfóstur Ruth Handler og kom fyrst fram á leikfangasýningu í mars árið 1959.

**6.** Hinn 1. mars verða liðin tuttugu ár síðan bjór var leyfður á Íslandi.

**7.** Útvarpskonan góðkunna, Andrea Jónsdóttir, verður sextug 7. apríl.

**8.** Úrslit Eurovision-keppninnar liggja fyrir í 54. skipti í Moskvu að kveldi 16. maí. Líklega vinnur íslenskt lag.

**9.** Tíu ár verða liðin í maí síðan Selma sigraði Eurovision næstum því með „All out of luck“.



**10.** Ágætis byrjun Sigur Rósar – plata sem oft er kölluð „besta plata Íslandssögunnar“ – verður tíu ára 12. júní.

**11.** Fram undan er heill haugur af framhaldsmyndum, til dæmis: Sjötta Harry Potter myndin, fjórða Terminator myndin, önnur Transformers myndin, þriðja Ice age teiknimyndin, fjórða Fast & furious myndin, önnur Night at the museum myndin og tólfta Friday the 13th hryllingsmyndin.

**12.** Feneyjatvíæringurinn hefst 7. júní. Ragnar Kjartansson sýnir fyrir Íslands hönd.



**13.** Útvarpsstöðin FM957 verður tuttugu ára 22. júní. Á tíu ára afmælinu 1999 var boðið upp á stórtónleika í Laugardalshöll. Spurning hvað gerist í ár.

**14.** Barnastjarnan fyrrverandi, Katla María, verður fertug 28. júní.

**15.** Hróarskelduhátíðin hefst í 38. skipti þann 2. júlí.

**16.** Eiríkur Hauksson verður fimmtugur 4. júlí.

**17.** Sautjánda alþjóðakeppnin í konuburði fer fram í Sonkajarvi í Finnlandi þann 4. júlí. Sigurvegarinn fær að launum þyngd konu sinnar í – bjór.

**18.** Lengsti sólmyrkvi aldarinnar skellur á 22. júlí, alls sex mínútur og 39 sekúndur.





Sólmyrkvaáhugafólk ætti að skella sér til Boninneyja, úti fyrir Japan, þar sem best verður að fylgjast með myrkvanum. Hann sést ekki á Íslandi.

**19.** Í ágúst verða 40 ár liðin frá Woodstock-hátíðinni. Afmælisins verður minnst með hátíðum í New York og Berlín.

**20.** Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta spilar sinn fyrsta leik í Evrópukeppninni í Finnlandi á móti Frakklandi 24. ágúst.

**21.** Fjörutíu ár verða liðin þann 4. september síðan Björgvin Halldórsson var kosin „poppstjarna ársins“ á mikilli popphátíð í Laugardalshöll. Björgvin, sem var 18 ára, skyggði á reyndari kempur eins og hljómsveitina Trúbrot sem hafði verið stofnuð eftir mikið umrót í poppinu fyrr á árinu. Björgvin ætlar svo að halda jólatónleika í desember.

**22.** Í september verður Burj Dubai-skýjakljúfurinn tilbúinn í Dubai. Byggingin verður hæsta bygging í heimi, 818 metrar með mastrinu, alls 160 hæðir. Framkvæmdir hófust í september árið 2004.

**23.** Hinn 6. október verður eitt ár liðið síðan Geir Haarde bað guð að blessa Ísland. Kannski verður einhver botn kominn í bankakreppuna þá. Og kannski verður Geir búinn að komast að því hvort hann beri einhverja ábyrgð.

**24.** Í október verða liðin fimmtíu ár frá því að Gaulverjinn Ástríkur og félagar hans birtust í fyrsta skipti í franska teiknimyndablaðinu Pilote.

**25.** Á Þorláksmessu heldur Bubbi Morthens árlega Þorláksmessutónleika sína. Líklega ekki í nýja Tónlistarhúsinu eins og ráðgert var.









NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| TRANSPORTER 3 | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| AUSTRALIA D | kl. 4.30 - 8 | 12 |
| AUSTRALIA LÚXUS D | kl. 4.30 - 8 | 12 |
| INKHEART | kl. 5.40 | 10 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 4 | L |
| THE DAY THE EARTH... | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 10 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| AUSTRALIA | kl. 6.30 - 10 | 12 |
| THE DAY THE EARTH... | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SAW 5 | kl. 10.20 | 16 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. .5.30 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| AUSTRALIA | kl. 5.30 - 9 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 6 | L |
| INKHEART | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 10 |
| TAKEN | kl. 8 - 10 | 16 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| AUSTRALIA | kl. 8 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 6 | L |
| INKHEART | kl. 6 - 8 | 10 |
| THE DAY THE EARTH... | kl. 10 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR



NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TRANSPORTER 3 - POWER | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| BOLT 3D - ÍSLENSKT TAL | kl. 4 | L |
| INKHEART | kl. 4, 6, 8 og 10 | 10 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA | kl. 4 | L |
| TAKEN | kl. 6, 8 og 10 | 16 |



SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| YES MAN | kl. 3:40 - 6 - 8D - 8:20 - 10:20D -10:40 | 7 |
| YES MAN | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| THE SPIRIT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| BOLTI 3-D m/ísl. tali | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| CITY OF EMBER | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 3:50 DIGTAL | L |
| BODY OF LIES | kl. 10:30 | 16 |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 3:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| YES MAN DIGTAL | kl. 4 - 6:10 - 8:20 - 10:40 | 7 |
| THE SPIRIT | kl. 6 - 8:20 - 10:40 | 12 |
| BOLT 3-D m/ísl. tali | kl. 4(3D) DIGTAL-3D | L |
| BOLT 3-D m/Ensku tali | kl. 6:10(3D) DIGTAL-3D | L |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 4 | L |
| TWILIGHT | kl. 8:20 - 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| YES MAN | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| DAY THE EARTH STOOD | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| BOLTI m/ísl. tali | kl. 4 - 6 | L |
| SKOPPA OG SKRÍTLA 700.kr. | kl. 4 - 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BOLTI m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| THE SPIRIT | kl. 8 - 10 | 12 |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| YES MEN | kl. 8 - 10 | 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| YES MAN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| BOLT m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 8 | L |
| PRIDE AND GLORY | kl. 10 | 16 |


# HEITUSTU BÖNDIN 2009

**Nýtt ár er gengið í garð. Þótt það sé kreppa og harmakvein á mörgum vígstöðvum má fastlega búast við áframhaldandi góðæri í íslenska poppinu og rokkinu. Dr. Gunni rýndi í kristalskúluna og reyndi að sjá fram í tímann.**



### Ingó og Veðurguðirnir

Að öðrum ólöstuðum var Ingó og Veðurguðirnir spúttnikksveit ársins 2008 í poppinu. „Bahama" varð svokallaður rosasumarsmellur og næsta lag „Drífa" gerði það einnig gott. Þótt bandið sé af ættkvísl íslenskra „sveitaballa"-banda á það líka rætur í pönkinu því stór hluti þess var einu sinni í Haltri hóru. Fyrsta platan hlýtur að vera á teikniborðinu en á meðan aðdáendurnir bíða geta þeir huggað sig við að Ingó syngur annað lag Hallgríms Óskarssonar í Eurovision-forkeppninni.



### Dynamo Fog

Hljómsveitin Dynamo Fog hefur vakið athygli með laginu „Rock n roll", sem er nógu einfalt og grípandi til að smellpassa í handboltaauglýsingu. Hljómsveitin vakti athygli á síðustu Airwaves-hátíð og má fastlega búast við frekari afrekum hjá henni á þessu ári, plötu til dæmis. Bandið er tríó, skipað vönum mönnum. Axel Árnason fyrsti trommari Naglbíta, þenur nú bassann og syngur, Jóndóri Ólafssyni, áður í Lada Sport, syngur og spilar á bassa, og Arnar Ingi Viðarsson, sem hefur trommað með Retron og Ísidór, situr við settið.

### Sudden Weather Change

Listaháskólabandið Sudden Weather Change hefur verið að geta sér gott orð í indie-senunni frá því 6-laga heimabrennd plata kom út árið 2006. Nú er von á fyrsta albúminu í mars/apríl og miðað við lögin sem liggja með sveitinni á Netinu er von á feitum jaðarpakka.





### Nögl

Gruggið lifir á Grundarfirði þaðan sem þessir þéttu náungar koma. „My world" hefur hljómað ítrekað á Xinu og Nögl er langt komin með sína fyrstu plötu sem kemur út með hækkandi sól. Nú er að sjá hvort gruggið eigi inni fyrir kombakki.



### For a minor reflection

Þessir ungu póst-rokkarar eru á góðri siglingu eftir Sigur Rósar upphitunartúra og jákvæðar umsagnir í erlendum tónlistarblöðum. Þeir ætla sér eflaust stórt hlutverk og ný plata hlýtur að vera útslitaatriði. Fyrsta platan kom út 2007 þegar bandið var nýbyrjað svo næsta plata er orðin löngu tímabær.



### Eberg

Einar Tönsberg, öðru nafni Eberg, sannaði sig eftirminnilega á annarri plötunni sinni, Voff Voff, sem kom út árið 2006. Hann hefur að undanförnu unnið að þriðju sólóplötunni sinni, Antidote, og mun bera hana á borð á árinu. Einar syngur nú á íslensku í fyrsta skipti og gæti það fært honum meiri og verðskuldaðri útbreiðslu en áður. Lagið „Niðurlönd" hefur þegar gert það gott.



### Árstíðir

Þetta fjögurra manna band hefur verið að vekja athygli og mun eflaust halda því áfram í ár. Tónlistin er ljúf og minnir bæði á gamla meistara eins og Simon & Garfunkel og yngra efni eins og Turin Breaks og Damien Rice. Hún er knúin áfram af tveimur kassagíturum, barítón-gítar, sellói og angurværum samsöng.

### Hvað annað?

Árið 2008 var fínt í íslenskri tónlist og þetta ár verður eflaust jafn gott ef ekki betra. Í kreppu blómstrar menningin og allt það. Ýmsir kunningjar músíkáhugamanna eru í startholunum með nýjar plötur. Mugison verður með nýja plötu og hún verður „óhefðbundin". Ný plata frá Ensími verður líklega að staðreynd og líka ný plata frá Leaves. Gus Gus eru nærri því tilbúnir með nýja plötu og eðalrokkararnir í Kimono hugsa sér alvarlega til hreyfings. Agent Fresco kýlir líklega á plötu í fullri lengd og Morðingjarnir hnoða í eina feita. Langt er síðan FM Belfast tóku upp plötuna sína How to Make Friends og því má fastlega búast við nýrri frá þeim. Einnig er næsta víst að Múm, Ólöf Arnalds og Hjaltalín komi með nýjar plötur og að Slow Blow verði með tvær, nýja hljóðversplötu og plötu með lögum úr kvikmyndinni The Good Heart. Og þetta er auðvitað bara toppurinn á ísjakanum.



MUGISON



ÓLÖF ARNALDS

# Reykingafólk líti í budduna

„Nú er gott ráð fyrir reykingamenn að geta sparað sér ansi stórar upphæðir. En reykingamenn eiga alltaf fyrir sígarettum, þannig er bara eðli fíkilsins," segir leikarinn Valgeir Skagfjörð sem er að fara af stað með sín árlegu námskeið þar sem hann hjálpar fólki að hætta að reykja.

Hingað til hefur peningaskortur ekki dregið úr reykingum fólks en Valgeir vonast til að með kreppunni verði einhver breyting þar á. „Ég held að fólk hugsi sig tvisvar um þegar tóbakið og brennivínið hefur hækkað og síðan lækka laun og kaupmátturinn rýrnar. Ef hjónin reykja bæði er þetta þrjátíu þúsund kall á mánuði," segir hann. „Mér skilst að sígarettupakkinn sé kominn í 700 krónur. Það er miklu skynsamlegra að setja peninginn í eitthvað annað í þessu árferði."

Sjálfur hætti Valgeir að reykja árið 1996 og tveimur árum síðar byrjaði hann með námskeiðin. „Ég vil láta fólk losna við hugmyndirnar úr hausnum að það sé að græða eitthvað á þessu og að þetta sé að gera eitthvað fyrir það. Þetta er mest í höfðinu á reykingamönnum," segir hann. „Ég er búinn að vera í þessu frelsi í þrettán ár og dásama það á hverjum degi." - fb



**VALGEIR SKAGFJÖRÐ** Valgeir er að fara af stað með sín árlegu námskeið þar sem hann hvetur fólk til að hætta að reykja.



**BÚIN AÐ FÁ NÓG** Kate Hudson hefur fengið nóg af paparözzum og segist helst vilja taka í lurginn á þeim. NORDICPHOTOS/GETTY

## Hudson langþreytt á ljósmyndurum

Kate Hudson hefur bæst í hóp þeirra stórstjarna sem fengið hafa sig fullsaddar af paparazziljósmyndurum. Í samtali við tímaritið Elle segir Kate að henni sé skapi næst að berja frá sér að hætti Bjarkar. „Þeir leggja á sig alveg ótrúlegustu hluti til að ná myndum. Og ég hef oft verið nærri því að lemja þá,“ segir Kate við tímaritið.

Leikkonan hefur verið vinsælt myndefni, allt frá því að hún sló í gegn í kvikmyndinni Almost Famous. Ekki minnkaði áhuginn þegar hún byrjaði með Owen Wilson en skildi svo við hann með þeim afleiðingum að leikarinn reyndi að stytta sér aldur. Auk þess eru paparazzar ákaflega áhugasamir um son leikkonunnar, Ryder, en hann er fjögurra ára gamall. „Þetta eru ekki góðir menn. Þegar þú ert að reyna að fara í skólann og þeir brjóta sér leið inn á skólalóðina þá vaknar sú þörf að vilja berja einhvern,“ segir Kate.



**ISABELLE HUPPERT** Franska leikkonan verður formaður dómnefndar á Cannes-hátíðinni í vor.

## Formaður á Cannes-hátíð

**Franska leikkonan Isabelle Huppert verður formaður dómefndar á 62. kvikmyndahátíðinni í Cannes sem verður haldin í maí. Huppert, sem er 55 ára, hefur leikið í yfir níutíu bíómyndum og hefur tvívegis verið kjörin besta leikkonan á Cannes-hátíðinni.**

**„Ég er mjög ánægð og stolt,“ sagði Huppert. „Ég hef átt sterk tengsl við Cannes í langan tíma og þetta nýja hlutverk mun innsigla hve vænt mér þykir um hátíðina og eins um kvikmyndagerð úti um allan heim.“**

**Huppert hefur áður setið í dómnefndinni í Cannes, afhent verðlaun og leikið í fjölmörgum myndum sem hafa verið sýndar á hátíðinni.**

# Bjórkippuveðmál í uppnámi

**Félagarnir Jói og Gói léku báðir í fyrsta Áramótaskaupinu sínu á dögunum. Þeir veðjuðu um hvor myndi birtast fyrstur. Erfiðlega gengur að útkljá veðmálið.**

„Ég er ekki búinn að fá kippuna, nei, Jói er með eitthvað vesen,“ segir Guðjón Davíð Karlsson, Gói, en eins og kom fram í Fréttablaðinu í síðustu viku veðjuðu hann og Jóhannes Haukur Jóhannesson, Jói, um það hvor myndi birtist fyrst í Skaupinu. Báðir voru að leika í sínu fyrsta Skaupi og bjórkippa var lögð undir.

„Þetta var reyndar bara spurning um nokkrar sekúndur, en samt,“ heldur Gói áfram, þungur á brún. „Hann kom fast á hæla mér en það sáu allir að ég birtist fyrstur. Mér finnst skrýtið að hann geti ekki staðið við veðmálið, þetta var jú hans hugmynd. En hann áttar sig eflaust á endanum, enda heiðarlegur inn við beinið.“

Gói var í hlutverki Ceres 4 úr Merzedes Club í upphafsatriðinu og Jói lék Gazman. „Ég krafðist þess að horfa á Skaupið einn heima með konu og syni,“ segir Gói. „Fannst kjánalegt að vera við hliðina á einhverju fólki sem væri að hlæja bara af því að ég væri við hliðina á því. Svo vildi ég geta hlaupið beint upp í rúm til að gráta ef þetta væri eitthvað ömurlegt. Þess gerðist náttúrulega ekki þörf.“

Þeir Jói og Gói hafa fylgst að lengi í leiklistinni og leika nú báðir í Fló á skinni og Fólkinu í blokkinu hjá Borgarleikhúsinu. „Svo verðum við báðir í Sound of Music sem á að frumsýna í maí. Æfingar hefjast í febrúar. Ég leik nasistastrák og fæ að syngja eitt lag, en Jói leikur sjálfan Van Trapp. Hann þarf alltaf að vera aðal.“

Og Gói telur að kippan komi seint eða aldrei. „Það var búið að vera draumur í þrjú ár að fá að komast í Skaupið en nú er eiginlega kominn stærri draumur, sem er sá að vera boðið aftur. Svo ég á ekkert endilega von á að fá þessa kippu.

Ég held að næsta veðmál okkar Jóa verði um það hvorum verði boðið fyrr að leika aftur í Skaupinu. Double or nothing.“

drgunni@frettabladid.is



**FYLGDI FAST Á EFTIR SEM GAZMAN** Jói þarf alltaf að vera aðal.

**KOM FYRSTUR INN SEM CERES 4** Gói telur sig eiga inni bjórkippu.




## > Sandra komin í 50 metra hópinn



ÍR-ingurinn Sandra Pétursdóttir náði langþráðu takmarki á 3. Jólamóti ÍR sem fram fór í Laugardalnum tveimur dögum fyrir gamlársdag. Sandra kastaði þá 50,83 metra í sleggjuskasti og setti Íslandsmet í flokki 19-20 ára og 20-22 ára en gömlu metin átti Sandra sjálf (49,97 metrar). Sandra var ein þriggja sleggjukastara sem glímdu við 50 metrana í júlí í sumar en þá náðu bæði Kristbjörg Helga Ingvarsdóttir, FH (51,86 metrar, Íslandsmet) og Aðalheiður María Vigfúsdóttir (51,25) að brjóta 50 metra múrinn. Kast Söndru frá 29. desember er aftur á móti þriðji besti árangur íslenskrar konu í greininni.

**sport**
sport@frettabladid.is

**FJÖLNISMAÐURINN HAUKUR HELGI PÁLSSON: FÓR Í ÆVINTÝRAFERÐ TIL ÍTALÍU MILLI JÓLA OG NÝÁRS**

# *Kom til mín, klappaði mér á öxlina og sagði bravo*

Fjölnismaðurinn Haukur Helgi Pálsson er nýkominn heim frá Ítalíu þar sem þessi 16 ára stórefnilegi körfuboltamaður tók þátt í Meistaradeild Evrópu hjá yngri félagsliðum. Haukur spilaði með Rómarliðinu Stella Azzurra, liðið vann 3 af 4 leikjum og hann stóð sig mjög vel.

„Þetta var mjög fínt og þeir sáu vel um mann þarna úti," sagði Haukur sem var í byrjunarliðinu í öllum fjórum leikjunum í mótinu. „Ég bjóst alls ekki við að byrja inn á í öllum leikjunum," sagði Haukur en hann mætti til Ítalíu rétt fyrir fyrsta leik. „Ég kom bara rétt fyrir fyrsta leik, skilaði af mér töskunum upp á hótel, fékk mér að borða og mætti síðan í upphitun. Ég fékk bara búninginn, sagði hæ við alla og svo bara byrjaði leikurinn," segir Haukur sem skoraði átta stig á 17 mínútum í fyrsta leiknum. Hann þekkti engan í liðinu og aðeins einn þjálfari og tveir leikmenn kunnu ensku. „Það var mjög erfitt að geta ekkert talað við neinn og maður þurfti eiginlega bara að nota táknmál," segir Haukur.



Haukur missteig í þessum fyrsta leik en lét það samt ekki aftra sér. „Fyrst að ég fékk tækifæri til að fara þarna út þá ætlaði ég ekki láta einhver svona meiðsli stoppa mig," segir Haukur sem var þá með hæsta framlag í sínu liði í sigurleik á slóvenska liðið Union Olimpija 89-75. Haukur var með 12 stig, 5 fráköst, 4 stolna bolta og 2 varin skot gegn Slóvenunum. Hann fékk líka óvænt hrós í leikslok.

„Eftir síðasta leikinn kom í fyrsta sinn einhver áhorfandi til mín. Þá kom til mín einhver kona sem klappaði mér á öxlina og sagði: „Bravo." Það var svolítið gaman," segir Haukur sem hefur ekki heyrt frá Ítölunum eftir að hann kom heim. „Það eina sem þjálfarinn sagði mér að gera var að reyna meira sjálfur í sókninni. Það var það eina sem hann setti út á mig nema að hann hafi sagt eitthvað á ítölsku sem ég skildi ekki," sagði Haukur hlæjandi en hann hefur ekki ákveðið hvað hann gerir næst. „Mig langar út í skóla en ég veit ekki hvað ég á að gera því þetta er mjög stórt skref," segir Haukur sem er þó á því að hann geti alveg spilað með þessum strákum. „Við verðum bara að sjá til hvað gerist," sagði Haukur að lokum.

## ÚRSLIT Í GÆR

### *Minningarmót í Svíþjóð:*

Svíþjóð(b)-Ísland 35-27 (18-18)

**Mörk Íslands (skot):** Logi Geirsson 8/3 (12/3), Sigurbergur Sveinsson 4 (5), Sturla Ásgeirsson 4 (8), Róbert Gunnarsson 2 (2), Ásgeir Örn Hall grímsson 2 (5), Aron Pálmarsson 2 (9), Sverre Andreas Jakobsson 1 (1), Ragnar Óskarsson 1 (2), Vignir Svavarsson 1 (3), Þórir Ólafsson 1 (3), Rúnar Kárason 1 (4), Einar Hólmgeirsson 1 (5),
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 10/1 (32/2, 31%), Hreiðar Levý Guðmundsson 4 (17, 24%)
Hraðaupphlaup: 5 (Vignir, Sturla, Róbert, Sverre, Sigurbergur).
**Fiskuð víti:** 3 (Ásgeir 2, Ragnar).
**Utan vallar:** 6 mínútur (Logi Geirsson rautt á 60. mín.)
**Mörk Svíþjóðar:** Oscar Carlén 9, Rasmus Wremer 6, Kristian Meijer 4, Joakim Larsson 3, Patrik Fahlgren 3, Tobias Warvne 3, Albin Tingsvall 2, Kristian Bliznac 2, Fredrik Petersen 2, Niklas Grundsten 1.
**Varin skot:** Johan Sjöstrand 27
**Hraðaupphlaup: 16.**
**Utan vallar:** 2 mínútur

Svíþjóð-Kúvæt 39-18

**LEIKIR Í DAG**

Túnis-Kúvæt
Egyptaland-Svíþjóð (B)

**LEIKIR Á MORGUN**

Ísland-Egyptaland
Svíþjóð-Túnis

**Úrslitaleikirnir** eru síðan á miðvikudaginn.

### *Enska bikarkeppnin*

Gillingham-Aston Villa 1-2
0-1 James Milner (13.), 1-1 Simeon Jackson (47.), 1-2 James Milner, víti (79.).
Southampton-Man. United 0-3
0-1 Danny Welbeck (20.), 0-2 Nani, víti (48.), 0-3 Darron Gibson (81.).

**DRÁTTURINN Í 4. UMFERÐ.**

Liverpool-Everton
Manchester United-Tottenham
Hull/Newcastle-Millwall/Crewe
Sunderland-Blyth/Blackburn
Hartlepool-West Ham
Leyton/Sheff. Utd-Charlton/Norwich
Cardiff-Arsenal
Portsm./Bristol C.-Histon/Swansea
Chelsea/Southend-Ipswich
Cheltenham/Doncaster-Aston Villa
WBA/Peterborough-QPR/Burnley
Torquay-Coventry
Kettering-Fulham
Watford-Leicester/Crystal Palace
Derby-Nottingham Forest
Birmingham/Wolves-Middlesbrough

# Eruð þið tilbúnir í þetta eða ekki?

**Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari var allt annað en sáttur við sjö marka tap á móti b-liði Svía á Minningarmóti um Staffan Holmqvist í gær og vill að menn fari að sýna að þeir eigi heima í landsliðinu.**

**HANDBOLTI** Eftir verðlaun og viðurkenningar í kringum áramótin fékk íslenska karlalandsliðið í handbolta ljótan skell á móti b-liði Svía á Minningarmóti um Staffan Holmqvist í Svíþjóð í gær. Svíarnir unnu sjö marka sigur, 35-28, þar sem það stóð ekki steinn yfir steini í leik íslenska liðsins síðasta þriðjung leiksins.

„Þetta var mjög lélegur leikur af okkar hálfu og það er ekkert hægt að skafa utan af hlutunum með það," sagði Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari.

„Fyrri hálfleikurinn var allt í lagi en hann var ekkert spes. Síðari hálfleikurinn var mjög lélegur og ég er mjög óánægður með leikinn," sagði Guðmundur sem nefndi sérstaklega tapaða bolta íslenska liðsins og hröð upphlaup Svíanna.

„Það eru bara hlutir sem ég er ekki sáttur við varðandi frammistöðuna. Við erum að fá á okkur alltof mikið af hröðum upphlaupum þar sem menn eru ekki að hlaupa nægilega vel til baka. Við fáum á okkur sextán mörk úr hröðum upphlaupum sem er bara fáránlegt. Við erum líka að gera alltof mikið af tæknimistökum eða átján stykki í þessum leik," sagði Guðmundur.

Staðan var 18-18 í hálfleik en Svíar tóku öll völd á vellinum í seinni hálfeik þar sem markvörðurinn Johan Sjöstrand (27 skot varin) og stórskyttan Oscar Carlen (9 mörk) fóru langt með að spila sig inn í HM-hóp Svíanna.

Íslenski landsliðsþjálfarinn leyfði mörgum að spila í gær og skipti ört sérstaklega í seinni hálfleik. „Auðvitað erum við með allt annað lið en við höfum verið að spila með en ég vil fara sjá hjá þessum nýju mönnum, sem eru að koma inn, hvort þeir séu tilbúnir í þetta eða ekki. Við fáum bara svör við því núna," sagði Guðmundur og hann var ekki að hlífa neinum í því samhengi.





**LÍTIÐ SJÁLFSTRAUST** Það var mikið óöryggi í leik þeirra Ragnars Óskarssonar og Einars Hólmgeirssonar gegn b-liði Svía í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Mér fannst stór hluti leikmanna ekki vera tilbúnir í leikinn og þeir voru ekki að fórna sér í þetta eins og þarf að gera. Það vantar einhverja sex menn frá því á Ólympíuleikunum og nú fá aðrir svo sannarlega tækifæri og þá sýna þeir mér og öðrum það núna hvort að þeir séu tilbúnir eða ekki," sagði Guðmundur.

Það má geta sér til um það að Guðmundur hafi hér verið að beina orðum sínum meðal annars til þeirra Ragnars Óskarsson og Einars Hólmgeirssonar sem eru báðir reynslumiklir leikmenn sem mörgum hefur ekki fá alltof mörg tækifæri með landsliðinu.

Innkoma þeirra tveggja í leikinn í gær var allt annað en glæsileg og hvort sem Guðmundur átti við þá eða ekki þá mega þeir vissulega taka þessi orð til sín.

Ásgeir Örn Hallgrímsson átti fínan fyrri hálfleik en gerði mörg mistök í þeim síðari. Það var þó ágætis flæði í leiknum á meðan Ásgeir var inn á og það sást vel þegar bæði Einar Hólmgeirsson og Rúnar Kárason leystu hann af hólmi. Einar og Rúnar gerðu sig seka um að taka mörg léleg skot með litlum árangri og voru báðir fljótlega komnir á bekkinn aftur.

Aron Pálmarsson er ungur að árum og gerði vissulega fullt af mistökum en þegar hann settist á bekkinn var staðan engu að síður 21-20 fyrir Ísland, en Ísland tapaði með átta mörkum, 7-15, þær 23 mínútur sem Ragnar Óskarsson stjórnaði íslenska sóknarleiknum.

Sigurbergur Sveinsson ætlaði hins vegar að nýta sér tækifærið og hann skoraði fjögur góð mörk úr aðeins fimm skotum þrátt fyrir að spila lítið í leiknum.

Næsti leikur íslenska liðsins á mótinu er á móti Egyptum á morgun. „Egyptar eru með frábært lið og við fáum vissulega tækifæri til að bæta okkur á móti þeim," sagði Guðmundur að lokum.

**ooj@frettabladid.is**



**HARÐORÐUR** Guðmundur Guðmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


**Boltinn er hjá okkur!**

**Arsenal West Ham**
30. jan. – 1. feb.
Verð á mann í tvíbýli:
**78.900 kr.**
**Innifalið:** : Flug með sköttum og öðrum greiðslum, Club level-miði á leikinn, gisting í tvær nætur með morgunverði.

**Man. Utd. Everton**
1. – 3. febrúar
Verð á mann í tvíbýli:
**62.900 kr.**
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, miði á leikinn og gisting í tvær nætur með morgunverði.

Fíton/SÍA

Kynntu þér tæmandi lista yfir ferðir á leiki á www.expressferdir.is

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

**Express ferðir**
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


Aston Villa slapp með skrekkinn í 3. umferð ensku bikarkeppninnar í gær:

# Auðveldur útisigur hjá United

**FÓTBOLTI** Englandsmeistararar Manchester United komust auðveldlega áfram í enska bikarnum í gær með 3-0 útisigri á B-deildarliði Southampton en það reynist Aston Villa-mönnum hins vegar erfiðara að slá út Gillingham.

Danny Welbeck kom Manchester í 1-0 eftir 20 mínútur og United var síðan einum manni fleiri eftir að Matt Paterson fékk að líta rauða spjaldið á 36. mínútu eftir skrautlega sólartæklingu á Nemanja Vidic. Nani (víti) og Darron Gibson innsigluðu síðan sigurinn fyrir Manchester sem leyfði sér að hvíla lykilmenn eins og Ronaldo og Wayne Rooney en sá síðarnefndi kom reyndar inn á sem varamaður á 63. mínútu.

„Southampton er með mjög ungt lið og það bjuggust allir við okkar sigri. Við hefðum getað unnið þetta meira sannfærandi en það er ekki hægt annað en vera sáttur við 3-0 sigur," sagði Sir Alex Ferguson sem er ánægður með hinn unga Danny Welbeck sem skoraði fyrsta mark liðsins.

James Milner hélt upp á 23 ára afmælisdaginn með því að skora bæði mörk Aston Villa í 2-1 sigri á Gillingham í fjörugum leik þar sem heimamenn í Gillingham bitu vel frá sér. Sigurmark Aston Villa skoraði Milner úr vítaspyrnu sem Ashley Young fékk.

„Við gátum ekki slakað á í eina mínútu og þeir voru alltaf inni í leiknum," sagði Martin O'Neill, stjóri Aston Villa og viðurkenndi að sigurinn hefði getað fallið hvorum sem var í skaut. **- óój**



**FRAMTÍÐARSTJARNA** Danny Welbeck hjá Man. Utd. NORDICPHOTOS/GETTY



**SJÓMANNABIKARINN** Jón Margeir Sverrisson sést hér með verðlaun sín fyrir að vinna besta afrekið á mótinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýárssundmót fatlaðra í gær:

## Jón Margeir fékk bikarinn

**SUND** Jón Margeir Sverrisson, 16 ára sundmaður úr Ösp, vann besta afrekið á Nýárssundmóti Íþróttasambands fatlaðra fyrir börn og unglinga sem fram fór í Laugardalslauginni í gær. Jón Margeir fékk að launum Sjómannabikarinn sem er ávallt veittur fyrir besta afrekið á þessu árlega móti.

Jón Margeir vann besta afrekið í 50 metra skriðsundi þegar hann kom í mark á tímanum 28.82 sekúndum og fékk fyrir það 676 stig. Stigin eru reiknuð út frá heimsmetinu í greininni sem myndi gefa 1000 stig. Þetta sund Jóns Margeirs lofar góðu fyrir framtíðina og hér er greinilega á ferðinni efnilegur sundmaður. Ragnar Ingi Magnússon varð í öðru sæti og í þriðja sæti og efst kvenna var síðan Ragney Líf Stefánsdóttir frá ÍVARI á Ísafirði.

**- óój**

Fannar Þór Friðgeirsson:

## Snýr aftur í Val

**HANDBOLTI Fannar Þór Friðgeirsson hefur ákveðið að yfirgefa Stjörnuna og snúa aftur til Vals þar sem hann lék áður en hann fór í Stjörnuna í sumar.**

**Fannar Þór er 21 árs skytta sem hefur skorað 5,0 mörk að meðaltali fyrir Stjörnuna í fyrra en hann skoraði 4,6 mörk í leik með Val í fyrra.**

**„Ég er uppalinn Valsmaður. Það kom upp sú staða að öllum samningum var sagt upp í Stjörnunni. Þá fóru menn að ræða framhaldið, Valur og fleiri lið höfðu samband en ég taldi það best fyrir mig að fara aftur í Val," sagði Fannar sem er á leiðinni út með 2012-landsliðinu á mót í Frakklandi.**

**- óój**

# Afar jákvætt og skemmtilegt ár

**Teitur Þórðarson nýtur sín vel hjá Vancouver Whitecaps eftir að hafa unnið USL-1 deildarmeistaratitilinn strax á sínu fyrsta ári hjá félaginu og er þegar farinn að undirbúa titilvörnina fyrir næsta keppnistímabil.**

**FÓTBOLTI** Teitur tók við knattspyrnustjórastöðunni hjá kanadíska félaginu Vancouver Whitecaps í byrjun desember árið 2007 og skrifaði þá undir tveggja ára samning. Teitur byrjaði vel með Whitecaps og skilaði deildarmeistaratitli í hús á sínu fyrsta ári og hann vonast til þess að fá tækifæri til þess að taka þátt í stórum framtíðarplönum félagsins um að ganga í MSL-deildina árið 2011.

„Þetta er búið að vera afar jákvætt og skemmtilegt ár. Þetta átti upphaflega að vera uppbyggingarár hjá Whitecaps þar sem verið var að setja saman nýtt lið þegar ég var ráðinn til félagsins þannig að það var bara enn sætara fyrir vikið að vinna USL-1 deildarmeistaratitilinn strax á fyrsta ári. Ég geri mér reyndar grein fyrir því að væntingarnar fyrir næsta tímabil verða þá enn meiri, en það er bara gaman að því," segir Teitur.



**TITILLINN Í HÖFN** Teitur fagnar eftir að Vancouver Whitecaps hafði tryggt sér USL-1 deildartitilinn. MYND/JOSH DEVINS

### Margir góðir leikmenn

Teitur er þegar farinn að huga að næsta keppnistímabili með Whitecaps sem hefst í apríl og er að vinna hörðum höndum að því að styrkja leikmannahóp sinn. Teitur þekkir vitanlega vel til leikmanna á Norðurlöndum eftir að hafa þjálfað bæði í Noregi og á Íslandi en á síður von á því að leita til leikmanna frá þeim svæðum þar sem framboð góðra leikmanna í Kanada og Bandaríkjunum sé það mikið og að þeir séu ódýrari kostur fyrir Whitecaps.

„Ég fór á svokallað „player-Combine" sem USL-1 deildin stóð fyrir og þar var saman kominn mikill fjöldi leikmanna sem voru allir samningslausir, ýmist eftir að hafa verið hjá félögum í MSL-deildinni bandarísku eða þá nýkomnir úr háskólum og voru að leita sér að nýjum félögum," segir Teitur.

„Við skipulögðum svo aðra slíka samkomu með einu félagi úr USL-1 deildinni þar sem við vorum með svo mikið af fyrirspurnum frá leikmönnum sem vilja koma til okkar. Það er mikið framboð af góðum leikmönnum í Kanada og Bandaríkjunum og því er vænlegra fyrir okkur að fá samningslausa leikmenn þaðan fremur en að kaupa frá Norðurlöndunum. Þó svo að ég hefði viljað fá íslenska eða norska leikmenn þá eru þeir bara of dýrir í samanburði við hina kostina sem við höfum í stöðunni," segir Teitur.



**SIGURSÆLL** Teitur lyftir USL-1 deildartitlinum á loft. MYND/BOB FRID

### Stefnt á MSL-deildina árið 2011

Forráðamenn Whitecaps hafa þegar teiknað upp framtíðarplan til þess að ganga í MSL-deildina árið 2011 en þar koma margir hlutir inn í og ekki er nóg að vera með frambærilegt lið inni á vellinum heldur þarf öll umgjörð í kringum félagið að standast strangar kröfur MSL-deildarinnar.

Þess má til gamans geta að körfuboltakappinn Steve Nash hjá Phoenix Suns er meðal eigenda Whitecaps en bróðir hans, Martin Nash, leikur á miðjunni hjá Whitecaps og er einn öflugasti leikmaður liðsins. Teitur viðurkennir að hann myndi gjarnan vilja taka þátt í framtíðarplönum Whitecaps um að ganga í MSL-deildina en það verði bara að koma í ljós hvernig fer.

„Sæti í MSL-deildinni kostar eitt og sér um 40 milljónir dollara og þess utan þarf að mæta kröfum um stærð á leikvangi, æfingasvæði og á öllu batterínu varðandi rekstrarhliðina. Það er verið að vinna í þessu öllu og meðal annars stefnt að því að byggja nýjan leikvang við höfnina í Vancouver sem mun í fyrstu rúma 15 þúsund manns og gæti síðar rúmað um 30 þúsund manns. Ég játa það að ég væri eflaust tilbúinn að taka þátt í þessu ef tækifæri gæfist. Ég er aðeins lítillega búinn að ræða við stjórnina um framhaldið og það veltur eflaust á því hvernig mun ganga á næsta keppnistímabili hvort ég muni semja áfram við félagið," segir Teitur.



**PRESSA** Teitur gerir sér grein fyrir því að velgengni á síðasta tímabili fylgi meiri væntingar fyrir komandi tímabili. MYND /JOSH DEVINS

**omar@frettabladid.is**

Fréttablaðið skoðar hæsta framlag leikmanna í fyrri hluta Iceland Express deildar karla af þeim sem eiga ekki að baki A-landsleik:

# Verða þeir næstu nýliðarnir í A-landsliði karla?

**KÖRFUBOLTI** Þrír leikmenn í Iceland Express deild karla í körfubolta sem enn eiga eftir að spila fyrir A-landslið karla hafa skilað yfir 20 framlagsstigum í leik til sinna liða í fyrri hluta deildarkeppninnar. Þetta eru þeir Ómar Sævarsson í ÍR, Jón Ólafur Jónsson í Snæfelli og Árni Ragnarsson í FSu. Stjörnumaðurinn Fannar Freyr Helgason er ekki langt undan heldur. Allir hafa þessir leikmenn spilað vel og eru vissulega farnir að banka á landsliðsdyrnar haldi þeir uppteknum hætti.

Hæstur af leikmönnum sem hafa aldrei spilað A-landsleik eru Ómar Sævarsson sem vakti mikla athygli fyrr í vetur þegar hann tók 50 fráköst í tveimur leikjum.

Ómar er 26 ára ÍR-ingur sem spilar bæði sem framherji og miðherji. Ómar er með sjöunda hæsta framlagið í deildinni ásamt Darrell Flake í Tindastól en Ómar hefur skilað 22,0 framlagsstigum í leik. Hér munar miklu um fráköstin en Ómar hefur tekið 13,0 fráköst að meðaltali í leik auk þess að skora 11,2 stig og verja 2,2 skot að meðaltali í leik.



**ÓMAR SÆVARSSON** 26 ára framherji úr ÍR.

Árni Ragnarsson er 21 árs leikstjórnandi FSu-liðsins þar sem hann hefur skilað 20,3 framlagsstigum að meðaltali í leik.

Árni er að láta til sín taka á mörgum sviðum í tölfræðinni en hann er meðal annars með 15,8 stig, 7,3 fráköst og 5,0 stoðsendingar að meðaltali í leik. Árni er mjög mikilvægur FSu-liðinu sem sést vel á því að í þeim eina leik sem hann missti af skoraði liðið aðeins 61 stig og tapaði með 25 stigum en meðalskor liðsins í öðrum leikjum er 87,5 stig.



**ÁRNI RAGNARSSON** 21 árs leikstjórnandi úr FSu.

Jón Ólafur Jónsson er 27 ára framherji hjá Snæfelli og hefur bætt sig mikið á þessu tímabili. Jón Ólafur er að skila 20,1 framlagsstigi í leik en hann er að skora 19,5 stig, taka 8,1 frákast og gefa 3,2 stoðsendingar að meðaltali í leik.



**JÓN ÓLAFUR JÓNSSON** 27 ára framherji úr Snæfelli.

Framlag Jóns Ólafs er Snæfellsliðinu mjög mikilvægt sem sést ekki síst á því að í sigurleikjum liðsins er hann að hitta úr 53,8 prósentum skota sinna en bara 37,8 prósentum skotanna í tapleikjunum.

Stjörnumaðurinn Fannar Freyr Helgason er ekki langt á eftir þessum þremur en þessi 24 ára miðherji hefur skilað 19,0 framlagsstigum að meðaltali í leik. Fannar hefur skorað 12,9 stig og tekið 11,2 fráköst að meðaltali í leik.

Það eru hins vegar níu leikmenn landsliðsins frá því í sumar sem ná ekki 20 framlagsstigum í leik í deildinni það sem af er tímabilsins og nú er að sjá hvort þeir Ómar, Árni, Jón Ólafur og Fannar nái að halda dampi og vinna sér inn sæti í landsliðshópnum hjá Sigurði Ingimundarsyni en framundan eru Smáþjóðaleikar í sumarbyrjun.

**- óój**

### FRAMLAG LEIKMANNA ÁN A-LANDSLEIKS:

| | |
|---|---|
| Ómar Sævarsson, ÍR | 22,0 |
| Árni Ragnarsson, Fsu | 20,3 |
| Jón Ólafur Jónsson, Snæfelli | 20,1 |
| Fannar Freyr Helgason, Stjörn. | 19,0 |
| Vésteinn Sveinsson, Fsu | 16,5 |
| Darri Hilmarsson, KR | 14,6 |
| Ísak Einarsson, Tindastóll | 12,6 |
| Halldór Halldórsson, Breiðabliki | 12,3 |
| Hjörtur Hrafn Einarss., Njarðvík | 12,3 |
| Rúnar Ingi Erlingss., Breiðabliki | 12,0 |



> Rachel Griffiths

„Leikstjóri færir þér annan heim þar sem leikararnir segja þér söguna.“
Griffiths leikur í þættinum Comanche Moon sem Skjár einn byrjar að sýna í kvöld.

# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ HÓLMFRÍÐUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR TRÚIR Á MÁTT RADDARINNAR

## *Ljúfar raddir svartra vetrarmorgna*

Tveir árrisulir raddfagrir Kristjánar hafa átt sinn þátt í að varpa ljúfu ljósi inn í annars kolsvart skammdegið hjá mér. Afslappaður hljómur raddar Kristjáns Sigurjónssonar, ritstjóra Morgunvaktarinnar á Rás 1, ber með sér ró, frið og yfirvegun. Svolítið eins og hann liggi sjálfur enn þá makindalega í bælinu, með fyrsta kaffibolla dagsins í hendi, og lesi pistla sína þaðan. Þegar hann rifjar upp hryllilegar fréttir um stríð í framandi löndum, og spillingu í okkar eigin, klappar rödd hans manni á öxlina um leið og segir „svona svona, þetta er nú ekki svo slæmt“. Slíkir hæfileikar hafa aldrei verið dýrmætari. Kollegi hans, tónlistarmaðurinn Kristján Kristjánsson, fylgir svo fast á hæla nafna síns. Þegar ég í hendingskasti hleyp út í bíl, fimm mínútum fyrir daglegan morgunfund, ósofin með stírur í augum og þoku fyrir heilanum, er gott að hitta KK fyrir í bílnum. Eilítið hás, vinaleg og stundum stráksleg rödd hans hefur margsinnis bjargað mér frá áleitnum bölmóðshugsunum haustsins. Hann tekur rúntinn með mér upp Miklubrautina andstyggilegu, sem verður eins og huggulegur sveitavegur undir ljúfum tónum KK. Nú er daginn aftur tekið að lengja með nokkrum mínútum til viðbótar af vel þeginni birtu. Í ljósi áhrifa Kristjánanna á mig er ég ekki frá því að ráð væri að bæta við kafla í neyðarlögin okkar nýju. Útvarpsþulir skuli hafa hljómþýðar raddir sem gleðji og rói hlustendur, láti þeim líða betur í sálinni og öðlast trú á bjarta framtíð. Æstar og ofurhressar raddir, svo ekki sé talað um móðursýkislegar nöldurraddir, ætti umsvifalaust að gera útlægar úr útvarpi. Allt í þágu geðheilsu þjóðarinnar.



## EKKI MISSA AF



▶ **19.55** Blyth Spartans - Blackburn, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.05** Men in Trees STÖÐ 2



▶ **21.15** Sporlaust (Without a Trace) SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30** Good Years STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50** CSI. New York SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hanna Montana** (16:26) (e)
**17.53 Sammi**
**18.00 Kóalabræðurnir**
**18.12 Herramenn**
**18.25 Út og suður** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Uppgangur mannsins** (The Rise Of Man) (1:2) Frönsk heimildamynd í tveimur hlutum þar sem rakin er saga siðmenningar frá upphafi til okkar daga.
▶**21.15 Sporlaust** (Without a Trace) (13:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk: Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano og Eric Close.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Ævintýri - Geiturnar þrjár** (4:4) (Fairy Tales: Billy Goat) Í þessari bresku sjónvarpsmynd er ævintýrið sígilda um geiturnar þrjár fært í nútímabúning. Strákahljómsveitin Geiturnar hefur tröllið Grettongrat sem umboðsmann. Þeir eru vinsælir á Norður-Englandi og sækjast eftir meiri frægð og frama en þar er umboðströllið á öðru máli. Leikstjóri er Euros Lyn og meðal leikenda eru Paul Nicholls, Mathew Horne, Nick Mohammed og Bernard Hill. (e)
**23.15 Áramótaskaup Sjónvarpsins** (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.50 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Murderball**
**10.00 Jimmy Neutron. Boy Genius**
**12.00 On A Clear Day**
**14.00 Murderball**
**16.00 Jimmy Neutron. Boy Genius**
**18.00 On A Clear Day**
**20.00 Irresistible** Hörkuspennandi sálfræðitryllir með Susan Sarandon og Sam Neill í aðalhlutverkum.
**22.00 The Mudge Boy**
**00.00 Ghost Rig**
**02.00 Jagged Edge**
**04.00 The Mudge Boy**
**06.00 John Tucker Must Die**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stóra teiknimyndastundin, Gulla og grænjaxlarnir, Lalli, Ruff's Patch og Ofurhundurinn Krypto.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (223:300)
**10.30 The Celebrity Apprentice** (5:13)
**12.00 Project Runway** (2:15)
**12.45 Neighbours**
**13.10 Dawn Anna**
**14.50 Notes From the Underbelly**
**15.15 ET Weekend**
**16.00 Galdrastelpurnar**
**16.25 Leðurblökumaðurinn**
**16.45 Justice League Unlimited**
**17.10 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.20 Lalli**
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.24 Veður**
**19.30 The Simpsons** (2:23) Hómer áttar sig á því að hann er að verða miðaldra og ákveður að verða næsti Thomas Edison.
**19.55 Friends** (8:24) Við sýnum nú vel valinn þátt af Vinum.
**20.20 Extreme Makeover. Home Edition** (13:25) Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni.
▶**21.05 Men in Trees** (13:19) Önnur þáttaröðin um indæla sambandssérfræðinginn og rithöfundinn Marin Frist sem hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Hún virðist hafa fundið hinn eina sanna, Jack, sem er hlédrægur en afar heillandi og myndarlegur maður.
**21.50 Journeyman** (13:13)
**22.35 The Unit** (22:23)
**23.20 The Californians**
**00.45 Rupert's Land**
**02.20 Medium** (16:22)
**03.05 Dawn Anna**
**04.30 Men in Trees** (13:19)
**05.15 The Simpsons** (2:23)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Æfingamót í Svíþjóð** Útsending frá leik Íslands og Svíþjóðar á æfingamóti sem fram fer í Svíþjóð.
**17.55 NFL-deildin** Útsending frá leik Miami og Baltimore í NFL-deildinni.
▶**19.55 Enska bikarkeppnin** Bein útsending frá leik Blyth Spartans og Blackburn í ensku bikarkeppninni.
**22.00 Ensku bikarmörkin 2009** Sýnt frá öllum leikjum umferðinnar í enska bikarnum og öll helstu tilþrifin skoðuð.
**22.30 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.
**23.00 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
**23.45 Enska bikarkeppnin** Útsending frá leik Blyth Spartans og Blackburn í ensku bikarkeppninni.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.15 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**17.45 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**18.45 PL Classic Matches** Arsenal - Manchester Utd, 2001. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**19.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. Utd og Middlesbrough.
**21.00 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**22.00 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**22.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Arsenal og Portsmouth.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**07.15 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti. (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.35 Vörutorg**
**18.35 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.
**19.20 Charmed** (15:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kyngimagnaðar örlaganornir. Billie finnur loks systur sína, Paige fær óvænt bónorð og Piper hittir gamlan kærasta. (e)
**20.10 Comanche Moon** (1:3) Glæný míniséría í þremur hlutum sem byggð er á sögu eftir Larry McMurtry og er undanfari eins frægasta vestra sjónvarpssögunnar, Lonesome Dove.
▶**21.50 CSI:New York** (20:21) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Maður sem var grunaður um að vera hinn morðóði leigubílstjóri finnst látinn en Mac er ekki sannfærður um að hann sé rétti maðurinn. Tekst honum að finna morðingjann áður en næsta fórnarlamb liggur í valnum?
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 Dexter** (8:12) Þriðja þáttaröðin um dagfarsprúða morðingjann Dexter Morgan sem drepur bara þá sem eiga það skilið. Miguel bendir Dexter á nýtt fórnarlamb og nú vill hann taka þátt í morðinu. Rita hefur áhyggjur og Debra grefur upp leyndarmál. (e)
**00.20 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Útsalan
# er hafin

verðlistinn v/laugalæk • sími: 553 3755

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.50**

### Journeyman - lokaþáttur



Dan Vassar er hamingjusamur fjölskyldufaðir og lífið virðist leika við hann. Líf hans tekur skyndilega stakkaskiptum þegar hann öðlast hæfileika til þess að ferðast aftur í tímann og til baka.
Í þessum lokaþætti af Journeyman þarf Dan að eiga við mann sem segist vera tímaflakkari. Katie finnur blóðslettur í húsinu og telur að Dan hafi særst aftur.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Comanche Moon - NÝTT**

**Skjár einn kl. 20.10.**

Ný míniseria í þremur hlutum sem byggð er á frægri sögu eftir Larry McMurtry og er undanfari eins frægasta vestra sjónvarpssögunnar, Lonesome Dove. Aðalsöguhetjurnar eru þær sömu og í Lonesome Dove, tveir laganna verðir í Texas, sem nú elta uppi þrjá eftirlýsta útlaga. Aðalhlutverk: Val Kilmer, Rachel Griffiths, Steve Zahn, Linda Cardinelli og Carl Urban.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Gæludýrin
**15.30** Miðdegistónar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.26** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Lárétt eða lóðrétt
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Ársól
**23.05** Á tónsviðinu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (95:260)
**16.30 Hollyoaks** (96:260)
**17.00 Seinfeld** (15:24)
**17.25 E.R.** (18:25)
**18.10 My Boys** (14:22)
**18.30 20 Good Years** (3:13)
**19.00 Hollyoaks** (95:260)
**19.30 Hollyoaks** (96:260)
**20.00 Seinfeld** (15:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.
**20.25 E.R.** (18:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**21.10 My Boys** (14:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.
▶**21.30 20 Good Years** (3:13) Frumlegir og ferskir gamanþættir um John Mason og Jeffrey Pyne sem eru eins og ólíkir og hugsast getur. Það eina sem þeir eru sammála um er að þeir eiga tuttugu ár eftir ólifuð og eru staðráðnir í því að nýta þau til hins ítrasta. Með aðalhlutverk fara John Lithgow og Jeffrey Tambor úr Arrested Development.
**22.00 Cold Case** (1:23)
**22.45 Mad Men** (3:13)
**23.30 Sjáðu**
**23.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Gestur kvöldsins er Össur Skarphéðinsson alþingismaður.
**21.00 Í nærveru sálar** Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Marga Thome, prófessor í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, ræðir um fæðingarþunglyndi.
**21.30 Á réttri leið** Katrín Júlíusdóttir alþingismaður stýrir þætti um þjóðfélagsmál.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** 21 Søndag **11.45** Aftenshowet **12.15** Landsbyhospitalet **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Braceface **15.55** Oggy og kakerlakkerne **16.00** Rejsen til Mars **16.15** Robotboy **16.30** Den travle by **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Guld og grønne skove **19.00** Hammerslag **19.30** Stemmer fra opgangen **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Hercule Poirot **22.35** Livvagterne

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Vår aktive hjerne **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Typisk norsk **14.00** NRK nyheter **14.05** Par i hjerter **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Mikkes klubbhus **17.25** Jeg og sjiraffene **17.30** Vera venneløs **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Bedre puls **19.15** Stormsurfing ved Stad **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.35** Berlinerpoplene **21.25** Safari spesial **22.00** Kveldsnytt **22.15** Inspektør Lynley **23.05** Inspektør Lynley

## SVT 1

**12.05** Så vit som en snö **14.40** Gomorron Sverige **15.30** Minnenas television **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Prinsessa på väg **18.10** Backhoppning med susp **18.15** Anslagstavlan **18.20** Inför Guldbaggen 2009 **18.30** Rapport med A-ekonomi **18.45** Rameldags igen **19.00** Sportens årskrönika **20.00** Eva Rydberg - 50 år på scenen **21.00** Necrobusiness **21.50** Klienten **23.50** Tunneltankar **00.20** Min morbror tyckte mycket om gult **00.30** Ishockey **03.00** Sändningar från SVT24


HAUSTNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í FEBRÚAR

# Nám fyrir skapandi tónlistarmenn

- í samstarfi við Digidesign framleiðanda Pro Tools

PRO TOOLS



**TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA - "DIGIDESIGN (PRO TOOLS) SPONSORED SCHOOL".**

Lærðu að nota nútíma upptökutækni til að taka upp, útsetja og hljóðblanda tónlistina þína. Þeir Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson (Todmobile), Vignir Snær Vigfússon (Írafár) og Markús Leifsson (Sertified Pro Tools Operator) kenna ferlið hvernig hugmynd af lagi verður að fullunnri afurð tilbúinni til útgáfu eða spilunar í útvarpi með notkun Pro Tools hljóðupptöku forritsins. Markús leiðir menn í gegnum Pro Tools fræðin í fullkominni tölvustofu þar til menn eru tilbúnir í að taka alþjóðlegu Pro Tools gráðurnar 101 og 110.

Þorvaldur Bjarni sýnir mönnum inn í heim tónsmíðanna og kennir nemendum að hljóðblanda lögin sín, hvernig maður notar EQ, Compressor og hljóðeffekta til að draga það besta fram í hverri upptöku í fullkomnu hljóðveri skólans.
Vignir Snær kennir mönnum hvernig forritin Melodine og Reason eru notuð til að útsetja og laga til upptökur að hugmyndum lagasmiðsins eða hljómsveitarinnar. Farið er í helstu míkrafónstaðsetningar fyrir t.d. trommuupptökur, gítarupptökur, söngupptökur o.s.f.

**VEITIR RÉTT TIL FRAMHALDSNÁMS**

Teknar eru tvær viðurkenndar gráður í Pro Tools hljóðupptöku- forritinu (101 og 110) sem veita rétt á framhaldsnámi erlendis. Þar fara menn í Pro Tools 201 og 210 sem gerir menn að viðurkenndum "Pro Tools Operator". Það gefur möguleika á störfum hér og erlendis í hljóðverum og kvikmyndaverum.

**NÝJUNG!**

Í miðju námskeiðsins gefst nemendum tækifæri á að eyða 3 dögum með þeim Þorvaldi Bjarna, Vigni Snæ, Magnúsi Þór Sigmundssyni við laga og textasmíðar auk þess mun Guðmundur Jónsson (Sálin) leggja hönd á plóginn og miðla af reynslu sinni. Afrakstur þessara vinnutarnar verður svo notað sem efni í náms og útsetningarferli seinni hluta námsins. Lögin verða svo boðin útgefendum til notkunar fyrir listamenn sýna og fá menn þannig innsýn inn í ferlið hvernig lagasmiðir koma efni sínu á framfæri.

Þetta fimmta árið sem Tónvinnslunámskeiðið er haldið og hafa um 160 manns tekið þátt. Margir hafa haldið beint áfram í framhaldsnám erlendis meðan aðrir hafa hafið störf sem skapandi tónlistarmenn á eigin spítur.

**Námskeiðin hefjast í febrúar.**

**Skráningar í síma 534 9090 eða á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is**

digidesign PRO TOOLS

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Ég er mest í jógakennslu núna og með þannig lög; flaututónlist frá amerískum indjánum eða asíska chant-tónlist. Þegar ég æfi sjálfur hlusta ég mest á taktfasta elektró-tónlist, oft eins til tveggja tíma langar seríur sem ég fæ af netinu. DJ Sasha til dæmis.“*

Brynjúlfur „Billi“ Jónatansson líkamsræktarþjálfari.

# Mamma Mia! í 29 þúsund eintökum

DVD-útgáfa söngvamyndarinnar Mamma Mia! seldist í 29 þúsund eintökum fyrir jólin.

Þar með er hún orðin söluhæsta DVD-myndin frá upphafi á Íslandi. „Við bjuggumst við 25 til 30 þúsundum og þetta er alveg á því róli. Þetta er bara frábært og stendur fyllilega undir væntingum,“ segir Halldór Sigurbjörn Guðjónsson, sölustjóri Myndforms. „Það koma tvö þúsund stykki núna rétt eftir áramót því hún er uppseld eins og er.“

Næstvinsælasta DVD-útgáfan var Laddi 6-Tugur sem seldist í um 23 þúsund eintökum. „Við tókum fimmtán þúsund í upphafi og héldum að við værum að skjóta aðeins yfir markið. En þetta er titill sem selst allt árið um kring og hann er svo ofboðslega vinsæll hann Laddi,“ segir Konstantin Mikaelsson, yfirmaður kvikmyndadeildar Senu, „Svo var salan það gríðarlega mikil að við bættum við tíu þúsundum.“

Þriðja vinsælasta myndin var The Dark Knight sem seldist í um sextán þúsund eintökum. „Hún seldist þrisvar upp hjá okkur og við þurftum að panta hana aftur og aftur. Við vissum að hún yrði stór en ekki svona stór,“ segir Ómar Friðleifsson hjá Sam-myndum.

Númer fjögur var Brúðguminn sem seldist í um þrettán þúsund eintökum og teiknimyndin Kung Fu Panda í fimmta sæti með tólf þúsund.

Loks seldist Dagvaktin í um tíu þúsund eintökum, sem er mun minna en Næturvaktin seldist fyrir síðustu jól, sem voru sextán þúsund eintök. „Það var auðvitað mikið nýjabrum í kringum Næturvaktina. Þegar önnur sería kemur er alltaf minni spenningur. Auðvitað hefðum við viljað selja meira en þetta var ekkert langt frá okkar væntingum,“ segir Konstantin **- fb**




**MAMMA MIA!** Söngvamyndin vinsæla hefur slegið öll met hér á landi sem og annars staðar.



**LÁRÉTT**
**2.** planta, **6.** líka, **8.** óvild, **9.** viljugur, **11.** 2000, **12.** þvílíkt, **14.** leikur, **16.** hvað, **17.** keraldi, **18.** hylli, **20.** stöðug hreyfing, **21.** högg.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hróss, **3.** klafi, **4.** nútími, **5.** angan, **7.** bungast, **10.** sigti, **13.** bar, **15.** rella, **16.** rámur, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** mosi, **6.** og, **8.** kal, **9.** fús, **11.** mm, **12.** slíkt, **14.** parís, **16.** ha, **17.** ámu, **18.** ást, **20.** ið, **21.** stuð.

**LÓÐRÉTT: 1.** lofs, **3.** ok, **4.** samtími, **5.** ilm, **7.** gúlpast, **10.** sía, **13.** krá, **15.** suða, **16.** hás, **19.** tu.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á síðu 8

1. 3.300.
2. Guðjón Valur Sigurðsson.
3. 130.

**HENDRIK LÖVECHALL:** ÓÁSÆTTANLEG STAÐA ÍSLENSKRA LÍFEYRISÞEGA

# Danskir listamenn safna fyrir bágstadda Íslendinga

Stærsta rokksveit Dana, Disneyland after Dark eða D-A-D, er á leið til Íslands og mun halda styrktartónleika fyrir Íslendinga í Danmörku á Nasa 24. janúar. D-A-D var til langs tíma sú hljómsveit sem sló lokapunktinn á Hróarskelduhátíðina og þekkja hana margir Íslendingar.

D-A-D og ýmsir aðrir listamenn hafa staðið fyrir uppákomum og safnað fé handa Íslendingum í nauðum í Danmörku og hafa nú þegar íslenskir ellilífeyrisþegar og námsmenn þegið átta milljónir vegna verkefnsins. Félagsskapurinn kallar sig „Because we care“. Henrik Lövschall skólastjóri er í forsvari fyrir samtökin sem hafa aðsetur sitt í Íþróttaháskólanum í Árósum. Hann segir, í samtali við Fréttablaðið, verkefnið þannig til komið að Arnar Árnason, íslenskur lagahöfundur, sem nam við háskólann í Árósum, samdi lag sem þekktur danskur listamaður, Paul Krebbs, hreifst af. Það fylgdi sögunni að hinn íslenski námsmaður hefði þurft að hætta námi vegna efnahagsþrenginga. Þá fór boltinn að rúlla og hlóð hratt utan á sig. Auk tónlistarmanna hafa þrír danskir listamenn gefið verk sem selja á á uppboði en áætlað verðmæti er ein og hálf milljón íslenskra króna.

Samtökin afhentu sjö ellilífeyrisþegum fimm þúsund krónur danskar fyrir jólin og segir Henrik að hann hefði aldrei getað ímyndað sér hversu bágar aðstæður þeirra voru. „Maður fær hreinlega í magann við að hugsa um það,“ segir Henrik. Hann segist hafa fengið urmulinn allan af tölvupósti frá fólki sem þakkar samtökunum fyrir stuðninginn. Og Henrik hvetur önnur norræn lönd til að bindast tryggðaböndum til að hjálpa Íslendingum. „Það er alveg merkilegt hvað býr mikill kraftur í þessum löndum þegar þau taka sig saman.“

Grímur Atlason, sveitarstjóri í Dalabyggð, hefur milligöngu um tónleika D-A-D ásamt Páli Eyjólfssyni og Svavari Gestssyni sendiherra. Grímur furðar sig á máttleysi Lánasjóðs íslenskra námsmanna og telur snautlega að neyðarstyrkjum staðið. „Fráleitt er að koma fram við íslenska námsmenn eins og þeir séu einhverjir óreiðumenn. Og að danskir popparar og listamenn sjái sig knúna til að koma Íslendingum í Danmörku til bjargar er, já, sérstakt,“ segir Grímur Atlason og vísar þar til orða Gunnars I. Birgissonar sem er formaður stjórnar LÍN.

jakob@frettabladid.is
freyrgigja@frettabladid.is



**JESPER BINZER SÖNGVARI OG GÍTARLEIKARI D-A-D** Dönskum listamönnum rennur til rifja hve bágt Íslendingar í Danmörku eiga og er D-A-D nú á leið til landsins til að halda styrktartónleika fyrir þennan hóp. NORDICPHOTOS/GETTY

**FRÉTTIR AF FÓLKI**



DVD-diskurinn Trixin í takkaskónum þar sem landsliðskonan **Margrét Lára Viðarsdóttir** sýnir knattfimi sína hitti heldur betur í mark hjá landanum fyrir jólin. Diskurinn seldist í fjögur þúsund eintökum sem þykir sérdeilis góð byrjun á diski sem þessum. Talið er að salan eigi eftir að halda áfram jafnt og þétt á árinu og jafnvel taka kipp þegar grasið fer að grænka í vor og ungar knattspyrnustúlkur draga fram takkaskóna sína.

Væringar halda áfram í kraftlyftingageiranum og þannig var það á fyrsta degi ársins að tölvuþrjótar brutust inn á vefinn kraftaheimar.net og eyddu þar öllu efni. Eitthvað hefur þó tekist að endurheimta. Vefurinn er einn sá vinsælasti meðal þeirra sem stunda lyftingar og kraftaíþróttir en honum hefur Kári „köttur“ Elísson haldið úti um nokkurt skeið. Kári, sem og fleiri í stjórn kraftlyftingasamtakanna Metall, hafa kært hótanir og það að brotist var inn í g-mail Kára og sendur út póstur í hans nafni – eins og Fréttablaðið hefur greint frá.



**Björn Leifsson** og hans fólk í World Class hefur náð að koma af stað eins konar líkamsræktarvakningu meðal starfsfólks Ríkisútvarpsins. Í október bauð hann starfsfólki þar á bæ og mökum þess ókeypis líkamsræktarkort gegn því skilyrði að fólk mæti einu sinni í viku til að hreyfa sig. Að öðrum kosti greiða þeir sem taka þátt fullt mánaðargjald. Þeir sem sækja World Class í Laugum þessa dagana geta næstum því gengið út frá því sem vísu að rekast á eitthvað af sjónvarpsstjörnum Ríkisútvarpsins eða fólk á borð við **Matthías Má Magnússon** á Rás 2.



**-fb, jbg, hdm**






**Til leigu**
**iðnaðarhúsnæði**
Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórum innkeyrsluhurðum með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ (hverfið á móti IKEA). Laust nú þegar.

**Upplýsingar í síma 480-0000**

# Björk á heilsuhæli í Litháen

Björk Guðmundsdóttir fékk hnút á raddböndin á eftirminnilegum Náttúrutónleikum sínum í Laugardal í sumar. Hún hefur síðan glímt við erfiðleika með rödd sína og ekki náð fullum bata. Þetta kom fram áramótaviðtali hennar við Ævar Kjartansson á Rás 1.

Björk segir í viðtalinu frá því að þetta sé í fyrsta skipti sem hún hafi fengið hnút á raddböndin. Hún hafi þó náð að klára tónleikana með herkjum. Björk segist hafa farið til Englands daginn eftir Náttúrutónleikana þar sem hún dvaldist næstu tvær vikurnar og hitti sérfræðinga og lækna til að reyna að fá meina sinna bót. Eftir það dvaldist hún á heilsuhæli í Litháen, „af öllum stöðum,“ eins og hún orðar það sjálf. „Og sat þar bara og mátti ekki tala. Var bara með svona blokk að skrifa allt niður, meira að segja við dóttur mína,“ sagði Björk.

Björk segir að til allrar hamingju þurfi hún ekki að fara í aðgerð vegna þessa. Hún er aftur á móti á leið til New York í sérstaka þjálfun til „sönglæknisins“ síns.

Í umræddu viðtali, sem heyra má á ruv.is, segir Björk jafnframt að á þessum tíma hafi henni gefist ráðrúm til að sinna öðrum hugðarefnum sínum. Það á hún við eftirtektarvert starf sitt við að hlúa að nýsköpun á erfiðum tímum hér á landi. **- hdm**



**NÁTTÚRUTÓNLEIKAR Í LAUGARDAL** Björk fékk hnút á raddböndin á Náttúrutónleikunum og dvaldi um tíma á heilsuhæli í Litháen. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Breyttur og bættur tækjasalur

# Nýárstilboð
# í tækjasal Heilsuakademíunnar

## Taktu æfingafélaga með þér í tækjsalinn og þið greiðið aðeins 2.990 kr. á mann á mánuði*

### Herþjálfun
Egilshöll / Lækjarskóla Hfj.
Ein árangursríkasta og skemmtilegasta þjálfun sem völ er á. Eini sérútbúni herþjálfunarvöllur landsins.

### Afró
Egilshöll
Kraftmiklir danstímar fyrir fólk á öllum aldri. Frábær útrás fyrir hið daglega amstur.

### Lífsstílsnámskeið
Egilshöll
Fjölbreytt og persónuleg þjálfun fyrir konur. Góð fræðsla og mikið aðhald.

### Karlapúl
Egilshöll
Fjölbreytt þjálfun fyrir karla á öllum aldri.

### Fit-Pilates
Egilshöll / Lækjarskóla Hfj.
Enginn hamagangur en virkilega vel tekið á, gefur langa og fallega vöðva.

### Gymstick
Egilshöll
Gymstick er fjölnota líkamsræktartæki, þar æfir þú þol og styrk og kemur brennslunni á fullt.

### Pole Fitness
Egilshöll
Í fyrsta sinn á Íslandi. Alþjóðlegt líkamsræktarkerfi. Frábær líkamsrækt þar sem dansi, styrk og úthaldi er blandað saman.

### Jump Fit
Egilshöll
Æfingakerfi með sippuböndum. Þjálfar alla vöðva líkamans og því ein öflugasta þolþjálfun sem völ er á.
Nýtt!

### Mömmuþrek
Egilshöll
Í form eftir barnsburð. Fjölbreyttar æfingar í góðum félagsskap.

### Rope Yoga
Egilshöll
Heildrænt heilsuræktarkerfi sem sameinar hug, líkama og sál.

### Sundskóli
Lágafellslaug / Mosfellsbæ **2-5 ára**
Sundkennsla fyrir 2-5 ára börn. Frábær undirbúningur fyrir skólasundið.

### Tarzan fyrir börnin
Egilshöll **5-10 ára**
Tími fyrir börnin á hinum eina sanna Tarzanvelli þar sem krakkar geta hangið, klifrað og hoppað undir leiðsögn þjálfara.

### Dansskóli Birnu Björns
Egilshöll og Lækjarskóla Hfj. **6-15 ára**
Freestyle, Jazzballet, Hip Hop og söngleikjadans fyrir börn og unglinga.

### Breakdans
Egilshöll **7-15 ára**
Natasha kennir breakdans frá götum New York borgar. „The Basic Break moves."

### Hip Hop
Egilshöll **13-19 ára**
Það allra nýjasta og ferskasta í Hip Hop dansinum í dag.
Nýtt!

### Eitt Líf
Egilshöll **9-13 ára**
Skemmtileg og uppbyggileg námskeið fyrir börn yfir kjörþyngd.

**sími: 594 9666 - www.heilsuakademian.is**

Heilsuakademían býður upp á frábæran tækjasal, opna tíma, einkaþjálfun og landsins mesta úrval námskeiða.
Næstu námskeið hefjast 12. janúar í Egilshöll og Íþróttahúsi Lækjarskóla Hafnarfirði.



Næstu námskeið hefjast 12. jan.




Heilsuakademían er aðili að Frístundakorti ÍTR

heilsuakademían
*Hreyfing, heilbrigði, skemmtun*
*www.heilsuakademian.is - sími: 594 9666*

* Miðað við 12 mánaða skuldbindingu

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR — SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar

## Af dugnaði

Skömmu eftir að Geir bað Guð um að blessa þjóðina var farið að tala um vöruskort. Mér fannst sjást þess merki um tíma, til dæmis í dömubindarekkunum í Krónunni. Ég óttaðist að þurfa að fara að kaupa bómul og rúlla sjálf. Á kvöldin þegar ég var að reyna að sofna birtist mér draugur framtíðar og það alversta sem hann gat gert mér í hugarlund var að ég ætti ekki eftir að geta klætt börnin mín í sæmileg föt. Þeim yrði kalt. Þeir fengju naglakul og lærðu aldrei að tala skýrt fyrir tannaglamri.

**ÉG** var því býsna ákveðin þegar ég bað manninn minn um að koma með á barnafataútsölu í Polarn o Pyret í Kringlunni á laugardagsmorgun. „Ef við verðum ekki komin kl. 10 getum við bara sleppt þessu!" sagði ég. Hann hló en leyfði mér samt að ráða. Klukkuna vantaði tvær mínútur í tíu þegar við mættum og um leið og maðurinn minn sá þessar þrjátíu konur sem þá þegar höfðu stillt sér upp við verslunardyrnar áttaði hann sig á alvöru málsins. Þetta var eina búðin í Kringlunni sem setið var um. Fram að opnun fór ég í huganum yfir stystu leiðir að flíkunum sem ég hafði gert lista yfir. Sá sem ekki útbýr lista kaupir bol í stað stígvéla, sokka í stað axlabanda.

**ÞETTA** er útsalan sem fær keppnisskapið til að gjósa upp í mér og þegar ég heyrði konu segja kæruleysislega við aðra að hún væri „bara að fara að kaupa á barnabörnin" lá við að ég bæði um að henni yrði vísað burt. Þetta er ekkert „bara" neitt! Framtíð barnanna okkar er í húfi! Búðin var opnuð og ég öslaði í gegnum þvöguna að réttum hillum, greip flíkur í nokkrum númerum að velja úr, lét börnin máta, ráðfærði mig við eiginmanninn og fékk hann svo til að stilla sér upp í röð á meðan ég lauk við að velja restina. Við unnum saman eins og einn maður og lukum þessu á 24 mínútum. Ekkert naglakul hjá okkur.

**ÞAÐ** rifjaðist upp fyrir mér að fyrir jól höfðu fréttamenn spurt afgreiðslukonur hvort þjóðin keypti jafnmikið og fyrir ári. Þær héldu það nú: „Heyrðu, Íslendingar hafa verið mjög duglegir en ekki bara þeir því hingað kemur líka fullt af útlendingum og þeir hafa líka verið mjög duglegir." Ég hafði höggvið eftir því að orðið „duglegir" var notað í þessu sambandi og fundist það skrítið en þarna klukkan 10.24 þegar ég gekk aftur út úr Kringlunni sveiflandi innkaupapoka fékk ég á tilfinninguna að ég hefði einmitt verið mjög mjög mjög dugleg.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 5. janúar, 5. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.14 | 13.33 | 15.53 |
| Akureyri | 11.25 | 13.18 | 15.11 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR SJÓNVÖRP MYNDAVÉLAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

Ideline töfrasproti – Verð áður kr. 2.995 – Nú kr. 995
OBH úr með púlsmæli – Verð áður kr. 12.995 – Nú kr. 6.995
Philips stál brauðrist – Verð áður kr. 6.995 – Nú kr. 3.995
Philips LCD sjónvörp með allt að 200.000 kr. afsl.
Panasonic Plasma sjónvörp með allt að 30% afsl.
Whirlpool 6kg/1400sn þvottavél – Verð áður kr. 124.995 – Nú kr. 89.995 – Íslenskt stjórnborð/Íslenskur leiðarvísir
Whirlpool þurrkarar með miklum afslætti

Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti

Sjá allt úrvalið á ht.is

Heimilistæki
www.ht.is

TAKMARKAÐ MAGN
Fyrstur kemur – fyrstur fær!

REYKJAVÍK: SUÐURLANDSBRAUT 26, SÍMI 569 1500
AKUREYRI: GLERÁRGÖTU 36, 460 3380
HÚSAVÍK: GARÐARSBRAUT 18A, 464 1600
SELFOSS: EYRARVEGI 21, 480 3700

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic UNITED BEKO DeLonghi elna exido
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani OBH NORDICA indesit VESTFROST Whirlpool